18




22




32




# Bændablaðið

19. tölublað 2015 ● Fimmtudagur 8. október ● Blað nr. 452 ● 21. árg. ● Upplag 32.000



Stóðréttir í Laufskálarétt í Skagafirði. Hér er Halldór Steingrímsson, bóndi í Brimnesi í Skagafirði að reyna að fullvissa sig um eignarhaldið. – Sjá umfjöllun og myndir á bls. 7

Mynd / MÞÞ

## Veirufræðingur gagnrýnir nýjan tollasamning Íslands við ESB:

# Varar við smithættu af kjötinnflutningi

### – Vísar til reynslunnar innan ESB og skort á vitneskju um uppruna kjötsins

**Margrét Guðnadóttir veirufræðingur gagnrýnir harðlega nýjan tollasamning Íslands við Evrópusambandið í innsendri grein á bls. 46 í Bændablaðinu í dag. Hún telur mikla áhættu fólgna í „frjálsum“ innflutningur á búvöru og jafnvel lifandi dýrum frá Evrópusambandslöndunum 28.**

„Enginn ræðir um áhættuna sem þessum innflutningi getur fylgt, bæði fyrir fólk og fénað hér,“ segir Margrét sem á að baki langa starfsævi í sýklafræði. Hún segir að athuga þurfi vandlega áður en anað er út í óvissuna.

„Því miður eru útflutningsreglur Evrópusambandsins ekki sóttvarnarreglur heldur snúast þær eingöngu um frjáls viðskipti innan þess, og líka til útflutnings frá því. Ef 60% vörusendinga eru framleidd í landi sem skráð er útflutningsland má sá útflytjandi bæta í sendinguna 40% frá öðru Evrópusambandslandi. Þannig tókst þýskum útflytjanda fyrir nokkrum árum að flytja til Bretlands hrossakjöt úr allt öðru landi sem þýskt nautakjöt.“

*Vottað kjöt sýkt af salmonellu*

„Svíar og Finnar rannsökuðu með ræktunum innflutt kjöt frá Evrópusambandinu fyrst eftir inngöngu þessara landa í það. Þá ræktuðust í báðum löndum salmonellur úr 20% sýnanna, úr sendingum sem voru vottaðar hreinar í útflutningslandinu.“

Bendir Margrét t.d. á hænsnaræktina hér á landi og að hér á landi hafi veri miklu betur fylgst með salmonellu í hænsnabúum en gert er í nágrannalöndunum. Salmonellusýkingar í fólki hafi til dæmis verið faraldur í Danmörku í mörg ár.

„Innan Evrópusambandsins hefur ekki gengið vel að banna innflutning matvæla úr sýktu búfé milli sambandslandanna. Til dæmis reyndu Frakkar að banna innflutning á bresku nautakjöti til Frakklands meðan kúariðufaraldurinn var um allt Bretland og búið var að sanna að sýkillinn var orsök að banvænum heilasjúkdómi í fólki."

Afbrigði af kúariðunni sem nefnist Creutzfeldt-Jakob getur borist í menn. Þess má geta að nú í vikunni bárust nýjar fréttir frá Bretalandi um fundist hafi nýtt kúariðutilfelli í Wales (sjá bls. 34). Nærri 200 manns létust úr þessum sjúkdómi í Bretlandi eftir neyslu á sýktu nautakjöti á árunum 1985 til 1986. /HKr.

# Stjórn BÍ ályktar um tollasamning Íslands og ESB

**Á stjórnarfundi Bændasamtaka Íslands fimmtudaginn 1. október var ályktað um tollasamning Íslands og ESB. Ályktunin er svohljóðandi:**

Stjórn Bændasamtaka Íslands átelur samráðsleysi stjórnvalda á lokastigum samningaviðræðna við Evrópusambandið um gagnkvæma niðurfellingu tolla. Í samningnum felast vissulega tækifæri fyrir íslenskan landbúnað en hitt er jafnljóst að samkeppnisstaða bænda mun í mörgum tilvikum versna.

Ekki verður séð að stjórnvöld hafi gert neina skipulega athugun á líklegum áhrifum samningsins, svo sem á samkeppnisstöðu einstakra búgreina, afurðastöðva, annarra úrvinnslufyrirtækja eða matvælaiðnaðar yfirleitt. Meta hefði þurft áhrif á afurðaverð til bænda, líklega þróun á markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu og tekjuleg áhrif að teknu tilliti til áhrifa aukins markaðsaðgangs. Öllu þessu tengjast störf og afkoma – ekki bara bænda heldur líka verkafólks í úrvinnslugreinum.

Í ljósi þessarar niðurstöðu er það krafa stjórnar Bændasamtakanna að viðræðum um búvörusamninga verði hraðað. Þeim þarf að ljúka á næstu vikum og þar þarf að taka mið af þeim nýja veruleika sem samningurinn hefur í för með sér. Stjórnin telur að stjórnvöld eigi ekki að staðfesta samninginn við ESB fyrr en að nýir búvörusamningar liggja fyrir. Eðlilegt er að þessi mál séu rædd samhliða og komi til afgreiðslu Alþingis á sama tíma.

## Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar:

# Mótmælir samningi við ESB um tollaniðurfellingu

**Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum í síðustu viku áskorun til þingmanna um að staðfesta ekki samning Íslands og Evrópusambandsins, sem undirritaður var 17. september sl., um niðurfellingu tolla á fjölda matvæla.**

Þá skorar sveitarstjórnin á Alþingi að einbeita sér að undirbúningi nýrra samninga um starfsskilyrði landbúnaðarins til lengri tíma. Í áskoruninni segir: „Tollamál eru og hafa verið hluti af þeim samningum (búvörusamningum) og því rökrétt að ákvarðanir um breytingar á þeim verði teknar samhliða gerð nýrra samninga við greinina til lengri tíma.“

Þá má geta þess að málið var einnig á dagskrá sveitarstjórnar Skeiða-og Gnúpverjahrepps mánudaginn 5. október.



Bæjartúnin á Flögu undir vatni.

Myndir / Gunnar Sveinsson.

## Flóðið úr Skaftárkötlum:

# Túnin á Flögu undir vatni

**Hlaup í Skaftá undanfarna daga er hið stærsta sem komið hefur úr Skaftárkötlum síðan mælingar hófust. Skaftá hefur víða flætt yfir bakka sína og fært akra og ræktarland á kaf og eru skemmdir á landi umtalsverða**

Gunnar Sveinsson bóndi á Flögu í Skaftártungu segist aldrei áður hafa séð ána flæða jafn hátt upp á túnin fyrir neðan bæinn eins og í þessu hlaupi. „Myndin er tekin af brekkunni fyrir ofan bæinn og sýnir bæjarhúsin og þar fyrir neðan bæjartúnin og mýrar sem eru á kaf í vatni eftir að Skaftá flæddi yfir bakka sína.“

Gunnar segir að við svona aðstæður þegar Skaftá flæðir yfir bakka sína brjóti hún land, hólmar eyðist og aðrir myndist í staðinn. „Ég hef talsverðar áhyggjur af að túnin fyrir neðan bæinn skemmist þrátt fyrir að mesta drullan sígi niður af þeim með tímanum. Hjá okkur eru hagarnir og mýrarnar meira vandamál. Árbakkinn þar er mjög veikur fyrir og talsvert landbrot þar hvort sem það er hlaup eða ekki, eða um hektari á ári. Hlaupið eykur að sjálfsögðu á landbrotið og er okkur ekki skaðlaust. Grunnvatnsstaðan í mýrinni er líka að hækka vegna árframburðar. /VH



Strandasýsla:

## Héraðssýning á lambhrútum

**Stjórn Félags sauðfjárbænda í Strandasýslu stendur fyrir héraðssýningu á lambhrútum á Ströndum laugardaginn 10. október.**

Verður hún haldin í tvennu lagi vegna sauðfjárveikivarna. Annars vegar í Bæ (hjá Gunnari og Þorgerði) kl. 11.00 og hins vegar á Heydalsá (hjá Ragnari og Sigríði) kl. 15.00. Allir áhugamenn um sauðfé velkomnir.

## Tjón af völdum refa og minka

**Umhverfisstofnun hefur í samráði og samvinnu við Búnaðarstofu unnið að gerð tikynningaforms vegna tjóns af völdum refa og minka.**

Formið er svipað og útbúið var vegna tjóns af völdum álfta og gæsa í ræktarlandi og er aðgengilegt á Bændatorginu. Þarna er hægt að skrá á fjögur tímabil, hvert tjónið var, viðbrögðin af hálfu bónda og mat á tjóni. Einnig er skýrslan tengd við fjárvís þannig að það er hægt að setja inn nr. á lambi og þess háttar.

Markmiðið með þessu er að fá einhverja hugmynd um tjónið sem þessar tegundir eru að valda hjá bændum (æðarræktendur eru þar einnig).

## Bústólpi lækkar kjarnfóðurverð

**Bústólpi hefur lækkað kjarnfóðurverð frá og með 1. október 2015.**

Verðlækkunin nemur 2,5 til 3,0% á öllum tegundum kjarnfóðurs að Premium-blöndunum undanskildum sem lækka minna.

Hagstæðari innkaup, sérstaklega vegna gengisþróunar, og verulega aukin sala á kjarnfóðri gera félaginu kleift að lækka verð nú til bænda. Ánægjulegt er frá að segja að verðlækkunin nú er sú sjötta í röð verðlækkana frá því í maí árið 2013.

## Lífland lækkar verð á kjarnfóðri

**Lífland lækkaði þann 1. október verð á öllu kjarnfóðri um 2,5%. Um leið mun verð á helstu hráefnum lækka, mismikið eftir tegundum.**

Þrátt fyrir breytingar á ytri forsendum, meðal annars vegna kjarasamningsbundinna launahækkana og hækkaðs fjármagnskostnaðar, þá vegur verðþróun á hráefnum á heimsmarkaði ásamt hagstæðri gengisþróun það þungt að þessar breytingar eru gerlegar á þessum tímapunkti. Lækkanirnar eru jafnframt í samræmi við þá stefnu Líflands að viðskiptavinir njóti jákvæðrar verðþróunar í heimsmarkaðsverði hráefna.

Skýrsla MAST um dýravelferðarmál á svínabúum fyrir einu ári hefur vakið harðar umræður:

# Alvarlegar athugasemdir en engin gögn til hjá MAST um endurbætur

**Skýrsla Matvælastofnunar (MAST) sem vísar á slakt ástand dýravelferðarmála á svínabúum hefur tröllriðið samfélagsumræðunni að undanförnu. Þar vísar Vigdís Tryggvadóttir, sérgreinadýralæknir svínasjúkdóma, til alvarlegs ástands og birtir myndir því til sönnunar.**

Í umræðunni hafa í kjölfarið komið harðar ásakanir og upphrópanir um dýraníð, enda engar vísbendingar í skýrslunni um að úrbætur hafi mögulega verið gerðar frá því úttektin fór fram. Gagnvart svínaræktinni í heild leit málið því mjög illa út. Áttu svínabændur því eðlilega erfitt með að koma fram vörnum í umræðunni. Eftir á hefur svo komið fram í fjölmiðlum að miklar endurbætur hafi verið gerðar þar sem ástandið var verst.





Aðbúnaður í íslenskum svínabúum hefur sætt gagnrýni, en þau eru flest byggð að danskri fyrirmynd.

Mynd / Ingvi Stefánsson Teigi

### *BÍ fordæmir illa meðferð á dýrum*

Málið er litið mjög alvarlegum augum innan svínaræktarinnar sem og af Bændasamtökum Íslands og öðrum málsmetandi aðilum. Bændasamtök Íslands hafa opinberlega fordæmt illa meðferð á dýrum enda hafa samtökin ávallt lagt áherslu á að íslenskur landbúnaður sé til fyrirmyndar.

### *Ársgömul úttekt*

Þrátt fyrir hörð viðbrögð fjölmiðla hefur lítið farið fyrir spurningum um eftirfylgni á athugunum dýralækna og hvort þetta sé raunverulega staðan á viðkomandi búum enn þann dag í dag. Einnig hvernig á því standi að slíkt hafi þá viðgengist þrátt fyrir eftirlit og tíðar heimsóknir dýralækna.

Í skýrslunni kemur berlega fram að ríflega ár er liðið síðan úttektin á búunum fór fram. Strangari reglugerð um aðbúnað dýra sem vísað hefur verið til í fréttaflutningi af málinu, tók hins vegar ekki gildi fyrr en í desember 2014. Lögin voru hinsvegar sett í ársbyrjun 2014. Þá var skýrslan skrifuð 9. mars 2015, eða fyrir sjö mánuðum þó hún hafi ekki komist í hámæli fyrr en nú.

Fréttastofa RÚV hafði eftir Þóru Jónasdóttur, dýralækni hjá Matvælastofnun, að myndir í skýrslunni sem sýndu gyltur á alltof þröngum básum, sýni skýr og alvarleg lögbrot og séu „dæmi um dýraníð". Eigi að síður sagði Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir í Kastljósi í vikunni að þrátt fyrir athugasemdir hafi engin kæra verið lögð fram.

### *Engin úttekt eða gögn fyrirliggjandi um úrbætur*

Hjalti Andrason, fræðslustjóri MAST, svaraði fyrirspurn Bændablaðsins um þetta atriði á þann veg að skýrslan var afhend RÚV samkvæmt upplýsingalögum þegar fréttamaður RÚV óskaði sérstaklega eftir skýrslunni.

„Skýrslan var eingöngu samantekt á ástandinu á svínabúum, eftirliti og heildarúttekt á þeim í fyrra. Það liggja ekki fyrir önnur opinber gögn um ástandið almennt á svínabúum eða um hvaða úrbætur hafi átt sér stað síðan þá svo ég viti til, auk þess hefur okkur ekki borist beiðni um slíka skýrslu."

Þá kom fram í svarinu að til væru skoðunarskýrslur úr hverri eftirlitsheimsókn og að beiðni hafi borist frá BÍ um að fá þær skýrslur. Stjórnsýslusvið væri að meta hvort það megi afhenda þær skýrslur samkvæmt upplýsingalögum.



**Þessi mynd hefur mikið verið notuð sem dæmi um lögbrot og „dýraníð". Stían var samkvæmt mælingum dýralækna sumarið 2014, 64 sentímetrar á breidd. Bændur hafa 10 ár til að hætta með slíka bása og fara yfir í lausagöngu.**

### *Eftirlit framkvæmt á níu af ellefu svínabúum*

Í skýrslunni sem Bændablaðið hefur fengið senda segir m.a.:

„Frá júní og til og með september 2014 var farið í eftirlit á níu af þeim ellefu svínabúum sem halda gyltur og eru að senda meira en 200 grísi til slátrunar árlega. Að auki var farið á tvö bú með einungis eldisgrísum, sem tengdust þá sitt hvoru gyltubúinu. Eftirlitið var framkvæmt af héraðsdýralækni eða eftirlitsdýralækni í því umdæmi sem átti við, ásamt sérgreinadýralækni svínasjúkdóma, sem var þannig þátttakandi í framkvæmd eftirlitsins á öllum búunum. Var þetta einnig liður í samræmingu á eftirliti á svínabúum."

### *Allar geldingar framkvæmdar af dýralæknum með deyfingu*

Geldingar grísa hafa alltaf verið umdeildar í opinberri umræðu og nefndar sem dæmi um illa meðferð. Vegna þess hefur verið bent á bólusetningar til að koma í veg fyrir galtarlykt. Þá hafa bændur hér á landi og víðar verið að þróa aðferðir til að koma í veg fyrir geldingar. Í umfjöllun sjónvarpsstöðva um skýrslu MAST voru birtar óhuggulegar myndir af geldingum á grísum sem virtust gerðar án deyfinga. Vöktu þær myndir óhug enda vart annað að skilja en að slíkt viðgengist almennt á íslenskum svínabúum í dag. Samt segir í skýrslunni:

„Öll bú voru með dýralækna til að gelda grísi með staðdeyfingu. Almenn óánægja var meðal rekstraraðila með þessa aðferð og drógu þeir í efa að þetta væri betra en gelding án deyfingar. Þeir dýralæknar sem talað var við í eftirlitinu eða í kjölfarið hafa tekið undir. Allir voru sammála um að gelding með staðdeyfingu væri einungis tímabundin lausn og að það þurfi að finna aðra betri og varanlegri lausn á geldingum grísa. Engar geldingar voru framkvæmdar á meðan eftirlit var framkvæmt."

### *Þrengsli á búunum*

Það sem vakið hefur einna mesta athygli í umræðunni eru þrengsli sem skýrslan segir viðgangast á básum. Þar segir:

„Ekkert bú uppfyllti kröfur reglugerðar um lágmarksstærð bása. Aðeins eitt bú uppfyllti lágmarksstærð í fangdeild en gylturnar voru bundnar á þeim básum. Á sama bæ var lágmarksstærð bása í tilhleypingadeild ekki uppfyllt. Við eftirlitið voru básar mældir hjá þeim gyltum sem voru komnar hvað lengst í meðgöngu og voru því næstar inn í gotstíur. Á búum þar sem var lausaganga var einungis hægt að mæla bása hjá gyltum sem voru fengnar og biðu (4 vikur frá sæðingu) þar til þær voru fluttar í lausagöngu. Meðalstærð á bás var u.þ.b. 61–63 cm, þrengsti básinn var undir 50 cm og sá víðasti var yfir 70 cm." Birtar voru myndir þessum orðum til staðfestingar.

### *Fimm bú voru með lausagöngu að hluta*

„Tvö bú voru með lausagöngu eftir u.þ.b. 4 vikur á bás eftir sæðingu (myndir 1 og 2). Á öðru þeirra var þéttleikinn of mikill í lausagöngunni (einnig skv. nýrri reglugerð nr. 1276/2014).

Annað búið var með u.þ.b. 2/3 í lausagöngu og restin á básum og bundnar.

Þrjú önnur bú voru með lausagöngu í litlum mæli, annaðhvort einungis fyrir unggyltur eða með lágt hlutfall af heildar gyltnafjölda búsins."

### *Bógsár*

Í lok skýrslunnar er bent á aðrar niðurstöður úttektarinnar. Þar segir:

„Bógsár á gyltunum var að finna á öllum búum (myndir 6–9). Við eftirlitið voru gyltuhóparnir sem voru að koma frá gotstíunum sérstaklega skoðaðir og bógsár talin. Tíðni bógsára var frá 15% til 50%.

Ekkert bú var með gotstíur sem uppfylltu kröfur þágildandi og nýrrar reglugerðar (myndir 18 og 19) og í mörgum tilvikum voru gotbásar of þröngir. Einn gotbás á einu búi var lausagöngugotbás.

Ekkert bú var með gólftegund í öllum rýmum sem standast kröfur reglugerðar.

Sjúkrastíur vantaði á mörg bú og þær sjúkrastíur sem þó voru stóðust ekki kröfur reglugerðar um undirburð og hitagjafa.

Undirburður var lítill sem enginn á öllum búum. Spænir var oft í gotdeildum en í mjög litlu mæli þá."

### *Staðan þykir óásættanleg en framsetning MAST gagnrýnd*

Svo mörg voru þau orð, en enginn svínabóndi hefur mælt illri meðferð á dýrum bót, fremur að þeir tali um óásættanlega stöðu. Ýmsir hafa þó gagnrýnt framsetninguna í skýrslu MAST og ekki síður þá hörðu umræðu sem fylgdi í kjölfarið. Þannig segir Ingvi Stefánsson svínabóndi, sem rekur svínabú í Teigi í Eyjafjarðarsveit og í Pálmholti í Reykjadal, á Facebooksíðu sinni:

### *Segir tölur vera rangar þótt staðan sé ekki réttlætanleg*

„Mig langar einnig til að koma inn á umræðuna um legusár á gyltum. RÚV hefur birt myndir af legusárum gyltna (sú ljótasta er reyndar af erlendu búi) ásamt því að birta tölfræði um að tíðni legusára á íslenskum svínabúum sé á bilinu 15–50%. Þetta eru beinlínis rangar tölur og hef ég bæði leiðrétt fréttamann RÚV ásamt starfsmanni MAST hvað þessi mál varðar. Þær tölur sem þarna er vísað til eiga við um gyltuhópa sem eru nýkomnir úr goti og eru vel innan við 10% af heildarhjörðinni.

Með þessum orðum er ég ekki að réttlæta legusár með nokkru móti. Þau eru vandamál í svínarækt hér á landi sem og í nágrannalöndunum. Í þessu – eins og ýmsu öðru – þurfum við svínabændur að bæta okkur í. Það er samt slæmt þegar fréttaflutningur er ekki réttur, þannig var sérstaklega nefnt til samanburðar að tíðni legusára í Noregi við slátrun gyltna væri um 10%. Sambærileg tölfræði fyrir mitt gyltubú – það sem af er þessu ári er rúm 7%."

### *Afleit samskipti í kjölfar verkfalls*

Ingvi segir staðreynd að samskipti á milli svínabænda og MAST séu í afleitum farvegi.

„Má segja að steininn hafi tekið úr í verkfalli dýralækna. Þetta er afleit staða fyrir báða aðila og vonandi tekst okkur að byggja upp gagnkvæmt traust."

– Pistill Ingva er birtur í heild sinni á bls. 26. /HKr.


Þetta er frábær hugmynd...
6 MÁNAÐA
ENDINGARGÓÐ NÆRING
Í EINUM STAUT
...og ég get tuggið gras
og líka meiri hagnaður!!
50 x 48g Boluses
Agrimin 24.7
Iodine · Selenium · Cobalt
SUSTAINED RELEASE BOLUSES FOR BREEDING EWES (over 40kg)
FOR OVINE USE ONLY
ewes
HAGNAÐUR
vegna aukins fjölda lamba
HAGNAÐUR
vegna aukins lífsþróttar lamba
HAGNAÐUR
þar sem stautarnir endast 18 sinnum lengur en hefðbundin fljótandi lyfjagjöf
Agrimin 24.7 er einstök blanda af joði, selen og kóbalti en sýnt hefur verið fram á að hún bætir heilsu áa og frjósemi þeirra auk þess sem hún eykur lífsþrótt lamba og lífslíkur við burð.
Raunverulegur árangur...
fyrir alvöru bændur
Umboð á Íslandi:
Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ
Sími 535 7000, www.vistor.is
Agrimin 24.7
FÆST HJÁ DÝRALÆKNUM UM LAND ALLT

Afkoma kornbænda misjöfn:

# Ágætt á Suðurlandi en afleitt í Eyjafirði

**Kornrækt á Íslandi hefur dregist lítillega saman að umfangi á síðustu árum. Kemur þar til bæði rysjótt tíðarfar og eins hafa gæsir og álftir gerst sífellt ágengari í kornökrunum. Vegna þess hversu kalt vorið var nú í ár, tafðist sáning víðast hvar um tvær vikur að lágmarki og átti það við um kornbændur á öllu landinu**

Sveinn Sigurmundsson, hjá Búnaðarsambandi Suðurlands, segir að veðrið hafi batnað mikið eftir 20. júní. Skrið á korninu hafi samt verið um hálfum mánuði á eftir meðalári. Hann segir að samdráttur hafi orðið í kornræktinni, bæði vegna þess hversu seint voraði en einnig séu margir orðnir þreyttir á miklum ágangi af völdum gæsa og álfta. „Kornið fór ekki að skríða fyrr en upp úr 20. júlí sem er 10 til 14 dögum seinna en í meðalári.



Síðan þá hefur korninu farið vel fram og horfur á góðri uppskeru víðast ef sprettutíð kornsins verður hagstæð. Sjúkdómar og illgresi virðast með minna móti. Korn er víða óskorið enda tíðarfar óhagstætt. Sums staðar a.m.k. þar sem búið er að þreskja er uppskera mun meiri en í fyrra.“

Ólafur Eggertsson á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum segir að búið sé að ná megninu í hús og uppskeran sé góð. „Síðustu daga hefur ekki verið hægt að þreskja restina vegna vætutíðar. Útlit er fyrir að þetta ár verði í góðu meðalári hér, hvað kornuppskeru varðar. Kornspretta fór seinna af stað vegna kulda í vor en eftir að hlýnaði í júlí tók kornið verulega við sér.“

***Hálmur eingöngu nýttur***

Sigurgeir B. Hreinsson, framkvæmdastjóri Búgarðs í Eyjafirði, segir að ekki sé enn ljóst hvernig niðurstaðan verði, en útlitið sé ekki gott. „Þeir sem fengu korn sem hægt er að þreskja eru að því þessa dagana. Góð tíð í september gerði það að verkum að farið var eins seint í þreskingu og talið var óhætt. Það er hins vegar ljóst að á flestum bæjum var eingöngu hálmur sem nýttist. Án ábyrgðar skjótum við Guðmundur Helgi á að korn hafi eyðilagst á 75 prósent kornakra í frostinu í ágústlok – og þar sem er þreskt, er kornið lélegt.“

Eiríkur Loftsson í Skagafirði segir að sáning hafi verið með seinna móti miðað við meðalár. „Spírun var hæg vegna kulda en akrarnir urðu þéttir. Eins og kunnugt er var hitastig í sumar lágt og spretta hæg og skreið byggið almennt ekki fyrr en eftir miðjan júlí eða í lok júlí. Kornið fór ekki að fylla sig sem neinu nam fyrr en í lok ágúst en óvenju margir góðir dagar í september hafa gefið korninu þokkalega fyllingu. Skagfirðingar sluppu við frostnóttina sem skemmdi korn í Eyjafirði og kannski víðar og því hefur það verið að bæta í sig fram undir þetta.

Kornið er lítið farið að þorna og nokkuð um græna hliðarsprota og geld öx. Uppskeran er alveg þokkaleg einkum ef litið er til árferðis en gæði kornsins hafa oft verið meiri. Þresking hófst 23.september,“ segir Eiríkur. */smh*

**Aðbúnaðarmál búfjár hafa verið til umræðu í þjóðfélaginu að undanförnu:**

# Frávikum var fylgt eftir og í alvarlegustu tilvikum beðið úrbóta á staðnum

– segir Þóra J. Jónasdóttir, dýralæknir dýravelferðar hjá MAST, um atriði í eftirlitsskýrslu sem hafa verið til umfjöllunar í fjölmiðlum

**Á undanförnum vikum hafa dýravelferðarmál verið ofarlega á baugi í þjóðfélaginu. Má að nokkru leyti rekja upphaf umræðunnar til þess að Ríkisútvarpið (RÚV) hóf undir lok septembermánaðar umfjöllun um tiltekin atriði í Starfsskýrslu Matvælastofnunar (MAST) fyrir síðasta ár, er varða aðbúnað búfjár. Skýrslan var gefin út þann 14. ágúst síðastliðinn og lýsir samantekt á niðurstöðum eftirlits á vegum MAST árið 2014.**

***Flest frávik í nautgriparæktinni***

Umfjöllun RÚV um þessi atriði var svo nokkuð samfelld dag hvern í rúma viku frá fyrsta degi. Talsverð óánægjubylgja reið yfir þjóðfélagið í kjölfarið, sem bitnaði harðast á svínaræktinni enda voru birtar nokkrar myndir af gyltum, sem voru komnar hvað lengst í meðgöngu, í alltof litlum básum. Myndirnar voru fengnar úr skýrslunni *Eftirlit á gyltubúum – samantekt 2014*, þar sem farið er nákvæmlega yfir þau atriði sem ekki voru í lagi á búunum á þeim tíma. Umfjöllun RÚV hefur að mestu leyti snúist um þau atriði sem þarna eru tíunduð, en ekki eru til sambærilegar samantektarskýrslur fyrir aðrar búgreinar – einungis skoðunarskýrslur úr hverri eftirlitsheimsókn. Það var hins vegar í nautgriparæktinni sem flest alvarleg frávik komu fram á síðasta ári, í aðbúnaði, fóðrun og heilbrigði, samkvæmt Starfsskýrslu Matvælastofnunar árið 2014. Oftast var um að ræða athugasemdir vegna kálfa og gripa í uppeldi. Að sögn Þóru J. Jónasdóttur, dýralæknis dýravelferðar hjá Matvælastofnun, voru oftast gerðar athugasemdir við hreinleika gripa og legusvæðis, þar á eftir athugasemdir við rými og þéttleika í stíum og á legusvæði, svo voru svipað margar athugasemdir skráðar við fóðrun/brynningu og klauf-, hóf- eða hornhirðu.



Þóra J. Jónasdóttir.

***Dökk mynd dregin upp af gyltubúum***

Þóra segir að skýrslan *Eftirlit á gyltubúum – samantekt 2014* hafi verið gefin út í mars á þessu ári og megi drátt á útgáfu hennar aðallega rekja til veikinda þess starfsmanns sem bar ábyrgð á henni. Einnig hafi starfsskýrslunni seinkað nokkuð, en það hafi verið vegna verkfalls starfsmanna BHM.



**Eini lausagöngugotbásinn sem getið er um í eftirlitsskýrslunni er á Ormsstöðum í Grímsnesi.** Mynd / smh

Eftirlitsskýrslan dregur upp dökka mynd af ástandi mála á gyltubúum landsins á sumar- og haustmánuðum á síðasta ári, en þó skal það haft í huga að önnur aðbúnaðarreglugerð var í gildi þá. Sú breyting til batnaðar hafði þó orðið að öll búin virtust nýta sér þjónustu dýralækna við geldingar, þar sem grísir voru staðdeyfðir.

Öll bú nema eitt klipptu hala án deyfingar, sem stóðst ekki þáverandi reglugerð. Ekkert bú uppfyllti kröfur reglugerðar um lágmarksstærð bása. Ekkert bú uppfyllti kröfur þágildandi reglugerðar um gotstíur og ekkert bú var með gólftegund í öllum rýmum sem stóðust kröfur reglugerðar. Þá vantaði sjúkrastíur á mörg bú og þær sem voru til staðar stóðust ekki kröfur reglugerðar.

Þóra segir að í alvarlegustu tilfellum hafi verið farið fram á úrbætur á staðnum. „Eftirlitsaðili beið þá á meðan þær voru gerðar. Í nokkrum tilfellum voru dýr aflífuð á staðnum eða farið var fram á aflífun eða slátrun við fyrsta tækifæri. Í öðrum tilfellum var frávikum fylgt eftir með nýrri heimsókn,“ segir Þóra.

***Framkvæmdir eru í gangi til að uppfylla skilyrði reglugerðar***

Eitt mál rataði þó alla leið í þvingunarferli, en það er leið sem MAST hefur til að þvinga ábyrgðaraðila til að laga tiltekin atriði. Sem þvingunarúrræði er Matvælastofnun meðal annars heimilt að stöðva starfssemi, gera úrbætur á kostnað ábyrgðaraðila og vörslusvipta ábyrgðarmann dýrum hans. Stofnunin bíður eftir nýrri reglugerð frá ráðherra til að geta nýtt ákvæði laganna um dagsektir sem þvingunarúrræði. Þóra segir að málið sem hefur verið í þvingunarferli horfi nú til betri vegar. „Þar hef ég frétt eftir síðustu skoðun, að miklar framkvæmdir séu í gangi til að uppfylla skilyrði reglugerðarinnar,“ segir hún. „Vinnuhópur hjá Matvælastofnun fór veturinn 2014 í gegnum áhættuflokkun búgreina og búforma við eftirlit. Niðurstaða þess vinnuhóps var að svínabú væru í frekar háum áhættuhóp sem skyldi hafa hlutfallslega tíðar eftirlitsheimsóknir.“

***Frestir fást með fullnægjandi úrbótaráætlunum***

Hinn 1. október síðastliðinn rann út frestur svínabænda til að óska eftir aðlögunartíma til að uppfylla kröfur nýrrar reglugerðar um velferð svína, sem lúta að húsakosti og aðbúnaði þeirra. Ný reglugerð um velferð svína hefur það að markmiði að bæta velferð svína meðal annars með því að afnema svínahald á básum. Að sögn Þóru tilgreinir reglugerðin að frestir séu háðir því að framleiðandi skili inn tímasettri úrbótaáætlun og kostnaðarmati. Þá sé Matvælastofnun óheimilt eftir 1. janúar 2016 at veita undanþágu til notkunar á básum sem varanlegum vistarverum gyltna nema básarnir séu þannig að gyltan geti lagst, legið og rétt úr sér liggjandi án átroðnings frá gyltum í næstu básum. „Matvælastofnun hefur í höndunum ákveðinn ramma um hvað þurfi að uppfylla til að hægt sé að veita undanþágu. Sá rammi kemur fram í reglugerðinni. Annars verðum við bara að skoða umsóknirnar og sjá og meta hvað kemur þar fram. Mögulega kalla eftir meiri upplýsingum ef þess gerist þörf,“ segir Þóra. */smh*

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur unnið úrbótaráætlun fyrir svínabændur:

## Áætlaður kostnaður rúmir þrír milljarðar

**Eins og fram kemur í viðtalinu við Þóru J. Jónasdóttur, sérgreinadýralækni hjá Matvælastofnun (MAST), er frestur til aðlögunar að kröfum nýrra aðbúnaðarreglugerða veittur bændum að uppfylltum tilteknum skilyrðum: að fyrirliggjandi sé tímasett úrbótaráætlun og kostnaðarmat.**

MAST má þó ekki veita lengri fresti en til 1. janúar 2025. Þá getur MAST ekki veitt undanþágur til notkunar á básum sem varanlegra vistarvera gyltna nema básarnir séu þannig úr garði gerðir að gyltur geti lagst, legið og rétt úr sér liggjandi, án átroðnings frá gyltum í næstu básum. Þá er heimilt að nota bása sem eru að lágmarki 90 sentimetrar að breidd sem varanlegar vistarverur til 1. janúar 2025.

Fyrir höndum eru afar kostnaðarsamar breytingar fyrir svínabændur á húsakosti sínum. Í úrbótar- og kostnaðaráætlun, sem Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) hefur unnið fyrir svínaræktendur, er gert ráð fyrir að breytingarnar sem nýjar reglugerðir gera kröfu um muni kosta greinina rúma þrjá milljarða króna. Frestur til að skila inn slíkri áætlun til Matvælastofnunar rann út um síðustu mánaðamót.

Að sögn Karvels Karvelssonar, ábyrgðarmanns í svínarækt hjá RML, hefur kostnaðarmatið verið unnið í samstarfi við danska ráðgjafa. Þeir Bjarni Árnason, ráðgjafi í bútækni og aðbúnaði hjá RML, hafa unnið þetta í samstarfi við Danina og leggja til grundvallar að framleiðsla á svínakjöti verði svipuð að magni til og verið hefur undanfarin ár. Það þýðir að um 6.200 tonn fara árlega á markað, frá 3.600 ársgyltum.

***Stíur í stað bása***

Að sögn þeirra Karvels og Bjarna eru bændur þegar byrjaðir að breyta búum sínum á þann hátt að stíur eru settar inn í stað bása. Búin séu hins vegar ekki hönnuð fyrir lausagöngu og því verði að minnka framleiðslu verulega eigi þetta að vera mögulegt. Breyta þurfi öllum innréttingum og fjölga fermetrum í hverri deild umtalsvert. Breytingar á framleiðslukerfum krefjast annarra vinnubragða og nýrra og krefjandi úrlausnarefna fyrir bóndann.

Bændur standi þannig frammi fyrir því að taka út bása í fangdeildum og í framhaldinu þurfa þeir að taka ákvörðun um það hvort stefna eigi að að halda þeirri framleiðslu sem búið hafði fyrir breytingar. Til þess þurfi að stækka húsin og breyta gotdeildum og eldisdeildum eða hætta með einstaka liði búskaparins. Þannig megi til dæmis gera ráð fyrir að einhverjir ákveði að hætta með gyltur og kaupi grísi og nýti þar með húsin sín á annan hátt en áður. Ytri aðstæður, eins og verð á kjöti, möguleikar til afsetningar og búvörusamningar, munu ráða því hvort framleiðendur sjái sér fært að stækka búin til að halda sínum markaðshlut.

Þeir segja að reglugerðarbreytingar í svínarækt taki mið af þeim breytingum sem hafa orðið í nágrannalöndum okkar. Margar þeirra hafa reynst framleiðendum erfiðar í framkvæmd en þær spegli það viðhorf sem er á Vesturlöndum um velferð dýra. Sá framleiðslubúnaður sem notaður hefur verið fram að þessu hafi verið viðurkenndur og það sé í raun ekki fyrr en í reglugerð frá árinu 2011 sem breytingar eru lagðar til. Aðlögunartími hafi verið gefinn og þeir sem hafa skilað inn úrbótaráætlun fyrir 1. október síðastliðnum hafa möguleika á fresti til aðlögunar. */smh*




# Deutz Fahr 5110C - 110 hö á ótrúlegu kynningarverði

5C serían er hönnuð sem alhliða vél sem vinnur frábærlega með ámoksturstækjum. Við hönnun vélarinnar var þess gætt að hún væri notendavæn og þægileg en jafnframt einföld og laus við óþarfa rafbúnað og tækni.

**5 góðar ástæður til þess að kaupa sér Deutz úr 5C seríunni:**

- Þýskur 3,6L Deutz mótor
- Stop&Go (turbokúpling) - hægt að hemla og stöðva án þess að kúpla
- Vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur
- Eco vökvadæla sem skilar hámarksflæði við aðeins 1.600 snúninga
- SSD - tvöföld stýrisdæla, fækkar snúningum á stýri

**Kynningarverð:**

5110C með Stoll FZ20 ámoksturstækjum og skóflu: **kr. 9.000.000,-** án vsk. m.v. Eur = 143,00

ÞÓR HF

**Reykjavík:**
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

**Akureyri:**
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

**Vefsíða:**
www.thor.is

2014 Framúrskarandi fyrirtæki

# Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

**Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði.**
**Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu.**
**Árgangurinn kostar kr. 7.500 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.750. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**
**Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími**: 563 0300– **Fax:** 562 3058 – **Kt**: 631294-2279
**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími**: 563 0339
**Rekstur og markaðsmál**: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is
**Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Auður Laila Jónasdóttir audur@bondi.is – **Sími**: 563 0303 – **Frágangur fyrir prentun**: Prentsnið.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is** Netfang auglýsinga er **augl@bondi.is** Vefsíða blaðsins er **www.bbl.is**
**Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag**: sjá forsíðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621


## LEIÐARINN

# Setjum dýravelferð í fyrsta sæti

**Dýravelferðarmál hafa verið í brennidepli síðustu vikur og enginn farið varhluta af umfjöllun fjölmiðla um málaflokkinn. Margt sem hefur komið fram í umræðunni er sláandi og dæmi tekin sem eiga ekki að líðast í landbúnaði. Bændasamtök Íslands fordæma illa meðferð á dýrum enda hafa samtökin ávallt lagt áherslu á að íslenskur landbúnaður sé til fyrirmyndar.**

Um miðjan ágúst síðastliðinn gaf Matvælastofnun út starfsskýrslu fyrir árið 2014. Fjölmiðlar vísuðu í niðurstöður hennar í fréttum liðinnar viku en að auki hafði þeim borist eftirlitsskýrsla vegna heimsókna á svínabú. Myndir og niðurstöður hennar þarf ekki að fjölyrða um en augljóst var samkvæmt skýrslunni að á nokkrum búum þarf að gera breytingar og það strax. Svínabændur hafa skýrt sína hlið mála og fram hefur komið að aðstaða horfi til betri vegar.

Ný lög um velferð dýra tóku gildi í ársbyrjun 2014. Þau fela í sér mjög framsæknar reglur um velferð dýra og fylgja innleiðingu þeirra miklar áskoranir fyrir landbúnaðinn. Lögin og reglugerðir sem á þeim byggja gera ríkari kröfur til aðbúnaðar búfjár en áður hefur tíðkast. Markmiðið er að tryggja velferð og heilbrigði dýra með góðri meðferð, umsjón og aðbúnaði.

Eitt ráðuneyti fer nú með forsjá löggjafarinnar og Matvælastofnun fer með framkvæmd málaflokksins en þar er mikil fagþekking á velferð dýra. Samhliða var lagt til að störf búfjáreftirlitsmanna flyttust frá sveitarfélögunum til Mast en hlutverk þeirra er að stærstum hluta eftirlit með velferð búfjár.

Samkvæmt nýju lögunum var sett á fót fagráð um velferð dýra sem hefur aðsetur hjá Mast. Þessu samhliða hafa orðið miklar breytingar á þvingunarúrræðum og mögulegt að beita stjórnvaldssektum þegar við á.

### *Nýjar reglugerðir snerta flestar búgreinar*

Nýjar reglugerðir um velferð búfjár hafa verið kynntar á síðustu misserum. Sú síðasta tók gildi í janúar sl. Þær fela sumar hverjar í sér umtalsverðar breytingar, m.a. hvað varðar gripahús og aðstöðu ýmiskonar. Kostnaður sem felst í breytingum á innréttingum og húsakosti er talinn í milljörðum króna. Bændur hafa ágætan tíma til að aðlagast breytingunum en í sumum tilvikum þurfa þeir að hafa hraðar hendur. Það á meðal annars við í svínaræktinni þar sem umfangsmiklar framkvæmdir standa yfir á nokkrum búum.

Öllum svínabúum þarf að breyta þannig að gylturnar verði í lausagöngu og bannað verður að halda gyltur á básum á meðgöngu. Gotstíur breytast bæði að stærð og gerð. Þannig þarf að stækka verulega gotdeildir frá því sem nú er. Stíurnar eiga að auka verulega velferð gyltunnar. Þessar breytingar kalla á nýjar byggingar til viðbótar þeim sem nú eru til staðar, þó ekki sé nema til að halda óbreyttu framleiðslumagni. Áætlaður kostnaður er í kringum þrjá milljarða króna að mati svínabænda.

Í nautgriparæktinni er veigamesta breytingin að bannað verður að hýsa mjólkurkýr í básafjósum eftir 31. desember 2034. Burðarstíur skal setja upp í öllum fjósum fyrir árið 2024 og kröfur um legurými fyrir gripi í uppeldi eru stórauknar. Kúabændur telja að úrelding básafjósanna muni kosta greinina um 18 milljarða króna, þar sem í þeim 320 básafjósum sem eru í notkun, eru um 9.000 básar og nýr bás kostar tvær milljónir kr. ef uppeldisaðstaða og haugrými eru innifalin.

Í minkaræktinni tekur ný reglugerð á velferð og aðbúnaði dýranna. Sótt er í sambærilegar reglur frá Danmörku og Noregi sem eru þær framsæknustu í heimi.

Í alifuglarækt og eggjaframleiðslu eru nokkrar breytingar fram undan. Setprik og klóslípibúnaður þarf að vera fyrir hendi fyrir allar varphænur ekki síðar en 1. jan. 2017. Búranotkun fyrir varphænur verður bönnuð frá og með 1. janúar 2022. Þá verður þéttleiki við eldi kjúklinga breytilegur eftir ástandi í húsunum.

Í sauðfjárframleiðslunni eru m.a. ákvæði í nýrri reglugerð sem varða gólfgerðir. Gólfefni má ekki vera meira en 60% málmur frá 1. janúar 2023. Eftirlitslaus útigangur á vetrum er bannaður nema við mjög sérstakar aðstæður.

Hrossaræktendum er gert að tryggja velferð og heilbrigði hrossa með góðri meðferð, umsjá og aðbúnaði. Hesthús framtíðarinnar verða alla jafna með stærri útigerði. Gerðar eru meiri kröfur til stíustærða og bannað að halda hross á básum.

### *Ljúkum úrbótum sem fyrst*

Til að uppfylla nýjar kröfur um dýravelferð þurfa margir bændur að leggja út í miklar framkvæmdir. Sum bú eru að berjast við að láta enda ná saman og geta því ekki unnið eins hratt að framförum og æskilegt væri. Það er viðfangsefni sem landbúnaðurinn er að takast á við. Bændasamtökin hafa lagt áherslu á að félagsmenn sínir ljúki nauðsynlegum úrbótum eins fljótt og mögulegt er. Þau eru jafnframt reiðubúin til viðræðna við stjórnvöld um að útfæra leiðir til að flýta því að nauðsynlegar úrbætur nái fram að ganga.

### *Til mikils að vinna*

Í samræmi við auknar áherslur á bætta velferð og aðbúnað búfjár hefur eftirlit Mast með aðbúnaði og fóðrun búfjár stóraukist. Að mati Bændasamtakanna er þetta eftirlit afar mikilvægt og leggja samtökin mikla áherslu á samstarf bænda við stofnunina svo hægt sé að bregðast við athugasemdum og vinna að úrbótum.

Bændasamtökin hafa óskað eftir fundi í samstarfsnefnd BÍ og MAST til að ræða þessi mál og skipuleggja hvernig unnið verði að því að tryggja að velferð og aðbúnaður búfjár á Íslandi verði til fyrirmyndar.

Bændur fagna aukinni vitund og áhuga neytenda á dýravelferðarmálum. Á tímum vaxandi viðskipta með búvörur og alþjóðavæðingar er nauðsynlegt að gera sömu kröfur til erlendra framleiðenda og innlendra um aðbúnað og velferð.

Bændur vilja standa undir því trausti sem neytendur hafa sýnt þeim og það þýðir að dýravelferð verður að vera í lagi – hún verður að vera í fyrsta sæti.

### *Náttúran minnir á vald sitt*

Enn á ný taka náttúruöflin völdin, nú í Skaftárhreppi. Kraftmikið Skaftárhlaup ruddist fram og olli miklum skemmdum á ræktarlandi og mannvirkjum í vikunni sem leið. Forsætisráðherra og aðrir ráðamenn hafa gefið til kynna að bændum og öðrum, sem orðið hafa fyrir tjóni af völdum flóðanna fyrir austan, verði bættur skaðinn eins og hægt er. Það er uppörvandi fyrir bændur að fá slík skilaboð og sýnir að þeir standa ekki einir þegar á móti blæs. /SSS

## LOKAORÐIN

# Alvarleg staða

**Óveðursskýin hrannast nú upp yfir landbúnaði í Evrópu. Fregnir berast af gjaldþroti þúsunda bænda og sífellt fleiri virðast stefna fram af hengifluginu.**

Ástæður þessa eru nokkrar, en veigamestar eru þó afleiðingar viðskiptabannsins sem sett var á Rússa og sú ákvörðun ESB að afnema kvótastýringu í mjólkurframleiðslu. Hvoru tveggja er þegar búið að valda miklu tjóni og auk þess er farið að gæta áhrifa af landhremmingum (land grabbing) fjárfesta í landbúnaði.

Frá Danmörku berast nú alvarleg tíðindi um stöðu bænda. Svínabændur þar í landi hafa um langt árabil verið stórtækir í útflutningi á svínakjöti til Rússlands sem nú er búið að skrúfa fyrir. Hefur það m.a. skapað offramboð á svínakjöti innan ESB landanna. Þá hefur sala Eystrasaltsríkjanna með mjólkurvörur til Rússlands einnig lagst af og það eykur enn á vanda mjólkurframleiðenda í Evrópu sem áttu í nógu basli fyrir vegna afnáms kvótakerfisins. Það hefur stórlækkað verð á mjólk sem nú er seld langt undir kostnaðarverði. Danskir mjólkurbændur, ekki síður en kollegar þeirrar í öðrum ESB löndum eru komnir í stórvanda af þessum sökum.

Undir alla þessa óáran kynda stóru verslunarrisarnir eins og skrattinn á fjósbitanum. Þar hafa þeir notið dyggrar aðstoðar fjárfesta sem hafa verið að kaupa sig inn í rekstur stórbúa og gert samninga um sölu á mjólk langt undir kostnaðarverði til að drepa af sér samkeppni. Fjölskyldubúum og minni spámönnum í mjólkurframleiðslunni blæðir og fara á hausinn. Þá hafa bresk verslunarfyrirtæki látið kné fylgja kviði og keypt mjólkurvörur á enn lægra verði frá ráðþrota bændum í Austur-Evrópu til sölu í Bretlandi.

Svínakjöt er nú einnig selt um alla álfuna langt undir kostnaðarverði vegna offramboðs. Ljóst er að tollaniðurfellingar á landbúnaðarvörum á Íslandi munu setja íslenskar innflutningsverslanir í sömu stöðu og erlendu stórfyrirtækin. Vart þarf að efast um að þau nýti sér það tækifæri. Innflutningsverslunin á Íslandi hefur eins og kollegar þeirra erlends í raun beitt sér gegn bændum með því að heimta sífellt lægra verð og helst undir kostnaðarverði. Allt er það samt gert í því nafni að það sé í hag neytenda. Þetta getur ekki leitt til annars en skelfingar fyrir landbúnað, bæði hér heima og í Evrópu. Framboð á landbúnaðarvörum mun dragast stórlega saman. Hvort kaupmenn muni þá streyma út í sveitirnar og endurvekja aflagðan búskap til að sinnan hag neytenda, – verður fróðlegt að sjá. /HKr.

## Hið íslenska bókmenntafélag og Bókaútgáfan Opna gefa út nýja bók um landbúaðarsögu eftir Bjarna Guðmundsson:

# Íslenskir sláttuhættir

**Í bókinni Íslenskum sláttuháttum kappkostar fræðimaðurinn Bjarni Guðmundsson á Hvanneyri að lýsa amboðum og áhöldum til sláttar og slætti allt frá landnámsöld til nútíma.**

Það að afla heyforða handa kvikfénaði var undirstaða mannlífs hér á landi, og því skiptu allar framfarir í verktækni og vinnubrögðum miklu máli. Bjarni skerpir sérstaklega sýn á þá nýju ljái sem sannarlega ollu byltingu í verkháttum og juku afköst svo um munaði. Jafnframt gerir hann grein fyrir öllum þáttum öðrum sem slættinum tilheyrðu; brýnslu, rakstri, verktækni og verkviti.

Höfundurinn lýsir markmiðum sínum þannig: „Ætlunin með þessu ritverki er að safna á einn stað sem mestu af fróðleik um slátt á Íslandi í aldanna rás í þeim tilgangi að fá hugmynd um eðli, þróun og breytingar amboða og verkhátta. Skrifin eru einnig hugsuð sem framlag til varðveislu verkþekkingar. Með þessum þáttum um orfið og ljáinn, og raunar hrífuna líka, í aldanna rás eru lögð drög að íslenskri sláttusögu.“



Bjarni Guðmundsson.

Bókin er litprentuð og búin fjölmörgum ljósmyndum og skýringarmyndum, og gagnlegum skrám. Bjarna Guðmundssyni er einkar lagið að miðla fróðleik sínum á aðgengilegan hátt, eins og hann hefur sýnt í fyrri verkum sínum, m.a. um Ferguson og Farmall svo og hestaverkfæri fyrri tíðar. Hann hefur jafnframt átt stærstan þátt í að byggja upp Landbúnaðarsafn Íslands á Hvanneyri.

„Í raun má segja að hér sé um grunnrannsókn að ræða þar sem dreginn er saman á einn stað og af mikilli nákvæmni allur sá fróðleikur sem skiptir máli í sambandi við slátt. Þetta verk Bjarna er því merkilegt og nýstárlegt framlag til þjóðfræði- og sagnfræðirannsókna á Íslandi,“ segja Lilja Árnadóttir og Ágúst Ólafur Georgsson, fagstjórar hjá Þjóðminjasafni Íslands

Bókin er 352 bls.
Forlagsritstjórn: Sigurður Svavarsson
Hönnun og umbrot: Eyjólfur Jónsson
Kápuhönnun: Næst/Líba



**Líf og starf**

## Líf og fjör í Laufskálarétt:

# Lyftistöng fyrir samfélagið



Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, lét sig ekki vanta í Laufskálarétt og söng svo undir tók í fjöllunum. Myndir / MÞÞ

**„Það gekk allt ljómandi vel í blíðskaparveðri," segir Atli Már Traustason, réttarstjóri í Laufskálarétt í Hjaltadal í Skagafirði, sem fram fór 26. september síðastliðinn. Um 400 fullorðin hross og „slatti af folöldum", eins og Atli Már orðaði það, komu til réttar og er fjöldinn svipaður og verið hefur undanfarin ár.**

Fjöldi þeirra gesta sem fylgjast með réttarstörfum hefur vaxið „og virðist ekkert lát á, það er t.d. alltaf að aukast að útlendingar komi hér, ýmist til að fylgjast með og upplifa stemninguna eða til að taka þátt í smölum," segir hann. Lítið sé þó gert í að auglýsa viðburðinn. „Þetta hefur spurst út, við gerum ekki annað en að auglýsa réttardansleik í Svaðastaðahöll en þangað koma að jafnaði 1.600 til 1.700 manns og er mikið fjör."

### *Fjöldinn álíka og á góðri bæjarhátíð*

Atli Már segir að um 3.000 manns fylgist að jafnaði með Laufskálarétt og þó ekki sé um stærstu stóðrétt landsins að ræða þegar horft er til fjölda hrossa hefur hún vinninginn þegar að mannfjölda kemur. „Þetta er álíka og á góðri bæjarhátíð," segir hann.

Öll gisting í Skagafirði er jafnan uppseld þessa helgi og þátttakendur dreifast víðar um norðanvert landið, dvelja í Húnavatnssýslu eða Eyjafirði. „Þessi helgi er mikilvæg fyrir samfélagið, ferðamannatímabilið er að fjara út á þessum tíma þannig að það er mikil lyftistöng að fá þennan fjölda inn á svæðið, einkum fyrir þá sem selja gistingu og veitingar," segir Atli Már.

Töluvert er um að útlendingar sækist eftir að komast með í smalamennsku og leigja þeir sér þá hest til fararinnar. „Fólk er búið að panta með löngum fyrirvara. Vonandi er þetta bara komið til að vera," segir hann. /MÞÞ



Björn Sveinsson, bóndi á Varmalæk, Skagafirði og Einar Halldórsson, Kúskerpi.





Fjöldi hrossa var í réttinni og margt þurfti að ræða.



Hún var ekki rög við hrossið, sú stutta.

## MÆLT AF MUNNI FRAM 126

Í ljósi mikillar umræðu um dýravelferð, og þá einkum um aðbúnað á svínabúum landsins, þá er við hæfi að hefja þáttinn þetta sinn á glænýrri limru sem barst frá **Davíð Hjálmari Haraldssyni**. Davíð átti reyndar óskiptan allan síðasta þátt, en þar sem hallað hefur verulega á svínin hér í þessum vísnaþáttum miðað við aðrar búfjártegundir, þá fögnum við þessu framlagi Davíðs sérstaklega:

*Í stíunni svo stórt og rósbleikt*
*lá það*
*og stareygð þjóðin fylgdist með og*
*sá það*
*en eigendurnir þögðu*
*uns 8 raddir sögðu:*
*„ekki á ég svínið hver sem á það."*

Nú er það svo, að rétt eins og með svínin, þá hefur þætti limrunnar lítið verið sinnt hér á þessum síðum. Nú skal úr því bætt. Í fórum mínum á ég fágætt vísnasafn frá **Pétri Stefánssyni**. Pétur hef ég áður kynnt hér til sögu en eftir hann eru þær limrur sem eftir fara. Fyrstu limruna nefnir Pétur „Fasteignagjöld":

*Ei þýðir í móinn að malda,*
*fyrir mannskepnu hýdda og kvalda.*
*Ég grátklökkur hef*
*í höndunum bréf*
*um hækkun fasteignagjalda.*

Síðan verða tilefni óljós:

*Allmargir uppaf hrukku,*
*er Ægir bryti á Lukku*
*matreiddi júgur*
*og maðkaðar bjúgur*
*með Bíldudalsbaunum úr krukku.*

Hér birtist svo limruflokkur sem Pétur nefnir „Limrurima af ástríðuglæp".

***Mansöngur:***
*Ljúft finnst mér limrur að semja*
*og lostugar stúlkur að temja.*
*Á mig svo gat*
*eta af mat*
*og liggja svo afvelta'og emja.*

*Einnig ég áfengi þamba.*
*Um alkahól slaga og ramba.*
*Þar hlæ ég og skæli*
*um helgar og æli,*
*háður þeim bévítans skramba.*

*Mér leiðist í lífinu'að vinna,*
*mig langar hér öðru að sinna.*
*Því ætla ég brag*
*að yrkja í dag*
*um nautnalíf nágranna minna.*

Og svo kemur ríman sem ort var um nágrannana:

*Hann Númi var nágranni góður,*
*nærgætinn maður og fróður.*
*Í sambúð með Ninnu,*
*-sauðtryggri kvinnu,*
*og tyrrinni tengdamóður.*

*Lífið það gekk svona lala;*
*líkamleg ást fór að dala.*
*Og þá var nú vissast*
*að ver'ekki að kyssast*
*né faðmast í húmi og hjala.*

*Þá fluttist í blokkina Bára,*
*brúnhærð um 30 ára.*
*Einhleyp og fögur*
*og aðeins of mögur,*
*en þrýstin um þjó og nára.*

*Og Númi varð ástfanginn óðar,*
*og upplifði stundirnar góðar.*
*Er Báru hann sá*
*í blokkinni þá*
*urðu kinnar á karlinum rjóðar.*

*Og Bára varð hrifin af honum.*
*Og hugurinn fylltist af vonum.*
*Hún elskaði hann,*
*þennan hávaxna mann*
*sem enn vakti kenndir hjá konum.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
kotabyggð1@gmail.com

**Fréttir**

Sögusetur íslenska hestsins:

# Kristinn Hugason ráðinn forstöðumaður

**Sögusetur íslenska hestsins hefur ráðið Kristin Hugason sem forstöðumann setursins.**

Kristinn er með M.Sc-próf í búfjárkynbótafræði og MA-próf í opinberri stefnumótun og stjórnsýslu, hann er gerkunnugur innan íslenska hestaheimsins í gegnum störf sín, m.a. sem landsráðunautur BÍ í hrossarækt.

Meginverkefni Kristins fyrst í stað verða að vinna að framtíðarstefnumótun fyrir Söguseturið í samstarfi við stjórn þess, afla styrkja til að tryggja rekstur setursins til framtíðar, hvoru tveggja til verkefnavinnu og uppsetningu sýninga til að kynna og efla þekkingargrunninn um sögu íslenska hestsins og samfylgd hans með þjóðinni frá örófi alda.



Kristinn Hugason.

Sérstök áhersluverkefni verða að undirbúa aðkomu setursins að landsmóti hestamanna á Hólum 2016 og vinna við greiningu og flokkun á ljósmyndasafni setursins sem er mikið að vöxtum og þarf að koma í varanlega geymslu. /MÞÞ

# Dýrbítar valda fjárskaða á Mosfellsheiði

**Við fjársmölun á Mosfellsheiði fyrir skemmstu voru dýrbítar staðnir þar að verki. Um fimmtíu manna leitarhópur var þá vitni að því þegar þrír hundar frá bæ í Mosfellsdalnum, réðust að einu lambinu.**





Bjarni Bjarnason, bóndi á Hraðastöðum í Mosfellsdal, telur líklegt að sömu hundar hafi einnig verið þar að verki síðastliðin þrjú ár. „Við höfum haft þessa þrjá hunda grunaða og nú urðum við vitni að þessu. Þetta hefur ekki verið jafnslæmt og nú. Við höfum áður lent í smátjónum og ófriði, en ekkert líkt þessu," segir Bjarni og bætir við að tjónið nái einnig til bæja í nálægum sveitarfélögum þar sem samgangur fjár á Mosfellsheiði sé mikill. „Fé frá mörgum bæjum hefur verið bitið. Við náðum tveimur af þessum þremur hundum og það er búið að lóga þeim. Það er ýmist að hundarnir hafi sært féð eða hreinlega étið að hluta." /smh



Bjarni merkir eina fallega lífgimbur. Mynd / Aðalsteinn Á. Baldursson.

# Bændur í haustverkum

**Haustin eru oft mikill annatími hjá sauðfjárbændum.**

Fara þarf í göngur og réttir og að því búnu þurfa bændur að skoða lömbin, kanna hvernig þau hafa skilað sér af fjalli. Þau eru vigtuð og skoðuð með það í huga að velja líflömb til frekari ræktunnar.

Bjarni Eyjólfsson bóndi á Hvoli í Aðaldal í Suður-Þingeyjarsýslu vann að þessu verki eitt kvöldið nýverið. Hann fór skilmerkilega í gegnum lambahóp sinn, 550 stykki í allt.

Eftir vigtun og skoðun eru bestu ásetningsgimbrarnar og hrútarnir tekin til hliðar og skoðuð betur og eru þá ýmis gildi höfð til hliðsjónar, svo sem ætterni.



Tré ársins 2015 er myndarlegur reyniviður í Öræfum, sem stendur einn og óstuddur, með gráar skriður í bakgrunni. Myndir / Ragnhildur Freysteinsdóttir

# Tré ársins 2015 er reyniviður í Öræfum

**Tré ársins 2015 að þessu sinni er reynitré sem stendur í Sandfelli í Öræfum. Reynirinn vekur jafnan athygli, þar sem hann stendur einn og óstuddur, með gráar skriður í bakgrunni og sést hann vel frá þjóðveginum.**

Tréð var gróðursett árið 1923 af Þorbjörgu Guðdísi Oddbergsdóttur, mágkonu séra Eiríks Helgasonar, sem var prestur í Sandfelli frá 1918 til 1931. Þorbjörg fékk tréð sent frá vinkonu sinni á Egilsstöðum, sem hafði fengið það í gróðrarstöðinni hjá Guttormi Pálssyni, skógarverðinum á Hallormsstað, en uppruni þess er ekki þekktur.

Við hæðarmælingu reyndist hæsti stofn trésins vera 11,98 m á hæð, en tréð greinist í sjö stofna.



Í tilefni af tilnefningunni var haldin athöfn þar sem Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, bauð gesti velkomna. Að ávarpinu loknu færði Magnús afkomendum séra Eiríks viðurkenningarskjal og tók Eiríkur Helgason við því fyrir þeirra hönd. Einnig tók Örn Bergsson við viðurkenningarskjali fyrir hönd Öræfinga. Eiríkur Helgason færði svo Skógræktarfélagi Íslands fallega ljósmynd af trénu og tók Magnús Gunnarsson við henni fyrir hönd félagsins.

Skógræktarfélag Íslands útnefnir árlega tré ársins, nú í samstarfi við Arion banka. Er útnefningunni ætlað að beina sjónum almennings að því gróskumikla starfi sem unnið er um land allt í trjá- og skógrækt og benda á menningarlegt gildi einstakra trjáa um allt land. /VH

Alifuglaeldi:

# Átak gegn dritbruna á gangþófum

**Í starfsskýrslu Matvælastofnunar fyrir árið 2014 segir í kaflanum um Heilbrigði og velferð dýra að eftirlitsdýralæknar í sláturhúsum hafi undanfarin ár skráð dritbruna í kjúklingum.**

Dritbruni getur myndast á gangþófum kjúklinga ef undirburður í eldishúsum er of rakur. Samkvæmt skýrslu Matvælastofnunar eru ekki til samanburðarhæf gögn úr eftirliti í sláturhúsum um tíðni vandamála sem eru þekkt í kjúklingaeldi en á grunni nýrrar reglugerðar verður eftirlitskerfi með dritbruna sett upp.

Í skýrslunni segir að slæmur dritbruni hafi fundist í nokkrum kjúklingahópum árið 2014 og fór Matvælastofnun fram á úrbætur í viðkomandi eldishúsum.

*Samnorrænn staðall*

Mat á dritbruna hér er staðlað og það sama og notað er á Norðurlöndunum.





Jón Magnús Jónsson, varaformaður Félags kjúklingabænda.

Um er að ræða sjónmat sem tekur mið af litaspjaldi með myndum af misalvarlegum dritbruna. Matið er í stigum 0 til 200, fari stigin yfir 40 fá búin áminningu en séu þau komin yfir 80 er Matvælastofnun heimilt að fækka fuglum í viðkomandi eldishúsi. Síðan er hægt að vinna sér inn aukningu aftur náist góður árangur með fækkun tilfella.

*Alþjóðlegt vandamál*

Jón Magnús Jónsson alifuglabóndi, eigandi Ísfugls og varaformaður Félags kjúklingabænda, segir að dritbruni á gangþófum alifugla sé alþjóðlegt vandamál og ekki séríslenskt fyrirbæri. „Við höfum séð aukningu tilfella undanfarin ár en staðið ráðþrota gagnvart vandanum.

Danir tóku dritbrunann hjá sér föstum tökum fyrir nokkrum árum og hafa komist upp á lag með að halda honum niðri. Fyrir tveimur árum fékk Ísfugl til sín danskan ráðunaut á þessu sviði sem veitti ráð og strax var farið í að taka á vandanum. Okkar bændur voru einnig sérstaklega uppfræddir um eðli og rót vandans og með hvaða hætti má forðast hann.

Hjá Ísfugli tókum við hreinlega upp danska módelið og var loftræsting, upphitun og ýmislegt annað lagfært að tilmælum sérfræðingsins enda engin önnur ráð að fá."

*Markmiðið að útrýma dritbruna*

Reynslan af danska módelinu er góð hjá Ísfugli og þar hefur tekist að ná verulega góðum árangri í að fækka tilfellum af dritbruna. Markmiðið er að útrýma dritbruna alveg.

Aðspurður hvort önnur alifuglafyrirtæki hefðu farið í svipaðar aðgerðir sagðist Jón Magnús telja að svo væri en vísaði að öðru leyti á fyrirtækin sjálf til að veita upplýsingar um það og hver árangurinn hjá þeim væri. /VH

# HRINGFERÐ - 2015




FRUM - www.frum.is

**5. OKT. MÁNUDAGUR**

HVANNEYRI - BÚTÆKNIHÚS
KL. 10:00-13:00

SNÆFELLSNES - VEGAMÓT - N1
KL. 14:30-15:30

BÚÐARDALUR - N1
KL. 17:30-19:30

**6. OKT. ÞRIÐJUDAGUR**

BARÐASTRÖND - BJARKARLUNDUR
KL. 9:00-10.30

FLÓKALUNDUR
KL. 13:00-14.30

ÞINGEYRI - N1
KL. 17:00-18.30

**7. OKT. MIÐVIKUDAGUR**

HÓLMAVÍK - KAUPFÉLAGIÐ
KL. 10:00-12:00

HRÚTAFJÖRÐUR - STAÐARSKÁLI
KL. 14.30-16:00

MIÐFJÖRÐUR - LAUGABAKKI
KL. 17:00-19:00

**8. OKT. FIMMTUDAGUR**

BLÖNDUÓS - N1
KL. 10:00-12:00

HOFSÓS - KS
KL. 14:00-16:00

VARMAHLÍÐ - KS
KL. 17:00-19:00

**9. OKT. FÖSTUDAGUR**

AKUREYRI - VÉLFANG
KL. 10:00-16:00

FORMLEG OPNUN VÉLFANG AKUREYRI
KL. 18:00-22:00
ALLIR VELKOMNIR, LÉTTAR VEITINGAR

**12. OKT. MÁNUDAGUR**

ÞINGEYJARSVEIT - ÝDALIR
KL. 10:00-12:00

ÁSBYRGI - SÖLUSKÁLINN
KL. 13.30-15:00

ÞÓRSHÖFN - SÖLUSKÁLINN
KL. 16:00-17:00

VOPNAFJÖRÐUR - OLLASJOPPA
KL. 18.30-20:00

**13. OKT. ÞRIÐJUDAGUR**

EGILSSTAÐIR - FRUMHERJI
KL. 10:00-13:00

HORNAFJÖRÐUR - NESJUM - N1
KL. 16:00-18:00

**14. OKT. MIÐVIKUDAGUR**

FREYSNES
KL. 9:00-11:00

KIRKJUBÆJARKLAUSTUR-SKAFTÁRSKÁLI
KL. 13:00-15:00

VÍK - VÍKURSKÁLI
KL. 16:00-18:00

**15. OKT. FIMMTUDAGUR**

HVOLSVÖLLUR - HLÍÐARENDI
KL. 10:00-13.30

HELLA - PAKKHÚSIÐ
KL. 14.30-16:00

ÞYKKVIBÆR
KL. 16.30-17.30

**16. OKT. FÖSTUDAGUR**

SELFOSS OG NÁGRENNI - ÞINGBORG
KL. 10:00-12:00

FLÚÐIR - FÉLAGSHEIMILIÐ
KL. 13:00-15:00

REYKHOLT - ARATUNGA
KL. 16:00-17.30

***Komið og kynnið ykkur***
***það nýjasta frá CLAAS***
***DRÁTTARVÉL MORGUNDAGSINS***

CLAAS

VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri • www.claas.is

CLAAS




## Nýliðun í mjólkurframleiðslu

**Bændasamtök Íslands, Búnaðarstofa auglýsir eftir umsækjendum um framlög vegna stuðnings við nýliðun í mjólkurframleiðslu.**

Er þetta samkvæmt verklagsreglum í VIÐAUKA V, (verklagsreglur um stuðning við nýliðun í mjólkurframleiðslu) í reglugerð nr. 1101/2014 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda verðlagsárið 2015, með síðari breytingum.

Þeir sem hafa hug á að sækja um eru hvattir til að kynna sér áðurnefndar verklagsreglur.

Umsóknarfrestur er til 15. október næstkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Búnaðarstofa í síma 563 0300 og á ak@bondi.is

## Greiðslumark á Bændatorginu

Nú geta handhafar beingreiðslna séð gildandi greiðslumark fyrir sitt bú á Bændatorginu í flipanum Greiðslumark í skjámyndinni sem kemur fram ef ýtt er á „Bú yfirlit: Sækja:“

## Beingreiðslur í garðyrkju

**Samþykkt hefur verið nýtt beingreiðsluverð á gúrkur, papriku og tómata.**

Samkvæmt reglugerð nr. 1178/2014 með síðari breytingu, um beingreiðslur í garðyrkju skulu Bændasamtök Íslands, Búnaðarstofa, endurskoða spár um framleiðslumagn ársins fyrir 1. október 2015 og á grundvelli þess gera tillögur til framkvæmdanefndar búvörusamninga um breytingar á fyrirframgreiðslu á selda einingu.

Samþykkt hefur verið eftirfarandi einingaverð samkvæmt framleiðsluspá Búnaðarstofu:

| | Tonn | Kr./kg |
|---|---|---|
| Gúrkur | 2004,8 | 49,29 |
| Paprika | 235,0 | 167,25 |
| Tómatar | 1500,0 | 88,70 |

Greidd eru 93% af samþykktu einingaverði frá og með 1. okt. að telja.

## Ásetningshlutfall 2016

**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur auglýst ásetningshlutfall sauðfjár vegna ársins 2016. Það er óbreytt frá fyrra ári eða 0,70.**

Árið 2016 þurfa handhafar greiðslumarks sauðfjár því að eiga 70 vetrarfóðraðar kindur á móti hverjum 100 ærgildum til að fá óskertar beingreiðslur.


Guðjón og Jón handsala hér samninginn um ritun sögu kaupfélaganna á Suðurlandi. Á myndinni á milli þeirra er Ágúst Helgason frá Birtingarholti í Hrunamannahreppi en hann var fyrsti formaður stjórnar Kaupfélags Árnesinga.

## Guðjón Friðriksson skrifar sögu kaupfélaganna á Suðurlandi

**Stjórn Kaupfélags Árnesinga hefur samið við Guðjón Friðriksson um ritun samvinnusögu Suðurlands eða öllu heldur sögu kaupfélaganna á Suðurlandi.**

Guðjón skrifaði m.a. sögu Faxaflóahafna, ævisögu Hannesar Hafstein, Reykjavík bernsku minnar, sögu Reykjavíkur, um forsetatíð Ólafs Ragnars og sögu Jónasar frá Hriflu og er þá bara fátt eitt talið. Verkið mun taka nokkur ár í vinnslu en heildarkostnaður við það er um tuttugu milljónir króna. Um er að ræða sögu Kaupfélags Árnesinga, Kaupfélags Rangæinga, Kaupfélags Skaftfellinga, Kaupfélags Vestmannaeyja og annarra kaupfélaga á Suðurlandi sem sameinuðust téðum kaupfélögum, dótturfyrirtækja þeirra og skyldra félaga. „Í stórum dráttum verður um að ræða framfara- og athafnasögu Suðurlands á 20. öld sem sett verður fram í samhengi við þjóðarsögu, stjórnmálasögu og alþjóðlega strauma. Forgöngumönnum og forystumönnum téðra félaga verða gerð góð skil. Stjórn Kaupfélags Árnesinga telur það mikið lán að hafa fengið Guðjón til þessa starfs, en hann er þjóðþekktur fyrir fræðistörf sín og vandaðar bækur“, segir Jón Vilhjálmsson, formaður stjórnar Kaupfélags Árnesinga. /MHH


Handhafar Náttúruverndarviðurkenningar Sigríðar í Brattholti, Elisabeth Hauge og Björn Halldórsson á Valþjófsstöðum, Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra og Völundur Jóhannesson.

### Ráðherra veitir Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti:

# Veitt fyrir eljusemi, kraft og einstakt ræktunarstarf

**Á Degi íslenskrar náttúru þann 16. september veitti Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti.**

Viðurkenningin er veitt vegna markverðs starfs á sviði náttúruverndar. Að þessu sinni voru veittar tvær viðurkenningar til einstaklinga sem hafa af mikilli eljusemi lagt sig fram um að bæta og endurheimta land með ræktun, oft og tíðum við erfið skilyrði. Þessir einstaklingar hafa tekist á við landgræðslu og skógrækt við sorfnar strendur og á hrjóstrugum heiðum og sýnt þannig í verki að þeim er annt um landið.

Viðurkenningarnar hlutu annars vegar hjónin Björn Halldórsson og Elisabeth Hauge á Valþjófsstöðum í Núpasveit, sem hafa lagt alúð við að græða og rækta upp jörð sína út við ysta haf. Hins vegar Völundur Jóhannesson á Egilsstöðum sem þekkir hálendið vel og hefur sýnt fram á að þar er hægt að rækta upp og hlúa að gróðri langt yfir þeim hæðarmörkum sem menn hafa talið mögulegt að stunda ræktun.

### *Eljusemi, kraftur og áhugi í landgræðslu*

Í rökstuðningi ráðherra vegna Náttúruverndarviðurkenningar Sigríðar í Brattholti kemur m.a. fram að þau Björn og Elisabeth á Valþjófsstöðum hljóti viðurkenninguna fyrir eljusemi, kraft og áhuga í landgræðslu og skógrækt við erfið ræktarskilyrði á svæði sem stendur fyrir opnu norðurhafi. Uppgræðsluverkefni þeirra nái frá fjöru til fjalls en að auki sé sjálfbærni leiðarljós í öllum búskap þeirra, sem endurspeglist m.a. í eigin raforkuframleiðslu.

### *Einstakt ræktunarstarf á hálendi Íslands*

Völundur hlýtur viðurkenninguna fyrir einstakt ræktunarstarf á hálendi Íslands í 640 metra hæð. M.a. hafi honum tekist að fá birki til að þrífast auk um 200 tegunda á svæði sem áður var talið ómögulegt til ræktunar. Þá hafi Völundur barist fyrir vernd hálendisins og sýnt framsýni í uppbyggingu skála og salernisaðstöðu á fjölförnum leiðum á hálendinu. Hann nýti sér einnig sjálfbæra orkugjafa og hafi með þrautseigju breytt hugmyndum um hvað sé mögulegt í ræktun á hálendi Íslands.

### *Við hæfi á alþjóðlegu ári jarðvegs*

Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, segir að á alþjóðlegu ári jarðvegs sé við hæfi að heiðra slíka einstaklinga. Því af jarðveginum og moldinni spretti gróður og líf sem enginn okkar getur verið án.

„Um aldir snerist líf og velsæld þjóðarinnar um frjósemi moldarinnar og afrakstur hennar, hvort sem var til beitar eða ræktunar. Góð umgengni um landið felst ekki bara í því að forðast að skilja eftir sig ljót spor eða sviðna jörð heldur ekki síður að leggja sitt af mörkum til að varðveita þann jarðveg sem við eigum og nýta af skynsemi.

Hér á landi hefur verið unnið að jarðvegsvernd í yfir heila öld. Fyrir frumkvæði, þrautseigju og útsjónarsemi frumkvöðla í jarðvegsvernd hér á landi hefur náðst að bjarga sveitum sem voru undirlagðar sandi. Með tímanum hefur aukin þekking og reynsla gert okkur kleift að takast betur á við að laga land og bæta. Það er aðdáunarvert það eljusama starf sem bændur, skógræktarfólk, vísindamenn og áhugafólk hafa af mikilli ástríðu og þolinmæði lagt á sig við að rækta upp, binda örfoka land og græða. Oft á tíðum hefur tekist að endurheimta verðmætt landbúnaðarland sem er lykilþáttur þess að hægt sé að stunda búrekstur í sveitum.

Þessir einstaklingar, líkt og þeir sem hlutu Náttúruverndarviðurkenningar í ár, hafa lagt hug og hönd í verkið án þess að berja sér á brjóst, yrkt jörðina samkvæmt bestu mögulegu þekkingu og virkjað þann kraft sem býr í náttúrunni til að varðveita auðlindina til nota fyrir komandi kynslóðir. Þeir eru sannir náttúruverndarsinnar,“ segir ráðherra.


Sigrún Magnúsdóttir við afhendingu viðurkenninganna.

Á Degi íslenskrar náttúru þann 16. september síðastliðinn voru einnig veitt fjölmiðlaverðlaun samkvæmt fyrirliggjandi tilnefningum. Þau hlutu Hallgrímur Indriðason, fréttamaður á RÚV, sem gerði deiluefni um virkjanakosti í Þjórsá góð skil í sjónvarpsfréttum 17. maí sl.

Iceland Review, sem sagði frá eldgosinu í Holuhrauni í fjölda vandaðra og upplýsandi greina og með ljósmyndum sem komu hrikafegurð eldsumbrotanna og áhrifum þeirra á viðkvæma náttúru vel til skila.

Einnig fékk þáttaröðin „Lífríkið í sjónum við Ísland“, viðurkenningu, en hún var sýnd á sjónvarpsstöðinni N4. Það er röð stuttra þátta ætluð til vekja athygli á fjölbreyttu náttúrulífi neðansjávar. /HKr

## Náttúruverndarviðurkenning Sigríðar í Brattholti

**Það var í tilefni af 20 ára afmæli umhverfisráðuneytisins 23. febrúar 2010 að Svandís Svavarsdóttir, þáverandi umhverfisráðherra, ákvað að heiðra minningu Sigríðar Tómasdóttur í Brattholti.**

Var þá ákveðið að afhenda náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti í fyrsta sinn á degi umhverfisins þann 25. apríl það ár. Afhending verðlaunanna hefur nú verið flutt yfir á Dag íslenskrar náttúru. Viðurkenningin er afhent einstaklingi sem hefur unnið markvert starf á sviði náttúruverndar.



Sigríður Tómasdóttir fæddist 24. febrúar 1871 í Brattholti. Sigríður var baráttukona og náttúruverndarsinni sem lagði á sig mikið erfiði í baráttu gegn virkjun Gullfoss. Hún var því brautryðjandi á sviði náttúruverndarmála hér á landi og hefur æ síðan verið íslenskum náttúruverndarsinnum fyrirmynd.

SAMSUNG

# Samsung með 24 af 25 bestu sjónvörpunum í gæðakönnun Neytendablaðsins*

Viðskiptablaðið fjallar um gæðakönnun Neytendablaðsins á sjónvörpum á íslenskum markaði, 24. september sl.

Í könnuninni er tækjunum gefin einkunn fyrir myndgæði, hljóðgæði, tengingar, orkunotkun, þægindi í notkun og ofl.

Í niðurstöðunum kemur fram að Samsung sjónvörpin eru talin besti kostur í 24 tækjum af 25, í stærðum 47" til 55".

Með stolti bjóðum við því uppá bestu sjónvörpin og vonum að niðurstöðurnar hjálpi fólki að gera upp hug sinn við sjónvarpskaupin.





Viðskiptablaðið

Innskráning · RSS

Föstudagur, 25. september 2015

Óvissa um skil hjá umboðsmanni | Stefán þarf að greiða Landsbankanum 50 milljónir | Hvati til að byggja dýrar íbúðir | Sigurður gjaldþrota

Forsíða | Sjónvarp | Skoðun | Tölublöð

INNLENT

**Samsung með mikla yfirburði í gæðakönnun Neytendablaðsins**

24. september 2015 kl. 10:11

Samsung ES9000 sjónvarp.

Samsung með 24 af 25 bestu sjónvörpunum í gæðakönnun Neytendablaðsins.

Sjónvörp frá Samsung eru í 24 af 25 efstu sætunum í gæðakönnun Neytendablaðsins á sjónvarpstækjum. Könnunin birtist í septemberútgáfu Neytendablaðsins en þar er borinn saman fjöldi sjónvarpstækja frá öllum helstu framleiðendum.

Samsung sjónvarpstæki eru í tólf efstu sætunum en tæki frá Sony er í 13. sæti listans. Sony er eina merkið utan Samsung sem kemst á topp 25 listann. Þrjú efstu tækin í könnuninni eru öll 55 tommu tæki frá Samsung. Tækið sem er í efsta sætinu kostar 599.995 kr. en tækin í öðru og þriðja sæti kostar 329.995 kr. og 369.900 kr. Átta af efst níu Samsung tækjunum á listanum eru 55 tommu tæki.

Í könnuninni er tækjunum gefin einkunn fyrir myndgæði, hljóðgæði, tengingar, orkunotkun, þægindi í notkun og ofl. Athygli vekur að engin tæki frá þekktum framleiðendum eins og t.d. Philips, Panasonic og LG eru á meðal þeirra 25 bestu samkvæmt þessari könnun Neytendablaðsins.

*http://vb.is/frettir/samsung-med-mikla-yfirburdi-i-gaedakonnun-neytendabladsins/121050/

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | **ORMSSON** ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | **KS** SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | **SR BYGG** SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | **ORMSSON** AKUREYRI SÍMI 461 5000 | **ORMSSON** HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | **ORMSSON** VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | **ORMSSON** PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900 | **ORMSSON** ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | **GEISLI** VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333 | **TÆKNIBORG** BORGARNESI SÍMI 422 2211 |

| | |
|---|---|
| **OMNIS** AKRANESI SÍMI 433 0300 | |

Fréttir




Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra:

# Fögnum aukinni samkeppni

**Costco kemur, samkeppnin vex. Nú liggur það fyrir að Costco, bandarísk verslunarkeðja, ætlar að staðsetja sig á Íslandi, nánar tiltekið í Garðabæ. Þetta er þriðja landið í Evrópu sem þessi magnaða keðja velur til að stinga niður fæti sínum.**

Costco er nokkurs konar kaupfélag eða samvinnufyrirtæki, viðskiptavinir ganga í félagið og greiða árgjald og flagga skírteini. Gjaldið er ekki hátt en gefur aðgang að ódýrari vöru, m.a. matvörum, bensíni og dekkjum undir bíla. Hvers vegna Ísland? Ja, ætli smásöluálagning hér sé ekki með því hæsta sem gerist í Evrópu. Ekki er það fjölmennið sem dregur þá hingað.

Við öll hljótum að fagna þessari auknu samkeppni í smásöluversluninni og verður hún vonandi hvati til að lækka verðlag og um leið að bæta lífskjör.

Costco leiðir enn fremur lækkað verð á bensíni í Bandaríkjunum og hefur það sem markmið að selja eldsneyti á lægra verði en keppinautarnir.

### *Vitleysan ríður ekki við einteyming*

Það kom upp úr dúrnum að matvörur hafa hækkað talsvert í verði síðustu mánuði. Viðbrögð Verslunar og þjónustu lýsa taugaveiklun og vandræðagangi, þeir kenna um opinberri verðlagningu á mjólkurvörum sl. vor og ráðast á sendiboðann og skamma hann en það var ASÍ sem upplýsti um málið.

Verðlagsnefndin hafði ekki hækkað mjólkurvörur í um tvö ár og hækkunin var tiltölulega lítil en þær vörur sem höfðu hækkað verulega í verðkönnun ASÍ voru t.d. grænmeti, ávextir, sælgæti, kjötvörur o.fl. – hvers vegna? Ekki heyra þær undir verðlagsnefndina. Það er því eðlileg spurning þegar stórfelldar niðurfellingar eru fram undan á tollum, bæði á skóm fatnaði og matvælum, verður þeim skilað til almennings?

### *Tollalækkun, lifir svínið það af?*

Landbúnaðarráðherra lauk samningagerð við ESB um tollalækkanir á matvælum. Þessi gjörningur mætir mikilli andstöðu meðal bænda, ekki síst svína- og kjúklingabænda, og þeir efast um að atvinnugreinarnar lifi svo stórfelldar breytingar af, sem væri skaði því bæði svína- og kjúklingabændur eru að framleiða góða vöru undir strangari löggjöf en krafist er erlendis. Vegna stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í landbúnaðar- og matvælamálum hefði verið eðlilegast að hefja sóknina hér heima og hefja matvælalandið Ísland til vegs og virðingar með stefnumörkun, ramma um ný markmið. Hins vegar eru auðvitað í þessu einhver tækifæri fyrir hinar hefðbundnu búgreinar bæði í skyri og lambakjöti. Langmikilvægasti markaðurinn er þó heimamarkaðurinn, bændur, – hann er ykkar lífsakkeri og ykkur ber að rækta hann.

Það er gott að horfa til tækifæra erlendis en erlendir markaðir eru oftast yfirfullir af útsölumatvælum á lágu verði. Ég sá viðtal við Björn Magnússon, bónda á Hólabaki, í sjónvarpinu. Hann sagði að afurðastöðvar og bændur ættu að flytja út undir einu merki og gera það saman en ekki sundraðir, auðvitað er þetta eina vitið.

Lambakjötið okkar, þessi góða villibráð, fer um mörg lönd og er víðast hvar borðuð sem óþekkt vara á alltof lágu verði. Íslandslamb með fánarönd og fjallahring á umbúðunum og í markaðssetningunni framleidd á fjölskyldubúi í landi hreinleikans vekur mikla athygli. En eftir slíkri vöru eru neytendur að leita um víða veröld og vilja borga hærra verð fyrir gæðin.

### *Ráðherra verður að snúa vörn í sókn*

Landbúnaðarráðherra er nú í nokkrum vanda eftir tollaafsalið. Hann á að kalla bændur að sínu borði og semja um það í ríkisstjórn og ná um það samstöðu á Alþingi að ljúka búvörusamningum á þessu hausti, fyrir jól. Marka landbúnaðinum skarpa sýn og öfluga umgjörð til langs tíma.

Ég efast ekki um vilja ráðherrans og veit að báðum stjórnarflokkum er vilji til þessara verka og í stjórnarandstöðunni er viðhorfið til bænda gott og slíkir búvörusamningar gætu vel orðið samstöðumál.

Bændur eru í dag sú stétt sem á einna mest traust meðal landsmanna og fólkið í landinu styður bændur og vill sjá íslenskan landbúnað öflugan og að landið sé byggt en ekki lagt í eyði. Að við blasi bleikir akrar og slegin tún þegar ferðast er um landið okkar. Einnig að í eldhúsinu heima sé mikil ánægja með landbúnaðarafurðirnar hjá okkur öllum, hágæðavöru.

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

Umhverfismál:

# Drög að reglugerð um meðferð varnarefna til kynningar

**Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar eftir umsögnum um drög að nýrri reglugerð um meðferð varnarefna eins og illgresiseyða, skordýraeyða og tiltekin sæfiefni.**

Á heimasíðu umhverfisráðuneytisins segir að meginmarkmið reglugerðarinnar sé að vernda menn og umhverfi fyrir hugsanlegri hættu sem stafar af meðferð varnarefna, tryggja að þeir sem koma að markaðssetningu, meðferð og notkun varnarefna hafi aflað sér nægilegrar þekkingar á öruggri meðferð þeirra, draga úr notkun varnarefna og takmarka eða banna notkun varnarefna á viðkvæmum svæðum.



**Úðun skordýraeiturs og annarra varnarefna við ræktun matjurta og fóðurjurta í landbúnaði er stórkostlegt vandamál víða um heim. Við neyslu geta þessi efni borist í fólk og valdið óbætanlegum skaða.**

Varnarefni ná yfir fjölbreyttan hóp efnavara, s.s. illgresiseyða, skordýraeyða og tiltekinna sæfiefna og gilda um þau strangar reglur.

Meðal helstu nýmæla má nefna að skylt verður að skoða og prófa reglulega búnað sem notaður er til dreifingar á plöntuverndarvörum, notkun varnarefna á friðlýstum svæðum verður takmörkuð, fjallað er um sértækar ráðstafanir til verndar vatnavistkerfinu og dreifing varnarefna úr loftförum verður óheimil.

Þá eru ákvæði um gerð aðgerðaáætlunar til 15 ára um notkun plöntuverndarvara, en í henni skulu sett mælanleg markmið um aðgerðir til að draga markvisst úr notkun þeirra og stuðla að sjálfbærni á þessu sviði.

Drögin er að finna á heimasíðu ráðuneytisins: http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Varnarefni.pdf

Hægt er að senda inn umsagnir um drögin til 9. október 2015 á netfangið postur@uar.is og í bréfpósti á umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Skuggasundi 1, 101 Reykjavík. */VH*



Úr Skorradal. *Mynd / HKr.*

# Tillaga um sameiningu alls skógræktarstarfs landsins

## – yrði sameining undir hatt Skógræktar ríkisins eða nýrrar stofnunar

**Starfshópur um sameiningu skógræktarstarfs ríkisins leggur til við umhverfis- og auðlindaráðherra að það verði sameinað í eina, nýja stofnun.**

Um er að ræða starf Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefna í skógrækt; Vesturlandsskóga, Skjólskóga á Vestfjörðum, Norðurlandsskóga, Héraðs- og Austurlandsskóga og Suðurlandsskóga, auk umsjónar með Hekluskógum.

Á heimasíðu umhverfisráðuneytisins segir að Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, hafi skipað starfshópinn í júní síðastliðnum og hafi hann nú skilað greinargerð sinni.

Starfshópurinn er sammála um að sameining landshlutaverkefnanna og Skógræktar ríkisins í eina stofnun sé æskileg og skapi tækifæri fyrir framþróun og eflingu skógræktar í landinu.

### *Tvær leiðir voru skoðaðar*

Í skýrslunni segir meðal annars að starfshópurinn hafi skoðað tvær mögulegar leiðir eða sviðsmyndir um hvernig æskilegt væri að standa að breytingunum:

1. Skógræktarstarfið yrði sameinað í stofnun sem starfi undir nafni og kennitölu Skógræktar ríkisins. Stjórnir landshlutaverkefnanna og störf framkvæmdastjóra yrðu lögð niður og verkefnin sameinuð Skógrækt ríkisins. Ráðið yrði í starf yfirmanns landshlutaverkefnanna og ný störf sem kæmu í stað starfa framkvæmdastjóra hvers landshlutaverkefnis.
2. Skógræktarstarfið yrði sameinað í nýja stofnun. Öllum núverandi starfsmönnum yrði boðið starf hjá nýrri stofnun en störf gætu tekið breytingum.

Að áliti meirihluta starfshópsins er meiri ávinningur í leið tvö þannig að skógræktarstarf á vegum ríkisins verði endurskoðað með virkri þátttöku starfsmanna og helstu hagaðila.

Meðal helstu verkefna stofnunarinnar yrðu skipulag og ráðgjöf við nýræktun skóga, umhirða og nýting, umsjón þjóðskóga eins og Hallormsstaðaskógar og Vaglaskógar, rannsóknir í skógrækt og fræðsla og kynning. */VH*



CONEXX®

## STÁLGRINDARHÚS

30 ÁRA REYNSLA

**Conexx®** hefur í yfir 30 ár hannað og smíðað stálgrindakerfi til byggingar á fjósum og öðrum gripahúsum. **Conexx®** var í upphafi stofnað af bændum og byggir reynslu sína fyrst og fremst á samskiptum og samstarfi við bændur. Kerfið er hannað með mjög stuttan byggingatíma í huga og býður upp á lausnir fyrir stór jafnt sem smærri kúabú.
**Conexx®** stálgrindakerfið uppfyllir ýtrustu kröfur sem gerðar eru til nútímafjósa með megin áherslu á náttúrlega lýsingu og fullnægjandi loftræstingu.

• **VÉLASKEMMUR - GRIPAHÚS - REIÐSKEMMUR**

# REYNSLA OG ÞEKKING



spinder

## FJÓSAINNRÉTTINGAR

40 ÁRA REYNSLA

BYKO býður innréttingar í fjós og önnur gripahús í samstarfi við hollenska fyrirtækið **Spinder**. Í meira en 40 ár hefur **Spinder** verið leiðandi fyrirtæki í hönnun og framleiðslu á fjósainnréttingum. Allar vörur eru hannaðar og prófaðar með ströngustu gæðakröfur í huga og miða að velferð bæði dýra og manna.
Áralöng reynsla **Spinder** hefur leitt af sér innréttingakerfi sem auðvelt er að aðlaga að nánast öllum þörfum nútíma fjósa. Leitaðu tilboða og berðu saman verð og gæði.

• **BURÐARSTÍUR - BÁSAINNRÉTTINGAR - BRYNNINGARKERFI**



SWAANS BETON

## GÓLF Í GRIPAHÚS

50 ÁRA REYNSLA

**Swaansbeton** hefur í meira en hálfa öld framleitt gólflausnir fyrir allar gerðir gripahúsa. Gólfin frá **Swaansbeton** eru framleidd í nútímalegum verksmiðjum í Heeze og Weert í Hollandi undir ströngu gæðaeftirliti og í samræmi við reglugerðir. Hönnun gólfanna tekur mið af miklu burðarþoli, stömu en slitsterku yfirborði og auðveldri losun mykju og hlands. Hafðu samband við sölumenn BYKO og fáðu nánari upplýsingar.
**Swaansbeton** er leiðandi fyrirtæki í þróun, hönnun og framleiðslu gólfa í gripahús.

• **NAUTGRIPIR - HROSS - SVÍN - SAUÐFÉ**

### NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA SÉRFRÆÐINGAR OKKAR



Kai Storgaard
Sölu- og markaðssvið
S: 515 4123 / 821 4080
kai@byko.is



Helgi Svanur Guðjónsson
Sölustjóri á Selfossi.
Sími: 480 4602 / 821 4041
helgis@byko.is



Halldór Th. W. Kristinsson
Sölu- og markaðssvið
S: 515 4187 / 821 4186
halldorthor@byko.is



Stefán Erlingsson
Sölustjóri á Akureyri
S: 460 4862 / 821 4058
stefaner@byko.is

Opnunartímar
www.byko.is

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Aðalsímanúmer 515 4000 | Verslun Breidd 515 4200 | Timburverslun Breidd 515 4100 | Leigumarkaður BYKO 515 4020 | Lagnaverslun Breidd 515 4040 |
| BYKO Grandi 535 9400 | BYKO Akureyri 460 4800 | BYKO Reyðarfjörður 470 4200 | BYKO Suðurnes 421 7000 | BYKO Selfoss 480 4600 |

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Fréttir

## Kjöt og fiskur er sælkeraverslun í Þingholtunum:

# Vandaðar og fjölbreyttar matvörur

**Í snotrum kjallara, á horni Bergstaðastrætis og Spítalastígs í Reykjavík, má finna litla sérverslun með matvæli sem heitir Kjöt og fiskur. Þegar blaðamaður kíkti í heimsókn á fyrsta degi októbermánaðar fagnaði búðin 11 mánaða starfsafmæli. Verslunin er í eigu Pavels Ermolinskij og Jóns Arnórs Stefánssonar, sem eru kunnir landsliðsmenn íslenska körfuknattleikslandsliðsins, en Benóný Harðarson er meðeigandi þeirra.**

„Við fáum lambakjötið okkar frá SAH Afurðum á Blönduósi, í gegnum Kjöthúsið í Kópavogi. Við vinnum svo minni háttar verk hér í versluninni; gerum snitsel, sögum í hryggi og úrbeinum og fleira – og reynum bara að sinna þeirri eftirspurn sem við fáum. Við höfum verið að taka inn sérstaka hluta eins og nautasíðu, auk annarra óvenjulegra parta. Það var einn sem pantaði nautakinnar um daginn og það var ekkert mál að útvega það. Fiskinn fáum við frá Stakkavík í Grindavík,“ segir Gunnlaugur Þór Kristinsson verslunarstjóri.



### *Rekjanleiki afurða*

„Við leggjum mikið upp úr rekjanleikanum á kjötinu sem við seljum – og varðandi nautakjötið getum við vísað á þá bæi sem hafa alið gripina. Það hefur verið erfiðara með svínakjötið, en eftir að dýravelferðarmálin komust í hámæli nú fyrir skemmstu höfum við kallað eftir því að fá upplýsingar um hvaðan okkar kjöt kemur.

Við viljum helst vera með vörur sem þú færð að öllum líkindum ekki annars staðar. Við erum með nokkuð fjölbreytt úrval af því og ég get nefnt Sriracha-sósu, sem er sterk sósa, mikið úrval af ólífuvörum, niðursoðna tómata í basillegi og sólþurrkaða tómata. Þetta hefur verið mjög vinsælt hjá okkur af því sem má kalla unnar matvörur og fæst í krukkum og dósum. Það má líka nefna að við erum nýlega komin með niðursoðin andalæri og höfum líka selt andalæri frá veitingastaðnum Snaps.

Við erum í ágætu samstarfi við Snaps – fáum þá til dæmis til að gera fyrir okkur hinn sívinsæla plokkfisk sem þeir gera úr hráefni frá okkur. Svo gerum við sjálfir kartöflusalat sem upphaflega var gert eftir uppskrift frá Snaps, en núna erum við búin að gera hana að okkar eigin.




Gunnlaugur Þór Kristinsson verslunarstjóri er hér við kjötborðið. Myndir / smh

Við erum líka stolt af framboðinu hjá okkur af hrísgrjónum, fræjum og olíum. Við erum með sjaldgæfar olíur og kjarnaolíur sem margar hverjar þola meiri hita en þessar hefðbundnu. Þar má nefna avókadó- og repjuolíu sem fólk tekur talsvert til að djúpsteikja upp úr, en einnig aðrar viðkvæmari eins og möndlu- og pistasíuolíu. Þá erum við með perlubygg, margs konar hrísgrjón og furuhnetur sem eru spænskar, en ekki kínverskar eins og finnast víða og eru lakari að gæðum.“

### *Mest fer af fiski fram eftir viku*

„Mest fer af fisknum úr borðinu okkar á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum – en steikurnar koma svo inn í innkaupin þegar líður að helginni. Við miðum talsvert við þetta mynstur í innkaupum enda viljum við ekki sitja uppi með of mikið af góðu hráefni,“ segir Gunnlaugur Þór Kristinsson.

*/smh*

HROSS & HESTAMENNSKA

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrun.hulda.palsdottir@gmail.com



## Breytingar verða á vali kynbótahrossa inn á Landsmót á Hólum til að gera sýningu þeirra áhorfendavænni:

# Fyrirhugað að fækka hrossum á mótinu

**Fyrirhugaðar eru breytingar á sýningum kynbótahrossa á Landsmóti hestamanna á Hólum. Samkvæmt tillögum starfshóps um málefnið verður sett þak á fjölda kynbótahrossa á mótinu.**

Mun það gefa færi á nýjum útfærslum á sýningum kynbótahrossa. Hugmyndirnar verða kynntar í fundarferð á næstu vikum.

Á síðasta aðalfundi Félags hrossabænda var skipaður starfshópur til að ræða nýtt fyrirkomulag Landsmóta. Ástæðan er sterk krafa um að létta dagskrá kynbótasýninga á mótinu og gera hana áhorfendavænni. Í nefndinni sitja fulltrúar frá aðildarfélögum Félags hrossabænda, Landssambandi hestamannafélaga, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og Félagi tamningamanna. Munu fulltrúar starfshópsins kynna niðurstöður hennar og hugmyndir í fundarferð sem farin verður kringum landið í október.

### *Dagskráin þykir þung í vöfum*

Val kynbótahrossa inn á Landsmót hestamanna hefur verið háð einkunnarlágmörkum sem Fagráð í hrossarækt gefur út ár hvert. Hafa þau hross sem uppfylla einkunnarlágmörk á vorsýningum hlotið rétt til að koma fram í hefðbundinni kynbótasýningu Landsmóti, þar sem hrossin eru dæmd fyrir kosti. Einkunn fyrir sköpulag hefur hins vegar staðið samkvæmt vordómi.

Einkunnarlágmörkin hafa þó haft þá vankanta að ekki hefur verið hægt að vita fyrirfram hversu



Með fækkun hrossa á kynbótasýningum á Landsmóti hestamanna skapast möguleikar að að útfæra sýningar á kynbótahrossum á annan hátt en verið hefur. Í þessu samhengi hafa úrvalssýningar hrossa verið nefndar. Hér er Ölnir frá Akranesi, hæst dæmdi 6 vetra stóðhestur á Landsmótinu 2014. Hann hlaut 9,5 fyrir vilja og geðslag. Knapi er Daníel Jónsson.

mörg hross hljóta þátttökurétt. Því hefur fylgt óvissa sem hefur háð skipulagi og dagskrá mótsins. Þannig hlutu um 280 hross þátttökurétt á Landsmótinu á Hellu 2014, en 231 hross komu fram. Þótti dagskráin fullþung í vöfum sem bætti enn þá kröfu, frá fyrri árum, að breytinga sé þörf.

Samkvæmt hugmyndum starfshópsins verður sett þak á fjölda hrossa í hverjum flokki. Þannig munu aðeins hæst dæmdu hrossin hljóta þátttökurétt. Þorvaldur Kristjánsson, ábyrgðarmaður hrossaræktar hjá RML, situr í nefndinni. Hann segir fjölda hrossa í hverjum flokki vera útfærsluatriði en líklegast verði miðað við sögu fyrri ára, sem sýnir að flest hrossin koma fram í 5 og 6 vetra flokki og einnig þurfi að komast að því hver heildarfjöldinn eigi



Byggingardómar gætu fengið vægi á Landsmótum ef af fyrirhuguðum breytingum verður. Hesturinn er Höttur frá Austurási, Helga Una Björnsdóttir heldur í hann.

að vera. Þá hafi komið til umræðu hvort dæma ætti öll kynbótahrossin á mótinu eða stefna á kynningar á hluta hrossanna, þ.e. elsta flokk hrossa.

### *Úrvalskostir og falleg hross*

Með því að fækka hrossum á kynbótasýningum og minnka vægi í flokki elstu hrossa, telur skipulagsnefndin að hægt sé að létta á dagskrá kynbótahrossa á Landsmóti. Þá gæti enn fremur skapast möguleikar á að útfæra sýningar á kynbótahrossum á annan hátt en verið hefur.

Í þessu samhengi nefnir Þorvaldur úrvalssýningar hrossa með einkunnina 9,5 og 10 fyrir ákveðnar gangtegundir sem gætu orðið vinsælar meðal áhorfenda.

Þá segir hann spennandi að gefa byggingardómum vægi á Landsmóti. Þannig væri hægt að stilla upp fallegustu hrossum landsins, samkvæmt kynbótadómum, áhorfendum til gagns og gleði. Fleiri útfærsluatriði hafa verið rædd innan nefndarinnar og vonast Þorvaldur eftir að eiga gagnlegar samræður við fundargesti á fyrirhugaðri fundarferð en þar verða þessar hugmyndir kynntar og fólki gefst færi á því að segja sína skoðun á þeim.

Stefnt er að því að fullmóta tillögu að breyttu fyrirkomulagi kynbótasýninga á aðalfund Félags hrossabænda sem fram fer í byrjun nóvember.

*/GHP*




**Landstólpi býður kúabændum umhverfis landið á áhugaverða fyrirlestra alþjóðlegra fagmanna í fóðrun mjólkurkúa.**

**Johan Verhoek**, sérfræðingur í fóðrun mjólkurkúa hjá de Heus, fjallar um auðveldu leiðirnar til aukinnar mjólkurframleiðslu og meiri mjólkurfitu.

**Myrthe Brabander**, ráðgjafi í fóðrun hjá Landstólpa, greinir frá niðurstöðum könnunar og viðtala við bændur sem unnin hafa verið undanfarin misseri þar sem áhersla hefur verið á hagræðingu og hámarksnýtingu fóðurs til afurða.

**Sævar Örn Gíslason**, yfirmaður fóðursviðs hjá Landstólpa, greinir frá þróun kjarnfóðurssölu hjá Landstólpa og þeim árangri sem fyrirtækið hefur náð með kúabændum víðsvegar um landið.

Fundirnir eru opnir öllum og aðgangur er ókeypis. Boðið verður upp á léttar veitingar fyrir fundargesti og verða fyrirlestrar þýddir.

| Vesturland | Norðurland | Austurland | Suðurland |
|---|---|---|---|
| **Mánudaginn 12. okt** | **Þriðjudaginn 13. okt** | **Miðvikudaginn 14. okt** | **Fimmtudagur 15. okt** |
| **kl. 20.30** | **kl. 11.00 - 14.00** | **kl. 11.00 - 14.00** | **kl. 11.00 - 14.00** |
| Landbúnaðarháskólinn | Kaffi Kú | Fjóshornið | Landstólpi |
| Hvanneyri | Garði | Egilsstöðum | Gunnbjarnarholti |

**Dagskrá**

**Húsið opnað**

**Meiri mjólk, meiri fitu - Auðveldu leiðirnar**
Johan Verhoek

**Tækifæri til hagræðingar**
Myrthe Brabander

**Þróunin og verkefnin framundan**
Sævar Örn Gíslason

**Umræður og fyrirspurnir**

**Fundi slitið**

Landstólpi er vaxandi fyrirtæki með kjarnastarfsemi í heildsölu og smásölu landbúnaðarvara og byggingu stálgrindarhúsa.

Landstólpi Gunnbjarnarholti 801 Selfoss s. 480 5600 landstolpi@landstolpi.is www.landstolpi.is

LANDSTÓLPI

# STEKKUR

## „Truntum og runtum ...“

**Samkvæmt norrænum goðsögum er heimurinn skapaður úr holdi og blóði hrímþursans Ýmis en hrímþursar eru í mannsmynd, hræðilega ljótir, kafloðnir og með hala, þeir eru líka heimskir og grimmir.** Tröll, jötnar og risar eru ekki talin jafnvitlaus og þursar þótt seint teljist þeir vel gefnir. Tröllkonur eru aftur á móti kallaðar skessur eða flögð.

Sagt er að tröllum hafi fækkað mjög eftir að kristni var lögtekin í landinu. Tröllin hata hinn nýja sið og sérstaklega er þeim illa við klukknahljóminn og hafa hvað eftir annað reynt að brjóta kirkjur sem sprottið hafa upp eins og gorkúlur um allt land. Skessan í Skessuhorni reyndi til dæmis að henda stórum steini í kirkjuna á Hvanneyri og á Stað í Hrútafirði er stór steinn sem tröll ætlaði kirkjunni.

***Mikið gefin fyrir gleðskap***

Tröll eru mikið gefin fyrir gleðskap og veislur þeirra þykja rosalegar. Mannakjöt er ómissandi í veislum, sérstaklega um jólin, en ef það er ekki á boðstólum láta þau sér nægja hrossakjöt. Eitthvað mun einnig vera um að erlendir ferðamenn hverfi sporlaust og lendi í tröllskjafti.

Sér til skemmtunar kasta tröll hlutum á milli sín. Í einni sögu er talað um að þau kasti á milli sín fjöreggi en oftar en ekki kasta tröll hnútum hvert í annað. Þar er átt við að kasta beinum sem búið er að éta af í sessunaut sinn. Einnig er svonefndur hráskinnsleikur vinsæll meðal trölla en það var boltaleikur þar sem nýflegnum ísbjarnarfeldi er hnoðað saman og hann notaður sem bolti.

Tröll eru yfirleitt heimsk og æða beint af augum án tillits til aðstæðna. Einu sinni ætlaði norsk tröllkona að vaða til Íslands. Hún hafði orðið þess áskynja að álar væru á leiðinni en taldi þá færa og á hún að hafa sagt við nágrannatröll sitt: „Djúpir eru Íslands álar en þó munu þeir væðir vera.“

Tröllkerlingin taldi að í dýpsta álnum mundi hún væta koll sinn en ekki verða meint af. Þar sem tröll eru ekki synd ætlaði hún sér að ná fyrir skip sem var á leiðinni til Íslands og styðja sig við það yfir álinn. En kerlingin missti af skipinu og varð fótaskortur við álinn þannig að hún steyptist í hann og drukknaði.

Löngu áður en Ísland byggðist voru tvær tröllskessur á Austurlandi. Önnur bjó við sjó en hin í jökli. Einu sinni þegar þær hittust fóru þær að rífast um land sem þær þóttust báðar eiga.

Skessurnar gerðu með sér samning um að leggja báðar af stað snemma morguns og hafa landamerki þar sem þær mættust. Þær hittust á hálsi í Möðrudalslandi sem síðan nefnist Grjótgarðsháls, skessurnar hlóðu þar mikinn grjótgarð sem stendur enn í dag. Garðurinn þykir svo mikið furðuverk að talið er ómögulegt að hann sé gerður af mannavöldum.

Til er fjöldi sagna um að tröll trylli til sín menn og breyti þeim í tröll. Þetta er þó mikið maus því það þarf annaðhvort að láta þá sofa milli tveggja tröllkvenna sem hvísla látlaust í eyra þeirra töfraþulu eða maka þá í floti og súru smjöri og toga þá og teygja yfir eldi. /VH

---

UMHVERFISMÁL & LANDBÚNAÐUR



Ari Trausti Guðmundsson
Jarðfræðingur og rithöfundur



Jökulsárlón og Öræfajökull. Íslenskir jöklar tapa nú árlega 0,2 til 0,3% af ísmassanum. Mynd / ATG

# Epli, bláber, svartþrestir og makríll – 2. grein

I Foreldrar mínir gróðursettu eplatré í góðu skjóli við sumarbústað fjölskyldunnar skömmu fyrir 1960. Það blómstraði síðla vors í nokkur ár, svo förlaðist því og þessi útlenska jurt var orðin óskaplega hnípin undir síðustu aldarlok. En þá tók smám saman að hýrna yfir hríslunni og æ oftar sáust á því hvít blóm. Þessar og skyldar breytingar í lífríki lands og sjávar eru glöggar vísbendingar um hlýnun veðrahvolfsins, eins þótt stað- og tímabundin kólnun geti skyggt á heildartilhneiginguna. Hún er afdráttarlaus. Á nokkur þúsund veðurstöðvum heims hefur meðalárshiti samanlagt hækkað um tæpt eitt stig á um einni öld, um leið og helsta lofttegundin (koltvíildi) í andrúmsloftinu, sem megnar að halda hita að yfirborðinu, hefur risið mjög snögglega úr 340 milljónustu hlutum upp í 400. Það er hraðari hækkun og hærri gildi en sést hafa í nokkur hundruð þúsund ár (skv. mælingum á innihaldi lofts í borkjörnum úr risajöklum). Á svipuðu tímabili hefur gengið hratt á trjágróður jarðar eða sem nemur 1–2 sinnum flatarmáli Írlands á ári hverju. Gróðurinn og hafið binda koltvíildi og jurtirnar skila súrefni til okkar. Um hlýnunina og afleiðingar hennar núorðið deilir hvorki allur þorri sérfræðinga né mikill meirihluti pólitíkusa.

II Einu gildir hvort menn velja að halda því fram að hlýnunin sér aðallega af völdum náttúrulegra ferla eða samþykkja að mannleg virkni sé meginorsökin.

Afleiðingar hlýnandi loftslags koma svo sterkt við pyngju eða lífsskilyrði flestra að heimsbyggðin er orðin sammála um að grípa verði til margvíslegra mótvægisaðgerða. Því er enda þannig varið að miklu fleiri afleiðingar hlýnunar valda erfiðleikum en þær sem gera gagn. Bætt gróðurskilyrði gera gagn sums staðar en stærri eyðimerkur valda hungursneyð annars staðar. Söngur svartþrastar hljómar vel hjá okkur en engisprettufaraldur á nýjum slóðum veldur uppskerubresti. Makríll færir sig norðar en súrnun hafsins veldur hruni í skelfiskræktun í Kaliforníu. Nú er stefnt að bindandi samkomulagi um alþjóðlegar aðgerðir þar sem hvert ríki heims setur sér alvörumarkmið til mótvægis. Ef fyrirhuguð ráðstefna í París (COP 21) fellur á prófinu, er engin von til að unnt verði að minnka núverandi hlýnunarhraða og ef til vill halda hækkun ársmeðalhitans innan 2 stiga á næstu áratugum.

III Ísland er auðvitað ekki eyland í veðurfarssamhengi. Hér eru bætt gróðurskilyrði augljós með hlýnandi loftslagi, en til dæmis hækkun sjávarborðs um hríð, súrnun hafsins og sennilega auknir veðuröfgar eru aftur á móti staðreyndir sem valda áhyggjum. Samhengi okkar við umheiminn og hlýnunina er þó enn afdráttarlausara þegar kolefnislosun á Íslandi, að húshitun og orkuframleiðslu frátaldri (það er raunhæft til þess að skoða raunveruleikann).

Í ljós kemur að fáar ef nokkrar þjóðir losa jafn mikið af koltvíildi og við, á hvert mannsbarn. Skýringin er stór skipafloti, gríðarlegir landflutningar, véla- og bílanotkun og myndarlegur flugfloti. „Hausareglan“ er réttmæt, ella væri helmingur allra þjóða heims stikkfrí því meginhluti loftmengunar stafar frá iðnríkjum og stórveldum. Í heild er íslensk losun á við eitt mjög stórt raforkuver í Evrópu sem kynt er með jarðefnaeldsneyti, alls um 5 milljónir tonna á ári. Enginn flýr eigin ábyrgð á því sem miður fer í umhverfismálum heima fyrir.

IV Í íslenskum landbúnaði stafar losun gróðurhúsalofttegunda aðallega af bíla- og vélanotkun (koltvíildi) og skepnuhaldi (metan). Meta má hana sem 15–17% af heildarlosuninni, deilt á ríflega 4.000 býli. Um 40% losunar skrifast á allan iðnað og má af því ráða að landbúnaður er í tiltölulega mengunarmiklum flokki. Til viðbótar notkun jarðefnaeldsneytis hefur til dæmis framræsla votlendis aukið gróðurhúsaáhrifin vegna þess að hún veldur losun koltvíildis. Þar á móti kemur veruleg skógrækt bænda og uppgræðslu- og gróðurverndarátak á borð við Bændur græða landið, og sennilega einhver fækkun búpenings. Við blasir að bændur geta unnið með ýmsum hætti að því að minnka losun koltvíldis, auk þess að stuðla að aukinni bindingu kolefnis með endurheimt votlendis, aukinni trjárækt og annarri uppgræðslu. Til þess þarf að leggja fram leiðbeiningar um hvernig það getur gerst, stuðla að nýsköpun og veita styrkjum til ýmissa verkefna. Einna mikilvægast er þó, þegar allt kemur til alls, að bændur nái samkomulagi sín í milli og við viðskiptaaðila, auk stjórnvalda, um markmið og leiðir.

V Ábyrgð bænda við að minnka hlut landbúnaðar í losun kolefnislofttegunda er jafn augljós og annarra þjóðfélagshópa. Hingað til hefur umræða um hana farið lágt og til að mynda í deilum um innog útflutning landbúnaðarvara er líkt og enginn sé morgundagurinn í þessum efnum. Þar er einblínt á verð og vöruúrval rétt eins og flug- og sjóflutningar yfir hálfan hnöttinn komi ekki við sögu. Dapurlegt er að horfa á eða hlusta á þá, sem hæst kalla á sem óheftastan innflutning, sleppa hagrænum þáttum umhverfismála í málflutningnum. Þeir sem koma innan úr landbúnaðargeiranum gleyma þeim að mestu í sínum mótrökum. Hvort ætli sé farsælla: Að kaupa innflutt bláber (500 g) frá Chile í plastfötu á 1.399 kr. eða 350 g í endurnýttum pappabakka úr Haukadal á 999 kr.? Af sjálfu leiðir að í leit að svari ber að muna að margt þarf að flytja inn matarkyns á Íslandi. Eða er snjallt að aka sauðfé til slátrunar 200 km leið og svo afurðir sömu leið til baka? Í leit að svari skipta krónurnar einar ekki öllu máli. Sammála?

---

## Neytendastofa:

# Sjö matvöruverslanir sektaðar vegna ónógra verðmerkinga

**Neytendastofa hefur sektað sjö rekstraraðila matvöruverslana fyrir að fara ekki að fyrirmælum stofnunarinnar um að bæta verðmerkingar. Voru verslanirnar sektaðar um samtals 6.050.000 kr.**

Á heimasíðu Neytendastofu segir að í verðmerkingareftirliti í matvöruverslunum sé kannað hvort vörur séu verðmerktar bæði með söluverði og með einingarverði auk þess sem farið er yfir hvort verð á hillu sé rétt. Þá



**Neytendastofa gerði athugasemdir við verðmerkingar í flestum þeirra matvöruverslana sem skoðaðar voru. Þegar skoðuninni var fylgt eftir höfðu 19 verslanir, í eigu sjö fyrirtækja, ekki enn gert fullnægjandi umbætur á verðmerkingum.**

er skoðað sérstaklega hvernig verðmerkingum með notkun verðskanna er háttað.

Neytendastofa gerði athugasemdir við verðmerkingar í flestum þeirra matvöruverslana sem skoðaðar voru og þegar skoðuninni var fylgt eftir höfðu 19 verslanir, í eigu sjö fyrirtækja, ekki enn gert fullnægjandi umbætur á verðmerkingum. Í flestum verslunum voru gerðar athugasemdir við fjölda ómerktra eða vitlaust verðmerktra vara en einnig höfðu athugasemdir verið gerðar við að einingaverð vantaði í nokkrum verslunum.

Skylda til að verðmerkja söluvörur með söluverði og einingarverði er mjög skýr og því hefur Neytendastofa nú gripið til þess að leggja stjórnvaldssekt á þau sex fyrirtæki sem ekki höfðu lagað verðmerkingar sínar. Það eru fyrirtækin 10-11, Bónus, Iceland, Krónan, Nettó, Plúsmarkaðurinn, Samkaup og Vietnam Market. /VH

# Hraustur gripur er gulls ígildi

## Reviva 7 kg

Orkudrykkur fyrir nýbornar kýr.

Blanda orkuefna, næringarsalta og vítamína sem gefin er strax eftir burð, áður en kýrin kemst í vatn.




Kr. 8.035 án vsk.

FARM-O-SAN
Animal Health Products
Going Beyond Nutrition



Kr. 9.790 án vsk.

## Calcivit-B 5 ltr

Hentar vel fyrir kýr um burð, einkum kúm sem er hætt við doða.

Inniheldur 20 grömm af kalki pr. hverja 200 millilítra, B-vítamín og própýlenglýkol sem orkugjafa.



Sala og ráðgjöf Sími 540 1100 | Lynghálsi, Reykjavík Óseyri, Akureyri | Efstubraut, Blönduósi Borgarbraut, Borgarnesi | www.lifland.is lifland@lifland.is

LÍFLAND



# Er þetta ekki flott?



**Til sölu hinar sérstöku súlu-Blæaspir, 2-3 m háar. 30 ára reynsla af þeim hér á landi. Þurfa lítið rými og henta vel sem stakstæð tré.**

**Einnig hengibirki og vörtubirki frá N-Noregi og ýmsar aðrar öðruvísi plöntur. Alaska aspir 2-3 m (Sælandsaspir, keisaraaspir og iðun). Íslenskt birki 2-3 m.**

**Nú er góður tími til að planta. Grænt-Land Sími: 860-5570**



# Tilboð!

**Birkitré 2-3 m. á hæð.**
**Tilboðsverð v. magnkaup, 10 stk., 20 stk., 30 stk. eða fleiri**

**Grænt Land ehf. - Flúðum**
**Uppl. í síma 860-5570**



Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

**Næsta blað kemur út 22. október**



# RÉTTU JEPPADEKKIN KOMA ÞÉR ALL LEIÐ



UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Jeppi stendur ekki undir nafni nema hann sé vel dekkjaður. Ef þú vilt nýta til fullnustu, orku, aksturseiginleika og öryggi jeppans, skiptir sköpum að velja réttu dekkin. Þegar jeppadekk eru annars vegar búum við yfir áratuga reynslu og þekkjum þá eiginleika sem breytilegar akstursaðstæður kalla á.

TOYO TIRES driven to perform

BFGoodrich Tires TAKE CONTROL

MAXXIS®



Open Country AT    Open Country MT



All-terrain AT    Mud-terrain KM2



Bighorn MT-762    Bravo AT-771

Bílabúð Benna
590 2045 / BENNI.IS

Tangarhöfði 15 110 Reykjavík 590 2045 | Fiskislóð 30 101 Reykjavík 561 4110 | Grjótháls 10 110 Reykjavík 561 4210 | Lyngási 8 210 Garðabæ 565 8600 | Njarðarbraut 9 260 Reykjanesbæ 420 3333

NESDEKK
NESDEKK.IS / 561 4200



Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, Heiðar Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Landsmóts hestamanna 2016, og Lárus Ástmar Hannesson, formaður Landssambands hestamanna, á einum af nýju keppnisvöllunum á landsmótssvæðinu. Myndir /MÞÞ

## Fjölmenni kynnti sér nýja og glæsilega aðstöðu Landsmóts á Hólum:

# Uppbygging mun nýtast Hólaskóla til framtíðar

## – framkvæmdir á svæðinu mikil lyftistöng fyrir hestatengt nám

**Mikill fjöldi gesta sótti Hóla í Hjaltadal heim til að skoða nýja og glæsilega aðstöðu sem byggð hefur verið þar upp vegna Landsmóts hestamanna sem þar verður haldið sumarið 2016 og nýtast mun Háskólanum á Hólum að því loknu.**

Athöfn var á svæðinu að lokinni Laufskálarétt þar sem flutt voru ávörp og framkvæmdir kynntar auk þess sem Magnús Bragi Magnússon á Birtu frá Laugardal tóku fyrsta sprettinn á nýjum keppnisvelli sem gerður var á liðnu sumri. Það voru skipuleggjendur Landsmótsins sem buðu heim, hestamannafélögin í Skagafirði buðu upp á dýrindis kjötsúpu, lifandi tónlist ómaði um svæðið í fallegu haustveðri.

Fulltrúar hestamannafélaganna í Skagafirði, sem senn verða sameinuð í eitt öflugt félag, riðu ásamt nýkrýndum heimsmeistara í tölti, Kristínu Lárusdóttur, inn á nýjan keppnisvöll.

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, og Lárus Ástmar Hannesson, formaður Landssambands hestamanna, fluttu ávörp og þökkuðu þeim sem að uppbyggingu svæðisins hafa staðið, ekki síst fulltrúum Háskólans á Hólum og Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Sindri vakti athygli á því að miðasala á Landsmótið 2016 væri þegar hafin og með því að kaupa miða í forsölu sem nú stæði yfir gætu væntanlegir áhorfendur náð hagstæðum kjörum. Forsala stendur til næstu áramóta. Með því að bjóða miða í forsölu væri lögð áhersla á að Landsmót væri viðburður fyrir alla fjölskylduna. Þá hefur miðaverð til ungmenna verið lækkað til muna samanborið við síðustu landsmót. Skrið er á miðasölu og fer hún betur af stað en nokkru sinni fyrr og þá er einnig góður gangur í allri skipulagsvinnu fyrir mótið.

### *Nýir vellir, ný áhorfendasvæði og vaxandi eftirvænting*

Mikil vinna hefur staðið yfir á væntanlegu mótssvæði undanfarna mánuði, en m.a. er búið að byggja nýjan kynbótavöll og áhorfendasvæði við hann, byggður hefur verið nýr keppnisvöllur fyrir gæðingakeppni og áhorfendasvæði við hann einnig, ásamt því að vegir hafa verið lagðir utan um væntanlegt tjaldsvæði sem og víðar á svæðinu.

Heiðar Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Landsmóts, segir að fram undan sé vinna við raflagnir, lagningu ljósleiðara og fleiri verkefni í þeim dúr. „Þessar framkvæmdir utandyra mynda svo ásamt glæsilegum húsakynnum, reiðhöllum og hesthúsum frábært svæði fyrir landsmót. Við heyrðum ekki annað en gestum sem heimsóttu landsmótssvæðið hafi litist vel á og mikil eftirvænting er ríkjandi fyrir landsmóti, ekki síst því að nú verður haldið landsmót á Hólum fimmtíu árum eftir að það var haldið þar síðast,“ segir Heiðar.



Fulltrúar hestamannafélaganna í Skagafirði, sem senn verða sameinuð í eitt öflugt félag, riðu ásamt nýkrýndum heimsmeistara í tölti, Kristínu Lárusdóttur, inn á nýjan keppnisvöll.



Magnús Bragi Magnússon á Birtu frá Laugardal tók fyrsta sprettinn á nýjum keppnisvelli sem gerður var á liðnu sumri.



Áhorfendasvæðin nýju rúma fjölda gesta, en gerðar hafa verið góðar áhorfendabrekkur við nýju keppnisvellina. Vaxandi eftirvænting er vegna Landsmóts hestamanna sem haldið verður að Hólum næsta sumar.

### *Lyftistöng fyrir starfsemina á Hólum*

„Vinna við skipulag flestra þátta varðandi mótshaldið er komin vel á veg og fyrr en oft áður. Við finnum mikinn meðbyr með verkefninu. Hestamenn í Skagafirði standa þétt að baki þessu verkefni og þá finnum við mikinn áhuga í hópi fyrrverandi nemenda Hólaskóla, þeir vilja ólmir koma á landsmót enda gefur það einstakt tækifæri til endurfunda við skólann og svæðið.“

Sindri og Lárus lögðu báðir áherslu á að landsmótssvæðið yrði mikil lyftistöng fyrir starfsemi Háskólans á Hólum, sem væri mikilvægasta einstaka stofnunin sem tengdist hestamennsku. „Þessi uppbygging mun nýtast Hólaskóla í framtíðinni og því eru þessar framkvæmdir mikil lyftistöng fyrir hestatengt nám á Hólum. Þær munu án efa efla hrossarækt og hestamennsku í landinu,“ segir Sindri.

„Hólaskóli er æðsta menntastofnun Íslandshestamennskunnar í heiminum og fjöregg okkar hestamanna. Allt sem gert er hér mun nýtast svæðinu vel,“ segir Lárus.

/MÞÞ


Suevia hágæða brynningarskálar



Mikið úrval brynningarskála fyrir nautgripi, hross og sauðfé.

Gæðaskálar á góðu verði

Vélaval
560 Varmahlíð
453 8888 - velaval.is




# ÚTBOÐ

**Veiðár til leigu Hvolsá og Staðarhólsá**

Veiðifélag Hvolsár og Staðarhólsár óskar hér með eftir tilboði í lax- og silungsveiði á starfssvæði félagsins fyrir árin 2016 til 2019 að báðum/öllum árum meðtöldum, samkvæmt meðfylgjandi útboðsskilmálum og fyrirliggjandi upplýsingum.

Útboðsgögn eru hjá umsjónarmanni útboðsins Þórarni B Þórarinsyni

email **rbiggi@simnet.is** sími **864-2163** og verða þau afhent áhugasömum í tölvupósti .

Frestur til að skila tilboði rennur út dags **1 nóvember 2015 kl 15:00**

Og verða tilboðin þá opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

Fyrir hönd stjórnar Þórarinn B. Þórarinsson












Fréttaskýring

### Markaðsverð á korni, mjólk og öðrum landbúnaðarvörum hefur hríðfallið á undanförnum mánuðum:

# Æpandi þversagnir í matvælaframleiðslu heimsins og tvíeggjað sverð á lofti

## – matvælafjöll hrannast upp og verðhrun setur bændur á hausinn þótt mikil þörf sé á að stórauka landbúnaðarframleiðsluna

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



**Matvælaverð á alþjóðlegum hráefnismörkuðum hefur hríðfallið undanfarnar vikur og mánuði. Þótt neytendum hér á landi og víðar um heim kunni að finnast þetta gleðitíðindi þá er það sannarlega tvíeggjað sverð sem getur valdið almenningi miklum skaða til lengri tíma.**

Á liðnum mánuðum er það einkum viðskiptabann ESB og Bandaríkjanna á Rússa sem er að skekkja markaðinn allverulega, sem og minnkandi hagvöxtur í Kína. Þá er aukin ásókn fjárfesta í ræktarland og fjárfestingar þeirra í ýmsum búgreinum eins og mjólkurframleiðslu greinilega farin að hafa veruleg áhrif í Evrópu.

### *Viðskiptabannið á Rússa skaðar evrópska bændur*

Vegna viðskiptabannsins á Rússa eru evrópskir bændur sem þar hafa átt mikil og góð viðskipti í gegnum tíðina komnir í stórkostleg vandræði. Gott dæmi er staða danskra svínabænda. Finnskir bændur og bændur í öðrum Eystrasaltslöndunum hafa einnig fundið illilega fyrir þessu. Algjör óvissa er líka um útflutning á íslensku kindakjöti til Rússlands sem miklar væntingar voru bundnar við. Þá eru evrópskir mjólkurframleiðendur líka að lenda í stórkostlegum vanda vegna þessa. Einnig vegna áhrifa af mjólkurkvótaniðurlagningu í landbúnaðarkerfi ESB og innkomu stórfjárfesta inn í greinina sem eykur enn vandann

### *Blessun markaðslögmálanna kann að breytast í bölvun*

Fréttir frá Bretlandi á síðustu misserum sýna að mikil fjárfesting peningamanna í kúabúskap og mjólkurframleiðslu hefur innleitt kalda rökhyggju markaðsaflanna inn í breskan landbúnað. Þar hafa menn beitt þekktri aðferð til að drepa af sér samkeppni sem leitt hefur til fjöldagjaldþrota hjá breskum smábændum. Þar var farin sú leið að stórframleiðendur á mjólk gerðu samninga við verslunarkeðjur um sölu á mjólk langt undir eðlilegu kostnaðarverði. Allt var þetta gert undir þeim formerkjum að verið sé að bæta hag neytenda.

Vissulega lækkar verð á landbúnaðarvörum töluvert um hríð, en þegar fjöldi bænda hverfur úr greininni mun framleiðslan minnka til muna. Þá standa eftir stóru búin sem geta þá stórhækkað verð að nýju í takt við lögmál framboðar og eftirspurnar. Nokkuð tryggt er að stórbúin munu ekki fá neina samkeppni svo nokkru nemur, þar sem með bændunum sem hverfa úr greininni fer einnig dýrmæt þekking og reynsla. Því er talið líklegt að innan ekki langs tíma muni sá þekkingarflótti fara að valda breskum landbúnaði miklum skaða til langframa.

### *Mjólkurbændur í Evrópu að kikna undan verðfalli*

Verð á hrámjólk í löndum Evrópusambandsins hefur lækkað stórlega á þessu ári miðað við síðasta ár. Bændur eru víða farnir að örvænta og hefur það m.a. lýst sér í miklum mótmælum bænda víða um Evrópu og eins og frægt er við höfuðstöðvar ESB í Brussel. Þar hafa menn ekki síst kennt um aflagningu kvótakerfis í mjólkurframleiðslu sem hafi neytt fjölda bænda í gjaldþrot, en viðskiptabannið á Rússa spilar þar líka stóra rullu.




**Evrópskir bændur mótmæla miklum verðlækkunum á mjólk og leggja áherslu á mál sitt með því að sprauta mjólk á lögreglumenn fyrir utan höfuðstöðvar Evrópusambandsins í Brussel.** Mynd / bellenews.com









**Franskir bændur mótmæla verðlækkunum til bænda á kjöti og öðrum afurðum en með því sé verið að hrifsa af þeim lifibrauðið.** Mynd / npr.org

### *Meðaltalsverðfall til bænda fyrir mjólk í ESB-ríkjunum er 20%*

Mest hefur verðfall á hrámjólk til bænda verið í Lettlandi eða um 28% á milli ára. Í Ungverjalandi og Eistlandi er verðfallið 26% og 25% til bænda í Þýskalandi. Í hinu fræga mjólkurlandi Hollandi nemur verðfallið 24% líkt og í Lúxemborg og Belgíu. Í Litháen og á Írlandi er verðfallið 23%, en 21% í Danmörku og 20% í Slóveníu og Slóvakíu. Meðaltalsverðfall til bænda fyrir hrámjólk í 28 ríkjum Evrópusambandsins er 20%.

Í Svíþjóð er verðfallið 19% og í Rúmeníu og Finnlandi 18%. Þá búa bændur í Bretlandi, Frakklandi og Austurríki við 17% verðlækkun, Pólland og Portúgal með 16%, Spánn með 15% og verðlækkun á hrámjólk til ítalskra bænda er 14%.

Minnst er verðfallið 1% á Möltu og 2% í Grikklandi og eina ESB-landið sem státar af lítils háttar hækkun til bænda fyrir hrámjólk er Kýpur sem er með heil 2% í hækkun.

Meðaltalsmjólkurverð til bænda í ESB-löndunum í júlí (farm gate milk price) var um 29,7 evrur á hver 100 kg, eða tæplega 0,30 evrur á lítra sem samsvarar rúmlega 42 krónum á lítra.

### *Ískyggileg staða hjá breskum kúabændum*

Ef Bretland er skoðað sérstaklega sést að mjólkurframleiðslan hefur ekki verið meiri síðastliðin fimm ár en í sumar og fór í um 1.360 milljónir lítra í lok maí. Frá því í mars hefur verð til bænda heldur ekki verið lægra síðastliðin fimm ár. Sem dæmi var verð á lítra 23,34 pens í júlí (0,32evrur á lítra), sem samsvarar um 45 krónum. Þarna er um meðaltal að ræða og í mörgum tilfellum er verðið mun lægra.

Í viðtali í breska blaðinu The Guardian sagði kúabóndinn Mark James í Bodenham í Herefordskíri í janúar á þessu ári að baráttan væri orðin erfið. Þá var hann að fá um 20 pens fyrir lítrann en þurfti 23 pens til að það borgaði sig að standa í framleiðslu. Síðan hefur dæmið bara versnað og hafa bændur einkum kennt um niðurlagningu kvótakerf-

isins hjá ESB. Þá hefur einnig verið bent á að stóru verslanakeðjurnar í Bretlandi, Marks & Spencer, Tesco og Sainsbury's, hafi nýtt sér frjáls viðskipti milli ESB-landa til að keyra mjólkurverðið í Bretlandi enn meira niður. Þar nýttu kaupmenn sér það að vegna viðskiptabanns á Rússa hrundi helsti útflutningsmarkaður Austur-Evrópuþjóðanna fyrir mjólkurvörur. Þannig hafa þessar verslanir ekki þurft að greiða bændum þar um slóðir nema um 16 pens á lítra, eða langt undir kostnaðarverði. Sömu afleiðingar hefur sala stórframleiðenda á mjólk til stórmarkaða undir kostnaðarverði haft á smábændur í Bretlandi svo höggið er margfalt. Árið 1995 voru um 36 þúsund kúabændur í Bretlandi en þeir eru nú orðnir færri en 10 þúsund og fækkar enn.

### *Eins brauð, annars dauði*

Samkvæmt tölum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) frá 10. september sl., féll matvælaverðsvísitala um 5,2 prósent frá júlí til ágúst. Er þetta mesta verðfall á þessum markaði síðan í desember 2008. Engar vísbendingar eru um viðsnúning, en þvert á móti óttast menn að afturkippur í efnahag Kína kunni að draga enn úr viðskiptum á markaði og þar með auka offramboð.

### *Er bændum og samfélögum fórnað fyrir gróðavonina?*

Samkvæmt lögmálum markaðarins mun niðurkeyrsla á verði landbúnaðarafurða augljóslega fækka bændum og draga úr framleiðslugetunni. Samkvæmt sama lögmáli mun verðið sem nú er á hraðri niðurleið rjúka upp í himinhæðir þegar framleiðendur geta ekki lengur annað eftirspurn.

Gallinn við þetta er sá að í landbúnaði virka hlutirnir talsvert mikið örðuvísi en t.d. í framleiðslu á iðnaðarvörum sem eru ekki lífsspursmál fyrir neytendur. Menn endurreisa ekki svo auðveldlega landbúnað þar sem þeir sem þekkinguna og reynsluna höfðu eru horfnir á braut. Það tekur nefnilega langan tíma að rækta upp land og dýrastofna að nýju og eldi á nauti til slátrunar tekur sem dæmi um 18 til 24 mánuði. Því munu neytendur óhjákvæmilega fá að borga brúsann fyrir þann blekkingarleik sem þeir eru nú látnir taka þátt í m.a. með því að keyra tímabundið niður verð á landbúnaðarvörum.

Nær öruggt má telja að sumar búgreinar munu seint ná sér á strik aftur. Það hefur síðan keðjuverkandi og víðtæk áhrif á samfélögin í dreifðari byggðum Evrópu.

### *Snjallir peningamenn munu græða*

Allt snýst þetta um að snjallir peningamenn sjá möguleikana í ofsagróða á matvælum með smá fórnarkostnaði í byrjun. Þeir hafa nefnilega uppgötvað peningavélina í landbúnaðinum sem snýst svo lengi sem fólk heldur áfram að borða mat.

Í þessu, líkt og í uppbyggingu fjármálakerfa með endalausum blekkingaleik fyrir hrunið 2008, eru peningamenn að nýta sér fjölmiðla til að skapa sér góða ímynd þar sem hamrað er á kröfum um ódýrari fæðu og allt í nafni almennings. „Væl" bænda um að þeir þurfi kostnaðarverð til að standa undir framleiðslunni, láta menn sem vind um eyru þjóta. Íslendingar þurfa ekki að líta langt aftur í tímann til að sjá skýr dæmi um slíkan hrunadans í kringum gullkálfinn, en menn eru vissulega fljótir að gleyma.

### *Veruleg skekkja í heimsmyndinni*

Það er eitthvað verulega skakkt við ástandið. Það eru ekki mörg misseri síðan forsvarsmenn Sameinuðu þjóðanna vöruðu heimsbyggðina við væntanlegum matvælaskorti. Þjóðir




heims voru hvattar til að efla eigin framleiðslu til að tryggja sitt fæðuöryggi. Alþjóðabankinn sagði m.a. í uppfærðum texta í apríl 2015:

„Heimsbyggðin þarf að auka matvælaframleiðsluna um að minnsta kosti 50% til að geta fætt þá 9 milljarða manna sem búa munu á jörðinni árið 2050. Þar að auki gætu loftslagsbreytingar á þessum tíma dregið úr uppskeru um 25%. Líffræðilegt jafnvægi lands og sjávar er í hættu ef ekki verður ráðist í að breyta því hvernig við ræktum matvæli og meðhöndlum okkar náttúrugæði. Sérstaklega í fátækum heimshlutum."

Á Íslandi íhuguðu bændur stöðuna og skoðuðu hvernig þeir gætu helst aukið sína framleiðslu. Í framhaldinu hafa fjölmargir bændur ráðist í miklar fjárfestingar.

Öll þessi rök hafa nú verið sett á haus. Nú hrúgast upp birgðir matvæla víða um heim vegna verðfalls, á meðan fólk á stórum svæðum hefur ekki efni á að kaupa mat og sveltur.

Nær allt þetta umrót er tilkomið vegna pólitískra aðgerða og vegna mistaka í efnahagsstjórn einstakra ríkja og ríkjasamsteypa.

### *Matvælaverð og matvælaskortur undirrót uppþota*

Alþjóðabankinn hefur fylgst náið með áhrifum matvælaverðsbreytinga á samfélög þjóðanna undir því sem kallað er Food Riot Radar og Food Price Watch. Menn minnast uppreisna 2007 víða um lönd í kjölfar mikilla hækkana á matvælaverði og eins vegna skorts á matvælum. Í sumum ríkjum leiddi þetta til pólitískrar upplausnar sem enn sér ekki fyrir endann á. Nokkur ótti er við að þetta kunni að endurtaka sig.

Miklar verðlækkanir sem stafa af birgðasöfnun vegna spákaupmennsku kunna að leiða minnkandi framleiðslugetu og mikilla verðhækkana á matvöru í kjölfarið. Í Evrópu bætast svo við erfiðleikar í efnahagsstjórnun og bylgja flóttamanna sem flæðir þar inn yfir landamæri. Slíkt getur hæglega kynt undir sjónarmið harðlínuhópa með skelfilegum afleiðingum.



**Indverskir bændur mótmæla landhremmingum fjárfesta (land grabbing) og háu leiguverði á landi.** Mynd / Indianexpress

### *Alþjóðabankinn varar við hættunni*

Samkvæmt matvælaverðsvakt Alþjóðabankans lækkaði verð á matvælum á heimsvísu um 14% frá ágúst 2014 til maíloka 2015. Er þetta mesta lækkun í fimm ár. Innan einstakra framleiðslugreina urðu þó miklar sveiflur. Þar kemur fram að lækkandi olíuverð hafi haft þar töluverð áhrif sem og lækkandi verð á aðföngum bænda eins og áburði. Þegar í september 2014 byrjaði bankinn að vara þjóðir við þessu ástandi sem hætta væri á að snerust í andhverfu sína. Nú endurtekur Alþjóðabankinn varnaðarorð sín og klykkir út með þessum orðum:

„Lækkun matvælaverðs er fagnaðarefni vegna þess að þá hefur fleira fólk efni á því að kaupa mat fyrir sínar fjölskyldur. Samt sem áður þurfa þjóðir heims að vera viðbúnar óvæntum breytingum á matvælaverði og geta brugðist við hættulega miklum hækkunum ef og þegar þær verða."

Alþjóðabankinn segir síðan að ein lykilspurning spretti upp af athugunum á fæðuverði einkum í lág- og millitekjusamfélögum. „Hvenær munu þessar stóru verðsveiflur benda til að að við séum að sigla inn í matvælaverðskreppu af fullum þunga?"



**Franskir bændur á dráttarvélum lögðu undir sig París í mótmælum í sumar.** Mynd / UPL.org



**Mótmæli bænda við höfuðstöðvar ESB í Brussel.** Mynd / Euronews

### *Áhrifamiklar aðgerðir*

Tollaniðurfelling á matvöru til og frá Íslandi er aðeins eitt lítið dæmi um áhrifaríka aðgerð sem sögð er í þágu neytenda. Lítið er hins vegar vitað um heildaráhrifin á landbúnað og samfélagið allt þegar upp verður staðið. Miklu mikilvirkari í alþjóðasamhengi var þó sú ráðstöfun að setja viðskiptabann á Rússa sem hefur líka umtalsverð neikvæð áhrif á Íslandi. Ekki þarf svo að minnast á mikilvirkni stríðsátaka sem við tökum óbeint þátt í og getum illa þvegið hendur okkar af. Meira að segja slíkt er sagt í þágu almennings bæði innan og utan átakasvæða. Hluti af þeim „himinlifandi" almenningi flæðir nú af einhverjum ástæðum frá Sýrlandi yfir lönd Evrópu.

### *Verðfall á mörkuðum*

Glögglega má sjá afleiðingarnar af þessu umróti og spákaupmennsku með hrávöru í tölum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO). Það er helst að verð haldist hátt á kakói og eggjum í Bandaríkjunum. Braski áhættufjárfestingasjóða er m.a. kennt um stöðuna sem olli m.a. 11% verðfalli á nautgripum á fæti í Chicago nú í september. Fjármálaspekingar í New York spá nú verðfalli á bómull, hrásykri og kaffi vegna áhættusækni fjárfesta samkvæmt vefsíðu agrimoney.com.

Í tölum FAO kemur fram að verðvísitalan á korni í ágúst féll um 7% miðað við vísitöluna í júlí og um 15,1% frá því í ágúst 2014. Hafði kornverð í ágúst ekki verið lægra frá því í júní 2010.

Matarolíuvísitalan féll um 12,7 punkta í ágúst eða 8,6% og mjólkurvöruvísitalan féll um 9,1%. Mestu munar þar um verðfall á mjólkurdufti vegna minni eftirspurnar í Kína.

Heimsmarkaðsverð á kjöti af búfé féll að meðaltali í ágúst um 18,1%, en nokkuð var mismunandi eftir tegundum hvað lækkanir voru miklar. Mest var verðfallið á svínakjöti, en kvótar í alifuglakjöti og öðrum tegundum höfðu einnig minnkað.

Sykurvísitalan féll líka í takt við aðrar matvælavísitölur í ágúst eða um 10% á milli mánaða. Þar hafði mest áhrif versnandi staða brasilíska realsins gagnvart dollar. Þá höfðu fregnir af því að Indverjar, sem eru aðrir stærstu sykurframleiðendur í heimi, hygðust fara út í umfangsmikinn útflutning á sykri á næstu misserum. Aðrar fréttir af minni sykurreirsuppskeru í Taílandi virðast ekki hafa dugað til að draga úr verðfallinu þótt Taíland sé annar mesti sykurútflytjandi í heimi.

Samkvæmt nýjustu spá FAO er áætlað að heimsframleiðslan á korni á árinu 2015 verði 2.540 milljónir tonna sem er 13,8 milljónum meira en áætlað var í júlí. Eigi að síður er það 21 milljón tonnum minni framleiðsla (0,8% minna) en á metárinu 2014.

Framleiðsla eykst mest í Ástralíu, löndum Evrópusambandsins, í Rússlandi og í Úkraínu. Hins vegar hefur framleiðslan dregist saman í Kanada vegna þurrka.

### *Samdráttur í framleiðslu vegna El Niño dugar ekki til að auka eftirspurn*

Veðurfyrirbærið El Niño er einnig að valda usla í Kyrrahafslöndum þar sem þurrkar hafa dregið stórlega úr hrísgrjónaframleiðslu. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) greindi frá því 17. september að vegna þurrka hafi stjórnvöld í Indónesíu ákveðið að styrkja hrísgrjónaframleiðendur um 258 milljónir dollara. Þrátt fyrir minni hrísgrjónauppskeru í sumum löndum eru birgðir farnar að hlaðast upp vegna verðfalls víða um heim. Af þeim sökum lækkuðu Víetnamar útflutningsverð sitt um 2,9% á hluta framleiðslunnar til að reyna að auka eftirspurn. Hafði FOB verðið þá lækkað úr 340 í 330 dollara á tonnið frá því í júní síðastliðnum. Taílendingar hafa einnig reynt að minnka birgðir með útsölu á hrísgrjónum í stórum skömmtum. Síðast voru í boði á uppboði í ágúst 660.000 tonn. Þrátt fyrir útsöluverðmið seldist ekki allt korn og Taílendingar sitja enn á 14 milljóna tonna birgðum af hrísgrjónum sem reynt verður að afsetja á næstu mánuðum.

Það má segja að það hafi verið lán í óláni að Bangladesh og Myanmar hafa haldið að sér höndum í sumar varðandi útflutning. Var hann reyndar bannaður frá þessum löndum vegna flóða og til að tryggja eigin fæðuöryggi þjóðanna. Nú er búið að gefa það út að útflutningstakmörkunum í Bangladesh verður aflétt af ákveðnum tegundum af hrísgrjónum. Einnig var byrjað að aflétta útflutningstakmörkunum í Myanmar þann 15. september sem varla verður til að laga stöðuna á heimsmarkaði.

### *Tvísýn staða*

Verulegan hluta af þessum óstöðugleika á matvælamörkuðum má rekja til pólitískra aðgerða í alþjóðastjórnmálum og spákaupmennsku fjármálabraskara. Hvernig bændur heimsins eiga að geta skapað sér eðlilegan og sjálfbæran rekstrargrunn í því umhverfi og tryggt um leið fæðuöryggi almennings, hlýtur að vera afar erfitt að segja til um.

*/HKr.*



Hjónin Dagrún Þórisdóttir og Reimar Sigurjónsson una sér vel í Bakkafirðinum. Myndir / Gréta Bergrún Jóhannesdóttir.

# Ferðaþjónustubændur í Finnafirði

**Á bænum Felli í Finnafirði við Bakkafjörð hafa hjónin Reimar Sigurjónsson og Dagrún Þórisdóttir byggt smáhýsi sem ætlað er til útleigu. Stefnan er að byggja upp ferðaþjónustu, kaupa fleiri hús og einnig að vera með framboð af heimaafurðum fyrir gestina. Það er alveg óhætt að segja að útsýnið sé fallegt og sveitasjarminn allsráðandi.**

Þótt sólardagarnir hafi ekki verið margir í sumar þá skartaði Bakkafjörðurinn sínu fegursta þegar blaðamann bar að garði á Felli. Geiturnar lágu makindalegar í sólinni og húsbóndinn gerði sig kláran að halda út á tún að slá.

### *Stefnt á að nýta afurðir búsins*

Hjónin búa á bænum ásamt þremur dætrum sínum en Reimar er þar fæddur og uppalinn. Dagrún kemur lengra að, alla leið frá Bolungarvík, en unir hag sínum vel í sveitinni. Þau stunda sauðfjárbúskap á bænum, eru með geitur, hesta, hunda, gæsir og hænur, ásamt því að vinna tilfallandi vinnu með búinu. Þau segja að stefnan sé að geta unnið sem mest heima og einnig að nýta afurðir búsins í ferðaþjónustu, þar á meðal geitamjólkina.

Nýja húsið hefur fengið nafnið Smyrill en fellið við bæinn heitir Smyrlafell og í eina tíð var það einnig bæjarnafnið, sem síðar var stytt í Fell. Þau segjast öll hafa prófað að sofa í húsinu og var Dagrún þar þessa sömu nótt. Hún segist hafa vaknað við kiðlingana bröltandi fyrir utan húsið, spegilsléttan sjó og þegar hún settist út með morgunkaffið voru höfrungar að leika sér úti í firðinum en þeir hafa verið nokkuð tíðir gestir í sumar.

### *Framtíðin er hér*

Reimar og Dagrún hafa rekið saman sauðfjárbú á Felli síðan árið 1999 en Reimar byrjaði búskap þar árið 1992. Þau sinna ýmsum félagsstörfum og sveitarstjórnarmálum auk þess að taka þátt í foreldrastarfi í grunnskólanum á Bakkafirði þar sem dætur þeirra sækja skóla. Þau eru ekki hrifin af mögulegum áformum um stórskipahöfn í Finnafirði en það myndi gjörbylta umhverfi þeirra og veikja verulega rekstrargrundvöll sauðfjárbúskaparins og ferðaþjónustunnar. Þau segjast standa fast á sínu og vonast til að ekki verði af framkvæmdunum. Þau hjónin eru skemmtileg heim að sækja, húsbóndinn hefur rólyndis yfirbragð sem húsfrúin vegur upp á móti með glaðværð og hressandi hláturrokum. Það er í nógu að snúast hjá þessum ungu bændum og þau líta framtíðina björtum augum. /GBJ





Bæjarstæði Fells er sérstakt en Gunnólfsvíkurfjallið er nánast í túnfætinum. Það er þverhnípt og er hæsta fjall landsins sem rís beint upp úr sjó. Út um svefnherbergisgluggann má líta Gunnólfsvíkurfjallið og úr eldhúsinu er útsýni yfir Bakkaflóann. Á innfelldu myndinni hér að ofan má sjá þessa sniðugu snaga í Smyrli sem dæmi um hvernig rekaviðurinn er notaður á frumlegan hátt í nýja húsinu.



Smáhveli að leik í sjónum rétt við fjöruborðið fyrir neðan bæinn.



Geiturnar á bænum voru rólegar í sólinni.



Vel hefur gengið að markaðssetja Akureyrarhöfn sem viðkomustað farþegaskipa, en nú leggja bæjaryfirvöld áherslu á beint millilandaflug um Akureyrarflugvöll. Mynd / HKr.

Akureyrarflugvöllur:

# Vilja beint flug til útlanda

**Mikilvægt er að fjármagn verði sett í að markaðsetja Akureyrarflugvöll sem áfangastað fyrir beint flug. Þetta kemur fram í bókun sem Bæjarstjórn Akureyrar samþykkt á fundi sínum nýverið.**

„Beint millilandaflug um Akureyrarflugvöll er forsenda þess að hægt sé að byggja upp öflugt atvinnulíf á Norðurlandi, hvort sem um er að ræða ferðaþjónustu eða aðrar atvinnugreinar sem byggja á góðum tengingum við erlenda markaði,“ segir í bókun bæjarstjórnar.

*Stuðlar að betri dreifingu ferðamanna um landið*

Ennfremur segir að með öflugum stuðningi við millilandaflug um Akureyrarflugvöll sé Byggðaáætlun 2014–2017 fylgt eftir, en þar komi fram í kafla um bættar samgöngur að áfram eigi að styðja við áætlanir flugklasans á Norðurlandi um að tryggja beint millilandaflug til Akureyrar. Með öflugum stuðningi sé einnig unnið í samræmi við Ferðamálaáætlun 2011–2020 þar sem fram komi að standa þurfi að uppbyggingu áfangastaða, öflugri vöruþróun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið um land allt, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið.

Einni er bent á Sóknaráætlun Norðurlands eystra og nefnt að þar sé tiltekið að koma verði á reglulegu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll – allt árið. Verkefnið hefur verið leitt af heimamönnum undanfarin ár og mikilvægt að nú fáist öflugur stuðningur frá ríkinu til þess að hægt sé að ljúka verkefninu með samningagerð við flugfélag um beint millilandaflug.

# Aukin umferð um hringveginn

**Umferðin á Hringveginum í ágústmánuði jókst um ríflega fimm prósent frá því í ágúst í fyrra.**

Sú aukning bætist við þá miklu aukningu sem varð í sama mánuði í fyrra. Aldrei hafa fleiri bílar ekið um teljara Vegagerðarinnar í ágústmánuði. Nú er útlit fyrir að umferðin á Hringveginum aukist um fjögur prósent í ár.

Umferð jókst um 5,2% mæld um 16 lykilteljara Vegagerðarinnar á Hringvegi milli ágústmánaða 2014 og 2015. Þessi mikla aukning vekur athygli þar sem umferðin hafði einnig aukist mikið á síðasta ári milli sömu mánaða. Enn eitt metið fellur nú í ár þ.e.a.s. aldrei hafa fleiri ökutæki mælst yfir teljarasniðin í ágústmánuði fram til þessa. Mest jókst umferðin um Austurland eða um 15,8%, en minnst um Vesturland eða um 0,9%.

Umferðin hefur nú vaxið um 3,8% frá áramótum borin saman við sama tímabil á síðasta ári. Þetta er talsverður vöxtur en heldur minni en mældist fyrir sama tímabil á síðasta ári en þá hafði umferðin aukist um 5,6%. Nú er áætlað að umferðin geti aukist um tæp 4% allt árið 2015..


GLUGGAVINIR
ALLAR TEGUNDIR AF GLUGGUM OG HURÐUM
S:571-0888 • GLUGGAVINIR.IS

Haugsugubarkar
Kraftklemmur



Keðjur og Hnallar



Vélaval
560 Varmahlíð
453 8888 - velaval.is



HEIMSÓKN

á AGROTEKNIKK sýninguna í Lillestrøm í Noregi
dagana 26. - 29. nóvember 2015

Þór hf, í samvinnu við Ferðskrifstofu Guðmundar Jónassonar, efnir til heimsóknar á Agroteknikk sýninguna í Lillestrøm í Noregi dagana 26. - 29. nóvember næstkomandi. Agroteknikk sýningin er stærsta landbúnaðarsýning Noregs og er haldin á 2ja ára fresti. Þar sýna margir helstu framleiðendur á sviði landbúnaðartækja sínar vörur.

Takmarkaður fjöldi sæta er í boði og stærð hópsins verður þægileg.

Dagskrá ferðarinnar:

26. 11. Flogið til Oslóar með Icelandair og lent þar um hádegisbilið. Ekið að hóteli í Ósló og gist þar næstu 3 nætur.

27.11. Ekið að loknum morgunverði til Lillestrøm á Agroteknikk-sýninguna. Ekið til baka í lok dags. Kvöldverður á veitingastað í Osló. Einnig frjálst val um að spóka sig í Osló og njóta þess, sem borgin hefur upp á að bjóða.

28.11. Að loknum morgunverði verður farið í heimsókn til söluaðila Deutz, Krone ofl. Eftir hádegi verður ekið til Lillestrøm og dvalið á Agroteknikk-sýningunni. Kvöldverður á hóteli.

29.11. Frjáls dagur til kl 14 en þá verður haldið út í sveit og mjólkurbú ásamt sauðfjárbúi heimsótt. Í lok dags verður ekið út á flugvöll og flogið heim um kvöldið. Lending í Keflavík um 23:10.

Verð á mann í 2ja manna herbergi kr. 122.950,-

Innifalið í verði er flug, flugvallaskattar, gisting í tveggjamanna herbergi, morgunverður, kvöldverðir 27. 11. og 28.11. og allur akstur samkvæmt lýsingu. Aukagjald fyrir einsmanns herbergi er 20.800,-

Verðið miðast við 25 manna lágmarksfjölda. Hámarks stærð hóps 40 manns.

Fararstjóri er Baldur Þorsteinsson og sér hann einnig um að bóka í ferðina í síma 568-1512 eða með tölvupósti baldur@thor.is

ÞÓR HF

Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
Vefsíða: www.thor.is

## Jákvæðar niðurstöður úr landgræðslutilraunum með þrjár tegundir belgjurta:

# Baunagrasið er vænlegur landgræðslukostur

## – segir Guðmundur Halldórsson, rannsóknarstjóri hjá Landgræðslu ríkisins

**Árið 2003 hófst verkefni á vegum Landgræðslu ríkisins á nokkrum uppgræðslusvæðum, sem felst í tilraunum með þrjár tegundir belgjurta; baunagras, umfeðming og giljaflækju. Guðmundur Halldórsson rannsóknarstjóri og Magnús H. Jóhannsson sviðsstjóri fóru á dögunum að kanna árangurinn. Í ljós kom að þessar belgjurtir gefa góða raun, en gæta þarf að beit á þessum svæðum þar sem búfé þykir þykja þessar tegundir einstaklega eftirsóknarverðar.**

Guðmundur segir að Landgræðslan hafi frá því um 1990 notað belgjurtir í landgræðslu í verulegum mæli, nánast eingöngu lúpínu.

„Gróðursnautt land á Íslandi er afar snautt af nitri sem er ein helsta hindrunin fyrir því að land grói upp. Smávegis af nitri fellur til með úrkomu og dálítið er bundið af örverum í jarðvegi og jarðvegsskán. Þetta gæti verið á bilinu eitt til fimm kíló af nitri hverni hektara á ári. Nýlegar rannsóknir á vistkerfum lands, sem er að koma undan jökli, sýna að það taki þrjú til fimm hundruð ár að byggja upp eðlilegan niturforða jarðvegs. Þörfin fyrir nitur er því mikil í íslenskum jarðvegi. Það er varla til sá gróðurblettur á landinu sem ekki bregst við áburðargjöf með nitri með jákvæðum hætti,“ segir Guðmundur.



Baunagras yfirtekur melgresi. Baunagrasið, eins og aðrar belgjurtir, bindur köfnunarefni og eykur þar með frjósemi jarðvegs. Myndir / Magnús H. Jóhannesson

### *Belgjurtirnar eru gagnlegar að mörgu leyti*

„Fosfór er að sama skapi mikilvægur en gerir gróðri lítið nema að nitur fylgi með. Þær eru því mikilvægar belgjurtirnar, sem með aðstoð örvera á rótum þeirra binda nitur úr andrúmslofti. Nóg er til af því, enda er andrúmsloft um 78 prósent hreinn nitur. Alaskalúpína er án efa best þekkta belgjurtin hér á landi sem notuð hefur verið til uppgræðslu á undanförnum áratugum. Fræække af henni hófst í stórum stíl árið 1988 og hefur staðið óslitið síðan. Henni hefur verið sáð víða um land bæði af Landgræðslu ríkisins, öðrum stofnunum, félagasamtökum og einstaklingum. Þekja lúpínusáninga sem Landgræðslan hefur staðið fyrir er nú um 18 þúsund hektarar. En fleira er matur en feitt kjöt – og það eru til fleiri tegundir belgjurta en alaskalúpína; hvítsmári, fuglaertur, umfeðmingur, giljaflækja og baunagras eru belgjurtir sem finnast um allt land og verðskulda meiri athygli,“ segir Magnús.

### *Baunagrasið vænlegur kostur*

Sem fyrr segir voru settar út tilraunir á vegum Landgræðslunnar árin 2003 og 2004, þar sem prófaðar voru umfeðmingur, giljaflækja og baunagras við mismunandi aðstæður á uppgræðslusvæðum. „Mælingar nú í haust sýndu að lifun var góð. Hvorki umfeðmingur né giljaflækja breiddu mikið úr sér, en baunagras kom talsvert á óvart. Að meðaltali hafði hver baunagrasplanta dreift sér um 5 fermetra svæði. Þessar plöntur henta ekki til heilsáninga í ógróið land, líkt og lúpínan, en markviss gróðursetning á þeim í nýuppgrætt land eða land þar sem þarf að styrkja gróður gæti verið vænlegur kostur til að auðga landið nitri og stuðla að frekari gróðurframvindu. Þeirri aðferð hefur raunar verið beitt í Þórsmörk, þar sem hvítsmári hefur verið gróðursettur í rýrt land með góðum árangri. Allar þessar plöntur eru viðkvæmar fyrir beit og því þarf nýting þeirra að vera samfara beitarstýringu. Fyrir landgræðslustarfið í heild eru belgjurtir og rannsóknir á belgjurtum mikilvægar. Áburðarkostnaður er mikill og plöntur sem auðga vistkerfi að nitri og auðvelda aðgang að fosfór eru því mikilvægar,“ segir Magnús.

Spurður um stöðu landgræðslu á Íslandi almennt segir Guðmundur að á landinu séu 350 skilgreind landgræðslusvæði, mjög misstór. Það stærsta, Hólsfjöll; sé yfir 100 þúsund hektarar.. Svæði þar sem um er að ræða uppgræðslur með áburðargjöf einvörðungu eða áburðargöf og sáningu landgræðsluplantna eru um 200 þúsund hektarar. Þar af eru aðgerðir innan verkefnisins Bændur Græða Landið um 30 þúsund hektarar. Síðan eru um 150 þúsund hektarar sem hafa gróið upp í kjölfar beitarfriðunar án þess að gripið hafi verið til annarra aðgerða. Þar fyrir utan eru mjög stór svæði þar sem aðgerða er þörf en þær ekki hafnar eða hafa skilað litlum árangri. Undanfarin ár hefur Landgræðslan grætt upp fjögur til fimm þúsund hektara á ári, mest í samstarfi við verkefnið Bændur Græða Landið. Þetta er mikill samdráttur frá því sem var á árunum í kring um 2000, enda hafa fjárframlög til stofnunarinnar ekki haldist í hendur við aukinn kostnað.“ Mikill árangur náðst á rúmlega 100 ára tímabili

„Sé litið til vel hundrað ára sögu landgræðslu hefur mikill árangur náðst. Á Rangárvöllum mátti heita að samfelldur uppblástursgeiri næði allt frá sjó norður í Sprengisand; þorp eins og Þorlákshöfn, Kópasker, Sandgerði og Vík í Mýrdal voru í verulegri hættu vegna ágangs sands og vegurinn yfir Mýrdalssand lokaðist í um 20 daga á ári sökum sandfoks. Þetta heyrir sögunni til. Nú nýverið hefur landgræðslan lokið við að taka saman yfirlit um svæði þar sem þarf að grípa til landgræðsluaðgerða og eru þau vítt og breitt um landið,“ segir Guðmundur um það sem hefur áunnist á vegum Landgræðslunnar. „Mestu vandamálin eru hinsvegar nú sem fyrr eldgosabeltið. Þar er jarðvegur víða mjög illa farinn eða horfinn með öllu og þar er enn langt í land að fullnægjandi árangur hafi náðst. Þar er einnig yfirvofandi hætta af öskufalli sem gæti riðið veikri gróðurþekju að fullu og þar með sé ekkert sem bindur öskuna. Mesti skaðinn er yfirleitt ekki sjálft öskufallið, heldur rof af völdum ösku sem gróður nær ekki að binda,“ segir Guðmundur.



Guðmundur Halldórsson skoðar fallega birkiplöntu.

### *Melgresi, túnvingull og lúpína öflugastar landgræðsluplantna*

Öflugustu landgræðsluplönturnar eru að sögn Guðmundar melgresi, túnvingull og lúpína. Einnig er nokkuð notað af vallarsveifgrasi sem er sáð í blöndu með túnvingli. Helsta landgræðsluaðgerðin er hinsvegar að dreifa áburði án nokkurrar sáninga, „heimaplönturnar“ sjá svo um að græða upp landið, svo eiginlega má segja að það séu þær plöntur sem eru mikilvirkustu landgræðsluplönturnar. Þar sem sáð er í landið er mest notað af túnvingli í blöndu með vallarsveifgrasi í hlutföllunum 70 á móti 30. Ef um er að ræða foksand er hinsvegar melgresi langduglegasta landgræðslutegundin. Lúpínan hefur reynst vera mjög dugleg landgræðsluplanta en hefur sína ókosti.“

/smh


Allt til heimaslátrunar

Pinnabyssa: 35.990kr m.vsk
Skot í pinnabyssu: 3.400kr m.vsk





-Kjötkrókar -Gott úrval hnífa -Úrbeiningahanskar -Kjötnet
-Nítrítsalt -Kjötfarsblanda -Rúllupylsukrydd -Gerfivambir
-Bjúgnaplast -Pylsuplast -Hamborgaraplast -Vakúmpökkunarvélar
-Plast til vakúmpökkunar -Sláturgarn -Sláturnælur -Múrkalk

Sendum um land allt
Sími 430-5500
www.kb.is
BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI




# Arla bannað að selja skyr í Finnlandi

**Úrskurðað hefur verið lögbann á sölu Arla á vörum merktum sem skyr að kröfu Mjólkursamsölunnar (MS).**

Morgunblaðið greindi frá þessu í gær, en samkvæmt úrskurðinum þarf Arla að fjarlægja allar vörur fyrirtækisins úr verslunum í Finnlandi sem merktar eru sem skyr.

Sænska mjólkurfyrirtæki framleiðir „skyr" í Þýskalandi og selur í löndum Evrópusambandsins.

Mjólkursamsalan og umboðsmenn fyrirtækisins í Finnlandi, Skyr Finnland oy, hafa selt skyr samkvæmt framleiðsluaðferð MS í Finnlandi í nokkra mánuði. Skyr er skráð vörumerki í Finnlandi og var lögbannið samþykkt á þeim forsendum.

Arla má áfram selja mjólkurvörur undir heitinu skyr í Þýskalandi, Bretlandi, Hollandi, Danmörku og víðar í löndum Evrópusambandsins þar sem það er ekki skráð vörumerki. Samingar um tollaniðurfellingar á milli Íslands og ESB kunna þó að breyta þessu. Þar eru m.a. ákvæði um gagnkvæma virðingu á tegundarheitum. /VH




Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 22 október



## Ingvi Stefánsson, svínabóndi í Teigi í Eyjafjarðarsveit og í Pálmholti í Reykjadal:

# Með innlegg í svínaumræðuna

## – kallar eftir háttvísri umræðu án gífuryrða um málefni svínabænda og lýsir stöðunni sem við er að glíma í eigin búskap

**Ingvi Stefánsson svínabóndi, sem rekur svínabú í Teigi í Eyjafjarðarsveit og í Pálmholti í Reykjadal, varpaði fram viðbrögðum á Facebook við óvæginni umræðu um málefni svínabænda í fjölmiðlum að undanförnu. Bændablaðið fékk góðfúslegt leyfi til að birta þennan pistil sem veitir ágæta innsýn í rekstur svínabúa.**

Ingvi byrjaði skrif sín á að vara lesendur við að þetta væri mjög langur pistill og segir svo:

„Í ljósi umræðu síðustu daga um slæman aðbúnað dýra á gyltubúum landsins hef ég ákveðið að stíga fram og lýsa minni sýn á stöðu mála. Vonandi verður umræðan málefnaleg og án mikilla gífuryrða.

Eins og þið flest vitið á ég tvö svínabú, annað er gyltubú í Pálmholti í Reykjadal og hitt er grísaeldisbú í Teigi, Eyjafjarðarsveit. Árið 2008 keypti ég svínabúið í Pálmholti og sameinaði rekstri svínabúsins á Teigi. Þar sem bæði bú voru með allt framleiðsluferlið (gyltur og grísaeldi) var strax farið í mjög kostnaðarsamar framkvæmdir til að uppfylla þau lög og reglugerðir sem þá voru í gildi. Allar framkvæmdir voru gerðar í góðu samstarfi við MAST.

Með nýjum lögum um velferð dýra er búið að úrelda þessa fjárfestingu og ég hef allt að 10 ár til að bæta aðbúnað til samræmis við nýjar kröfur. Það er margt mjög jákvætt – sem snýr að aukinni velferð dýranna – í nýju lagaumhverfi.“



Frans Heiðar Ingvason, upprennandi svínabóndi, gælir hér við grísina í Teigsbúinu. Myndir / IS



Ingvi Stefánsson, svínabóndi í Teigi.

### *Löngu tímabært*

„Það sem mér finnst jákvæðast er að allar gyltur skulu hafðar í lausagöngu og básahald verður að mestu leyti aflagt.

Þetta skref var löngu orðið tímabært enda hefur svínaræktin hérlendis tekið gríðarlegum framförum í kynbótum á síðustu 10–15 árum. Ein afleiðingin af því er því sú að gylturnar okkar eru orðnar stærri og þurfa því meira pláss en áður. Til að taka tillit til þessa ákvað ég að hafa 15% af básunum stærri en lágmarkskröfur gerðu ráð fyrir. Eftir á að hyggja þykir mér svekkjandi í dag að ég hafi ekki verið framsýnni árið 2008 og farið meira með gyltur í lausagöngu en lög gerðu ráð fyrir. En það er víst auðvelt að vera vitur eftir á.“

### *Segist ekki vera að réttlæta neitt en tölur séu beinlínis rangar*

„Mig langar einnig til að koma inn á umræðuna um legusár á gyltum. RÚV hefur birt myndir af legusárum gyltna (sú ljótasta er reyndar af erlendu búi) ásamt því að birta tölfræði um að tíðni legusára á íslenskum svínabúum sé á bilinu 15–50%. Þetta eru beinlínis rangar tölur og hef ég bæði leiðrétt fréttamann RÚV ásamt starfsmanni MAST hvað þessi mál varðar.

Þær tölur sem þarna er vísað til eiga við um gyltuhópa sem eru nýkomnir úr goti og eru vel innan við 10% af heildarhjörðinni.

Með þessum orðum er ég ekki að réttlæta legusár með nokkru móti. Þau eru vandamál í svínarækt hér á landi sem og í nágrannalöndunum. Í þessu – eins og ýmsu öðru – þurfum við svínabændur að bæta okkur í. Það er samt slæmt þegar fréttaflutningur er ekki réttur.

Þannig var sérstaklega nefnt til samanburðar að tíðni legusára í Noregi við slátrun gyltna væri um 10%. Sambærileg tölfræði fyrir mitt gyltubú – það sem af er þessu ári er rúm 7%. Af hverju er verið að bera saman epli og appelsínur í þessu tilviki? Þ.e. annars vegar mælingar á versta gyltuhópnum inni á svínabúi hér á landi við gyltur í sláturhúsi í Noregi þar sem bændur eru beittir fésektum ef gyltur koma inn til slátrunar með legusár. Spyr sá sem ekki veit, af hverju leiðrétti fréttastofa RÚV þetta ekki eftir ítrekaðar ábendingar, eða fulltrúi MAST? Ekki hef ég svörin við þessu.“

### *Ekki upplýstir um málið*

„Þá þykir mér einnig slæmt að við svínabændur höfum þurft að frétta af þessu í gegnum fjölmiðla. Einnig vissi ég ekki af því að haldið væri sérstaklega utan um tíðni legusára við slátrun. Það kom einungis fram í síðustu viku í samtali sem ég átti við starfsmann MAST. Það er að mínu mati staðreynd að samskipti á milli okkar svínabænda og MAST eru í afleitum farvegi og má segja að steininn hafi tekið úr í verkfalli dýralækna. Þetta er afleit staða fyrir báða aðila og vonandi tekst okkur að byggja upp gagnkvæmt traust. Ég vil í þessu samhengi nefna að samstarf mitt við fulltrúa MAST á mínu starfssvæði hefur heilt yfir verið til fyrirmyndar.“

### *Óásættanlegur aðbúnaður*

„Þá að skýrslu MAST sem fjölmiðlar hafa verið að birta myndir úr. Nú vil ég byrja á því að taka það fram að myndir nr. 19 og 22 [í skýrslunni] tilheyra mínu búi. Þetta eru einu myndirnar sem tilheyra mínu búi í skýrslunni. Á fyrri myndinni er um að ræða gyltur í gotbásum sem eru nýorðnar ólöglegir. Þrátt fyrir það tel ég að þessar myndir veiti mínu gyltubúi góðan vitnisburð. Því væri nú freistandi að gagnrýna kollega mína og fordæma þær ljótu myndir sem birst hafa. Engum dylst að aðbúnaður gyltna sem þar er sýndur er óásættanlegur.“

### *Sá yðar sem syndlaus er ...*

„Ég ætla hins vegar að spara gífuryrðin. Af hverju? Fyrir því eru nokkrar ástæður. Sú fyrsta er sú að þessar myndir eru teknar fyrir meira en ári síðan og ég trúi því og treysti að MAST hafi í samstarfi við viðkomandi bú komið á úrbótum.

Önnur ástæðan er sú að í landinu eru á bilinu 3600–3800 gyltur og ég vil ekki alhæfa út frá 5–10 ljótum myndum.

Þriðja ástæðan er sú að ég veit að það má eflaust á ákveðnum tímapunktum koma inn á mitt bú og taka myndir sem líta ekki nægjanlega vel út í kastljósi fjölmiðla. Hér má kannski segja að nálgun mín sé „sá yðar sem syndlaus er kasti fyrsta steininum“.“

### *Einu löndin í heiminum sem hafa bannað básahald gyltna í goti*

„Aðeins nánar að myndunum af mínu búi. Eftir því sem ég best veit eru Ísland og Noregur einu löndin í heiminum sem hafa bannað básahald gyltna í goti. Íslenskir svínabændur hafa aðlögunarfrest til allt að 10 ára til að koma gyltum í lausagöngu, Norðmenn eru langt komnir með þetta hjá sér og raunar öðrum þjóðum til fyrirmyndar. Danir stefna á að 10% af gyltum í goti verði komnar í lausagöngu hjá þeim árið 2020.“

### *Norskir og danskir bændur styrktir en íslenskir ekki*

„Norskir svínabændur fá 50% af kostnaði greiddan við breytingarnar í formi styrks. Danskir svínabændur – sem kjósa að fara í þessar breytingar – fá 40% af kostnaði greiddan í formi styrks. Þegar lögin voru sett á Íslandi var g.r.f. að svínabændur fjármagni þennan kostnað alfarið sjálfir.“





Úr svínabúi Ingva Stefánssonar.

### *Dreymir um endurbætur*

„Ágæti fésbókarvinur, nú stend ég á tímamótum í mínum rekstri, stend frammi fyrir því að fara í fjárfestingar á næstu árum sem kosta væntanlega meira en ársveltan á mínum búum.

Mig langar alveg rosalega til að setja undir mig hausinn og fara í þessar fjárfestingar. Segja bara eins og við Íslendingar gerum svo oft „þetta reddast“. Auðvitað dreymir mig – sem bónda – um að fara í bættan aðbúnað þar sem gylturnar geta verið í lausagöngu bæði í geldstöðu og goti. Þannig myndi ég standa samhliða kollegum mínum í Noregi sem eru langt á undan öðrum þjóðum. Það væri svo sannarlega draumurinn. En þá eru ýmsir hlutir sem ég þarf að taka inn í reikninginn. Auknar kröfur á minn rekstur umfram kollega mína í Evrópu hefur það í för með sér að framleiðslukostnaður hjá mér verður enn hærri og samk.staða mín gagnvart innflutningi mun því versna. Skiptir það einhverju máli? Við höfum jú tollverndina. Því miður – fyrir mig – hefur tollverndin með nýjum samningum við ESB verið minnkuð mikið. Þannig hef ég ekki bara áhyggjur af því að tollverndin hafi skerst heldur hef ég jafnvel enn meiri áhyggjur af aðdragandanum. Stjórnvöld unnu þetta – leyfi ég mér að fullyrða – án nokkurs samráðs við okkur svínabændur. Hið pólitíska umhverfi sem við störfum við er því mjög krefjandi og algjörlega ómögulegt fyrir mig að vita hvort né hvenær rekstrargrundvellinum er kippt undan greininni af pólitíkinni. Vonandi mun þessi samningur ekki leiða til þess en rekstraröryggið er a.m.k. ekki mikið til að takast á hendur miklar fjárhagslegar skuldbiningar.“

### *Efast um að tollaniðurfelling skili sér til neytenda*

„Það sem mér finnst nú sárgrætilegast í þessu öllu saman er að ég hef afar litla trú á því að ávinningur af því að flytja inn ódýrara kjöt frá ESB muni skila sér í vasa neytenda, nema þá í mjög takmörkuðum mæli. Máli mínu til stuðnings bendi ég á að frá því í janúar 2013 til september á þessu ári hefur verð á svínakjöti til okkar bænda lækkað um tæp 9%. Á sama tíma hefur verðið til neytenda hækkað um 4–10%.

Formaður okkar svínabænda hefur ítrekað bent á þessar staðreyndir í fjölmiðlum og skorað á verðlagseftirlit ASÍ, Neytendasamtökin og fleiri aðila að kynna sér hvað veldur þessu. Óhætt er að segja að áhuginn hafi verið takmarkaður. Þannig er staðreyndin sú að verðlækkun á umræddu tímabili til svínabænda hefur ekki skilað sér til neytenda, þvert á móti hefur verð til neytenda hækkað á sama tíma.“

### *Afar lítil lyfjanotkun*

„Að lokum vil ég segja þetta. Þrátt fyrir neikvæða og einhliða umræðu um svínarækt í fjölmiðlum höfum við svínabændur ýmislegt til að vera stoltir af s.s. gríðarlega litla lyfjanotkun í samanburði við kollega okkar erlendis og almennt gott heilnæmi bústofns. Vonandi fáum við tækifæri til að byggja ofan á þetta og tíma til að bæta aðbúnað okkar.“

***Góðar stundir,
Ingvi í Teigi***

*(Millifyrirsagnir eru blaðsins)*

# Kraftmikill Kálfaþróttur

## Hagkvæmt úrvals kjarnfóður með 16% próteininnihaldi

- Kálfaþróttur hentar bæði naut- og kvígukálfum eftir 3ja mánaða aldur.
- Kjarnfóður til vöðvauppbyggingar og þyngdaraukningar sláturkálfa.
- Hægt er að veita frjálsan aðgang að Kálfaþrótti fyrir nautkálfa fram að slátrun. Mælt er með 1-2 kg á dag fyrir kvígukálfa.
- Kálfaþróttur inniheldur steinefna- og vítamínblöndu sem sérstaklega er löguð að þörfum kálfa.



**Verðskrá*:**
Kr. 61.720 pr. tonn í lausu
Kr. 50.874 pr. 800 kg sekk
Kr. 1.782 pr. 25 kg sekk
* Verð án vsk.

Fæst í verslunum Líflands og hjá endursöluaðilum.

Sala og ráðgjöf Sími 540 1100 | Lynghálsi, Reykjavík Óseyri, Akureyri | Efstubraut, Blönduósi Borgarbraut, Borgarnesi | www.lifland.is lifland@lifland.is

LÍFLAND



SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA

MOPAR Jeep CHRYSLER DODGE FIAT

BÍLJÖFUR VARAHLUTIR

Smiðjuvegi 72 · Gul gata Kópavogi · Sími 555 4151 · varahlutir@biljofur.is



# Smíðum bíllykla

Mercedes-Benz · mazda · CITROËN



**Smíðum og forritum flestar gerðir bíllykla Tímapantanir óþarfar**

Stofnað 1988

**Neyðarþjónustan**

Lásasmiðurinn

**Skútuvogur 11 • s: 510-8888**



**Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300**

**Næsta blað kemur út 22. október**



# Gjafagrind



**Frábær gjafagrind. Hönnuð þannig að rúllan stendur ekki á jörðinni.**
**Heitgalvanisering, öll suðuvinna er gerð í höndum.**
**L:1,63m B: 1,63m H:0,97m**

**79.900kr með vsk**

*Sendum um land allt!*

Egilsholti 1, 310 Borgarnesi
www.kb.is
Verslun opin 8-18 virka daga
10-14 laugard sími: 430-5500

BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI



# HAUSTTILBOÐ

## Á GESTAHÚSUM OG GARÐHÚSUM



VH/14-04

70 mm bjálki / Tvöföld nótun

www.volundarhus.is

**VERÐTILBOÐ - GESTAHÚS 25 m²**
með 9 m² yfirbyggðri verönd

kr. 1.599.000,- án fylgihluta.
kr. 1.899.000,- með fylgihlutum og byggingarnefndar teiknisetti.

Grunnmynd og nánari upplýsingar á heimasíðu volundarhus.is

**50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.**

GESTAHÚS og GARÐHÚS *sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður*

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is



28 mm bjálki / Einföld nótun

**TILBOÐ - BARNAHÚS 2,2m²**
kr. 149.900,- án fylgihluta
kr. 169.900,- m/fylgihlutum



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

**TILBOÐ - GARÐHÚS 9,9 m² - án gólfs**
kr. 299.900,- án fylgihluta
kr. 339.900,- m/fylgihlutum



28 mm bjálki / Einföld nótun

**TILBOÐ - GARÐHÚS 9,7m²**
kr. 269.900,- án fylgihluta
kr. 299.900,- m/fylgihlutum

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt
volundarhus.is · Sími 864-2400





# SAUNA TUNNUR

Sauna böð hafa góð áhrif á blóðrásina, losa um streitu og stuðla að aukinni vellíðan. Sauna tunnur úr Cedrusvið í miklu úrvali og einfaldar í uppsetningu.

**sauna.is**
*- Fjárfesting í vellíðan*



Sigurjón Vídalín Guðmundsson á Stokkseyri, með góðan feng af iðandi ál í gildru þann 25. september síðastliðinn. Á innfelldu myndinni má sjá álagildruna í læknum. North Atlantic ehf. í samstarfi við Sigurjón býður mönnum veiðiráðgjöf sem félagið greiðir ef bændur hafa búnað og land sem hægt er nýta en kunna ekki til verka. Sigurjón kortleggur ákjósanleg veiðisvæði og sýnir hvernig á að leggja gildrur.
Myndir / Helena Sif Zóphoníasdóttir.

## Víðir Ísfeld Ingþórsson hjá North Atlantic ehf. á Ísafirði:

# Hvetur bændur til álaveiða

## – fyrirtækið kaupir ál til vinnslu og er hann seldur ferskur á Japansmarkað

**Fisksölufyrirtækið North Atlantic ehf. á Ísafirði hefur stundað vinnslu og útflutning á ál til Japans. Áll þykir herramannsmatur og er orðinn mjög eftirsóttur en framboðið er mjög takmarkað.**

Víðir Ísfeld Ingþórsson hjá North Atlantic ehf. segir að állinn sé verkefni sem hófst hjá fyrirtækinu í fyrra með þreifingum á markaði í Japan.

„Við höfum sent út tilraunasendingar við góðar undirtektir. Í vetur verður stærri állinn reyktur og seldur innanlands fyrir jólamarkaðinn. Íslenski állinn vex hægar en áll annars staðar og eru veiðisvæði því viðkvæm fyrir ofveiði. Þess vegna leggjum við áherslu á skynsamlega nýtingu á stofnum sem hér er að finna,“ segir Víðir.

Hann segist telja að állinn sé vannýtt auðlind, en þessa fisktegund er að finna víða um land, en þó síst á Norðurlandi og á Austfjörðum. Helstu veiðisvæðin eru í vatnasvæðum á láglendi sunnan- og vestanlands og talsvert við Breiðafjörð.

### *Slitróttar veiðar en ýmsar hugmyndir*

Ýmsar hugmyndir hafa komið upp í gegnum tíðina um stórtækar álaveiðar sem minna hefur þó orðið úr. Veiðar á ál voru þó stundaðar á Íslandi í einhverjum mæli frá 1960 til 1964 og þá aðallega í gildrur. Einnig er hægt að veiða ál í sjó og þá kemur fyrir að stangveiðimenn fái ál, einkum ef beitt er á krók.

Árið 1995 var Álafélagið hf. stofnað og var markmiðið að hefja álaveiðar og eldi sem skila átti 200 tonna framleiðslu á ári. Fékk félagið m.a. styrk frá atvinnumálanefnd Reykjavíkurborgar það sama haust en lítið heyrðist þó af frekari framgangi málsins. Félagið fékk virðisaukaskattsnúmer 1997 sem var síðan lokað 1998. Í grein í Morgunblaðinu



Víðir Ísfeld Ingþórsson.

við stofnun fyrirtækisins var viðtal við Guðmund Þóroddson, formann félagsins. Þar kom fram að álaeldi í heiminum á þeim tíma hafi numið um 200.000 tonnum. Þar af hafi um 10–15 þúsund tonn farið á Evrópumarkað og um 180 þúsund tonn á Japansmarkað. Einnig kom fram að kílóverð á reyktum ál á flugvellinum í Kaupmannahöfn væru um 3.000 krónur.

### *Eftirsótt neysluvara*

Áll er víða veiddur erlendis þar sem hann er eftirsótt neysluvara og selst á háu verði. Framboð á ál hefur minnkað mjög og er talið að áll sem nær ströndum Evrópu hafi fækkað um 90% frá 1970. Er talið að skýringar sé m.a. að leita í breyttu hitastigi sjávar, breytinga á vatnasvæðum í Evrópu vegna mannvirkjagerðar og vegna mengunar. Líklegt er talið að áll kunni að leita í ríkari mæli til Íslands vegna hlýnunar sjávar.

### *Gæti orðið ágæt búbót fyrir bændur*

Víðir Ísfeld Ingþórsson hjá North Atlantic segir að álaveiði geti verið



Gleráll sem gengur upp ár og læki, m.a. á Íslandi, og elst þar upp til kynþroskaaldurs og kallast þá bjartáll.



Slægður áll til útflutnings hjá North Atlantic ehf. á Ísafirði.

ágæt búbót fyrir bændur og landeigendur. Verkefnið sé þó enn á tilraunastigi hjá fyrirtækinu en óskað hafi verið eftir fleiri samstarfsaðilum og hefur hann reynt að virkja fólk til álaveiða. Í því augnamiði auglýsti hann í Bændablaðinu í vor eftir veiðimönnum til að veiða ál til vinnslu.

„Okkar markmið er að koma álaveiði á Íslandi í góðan farveg þannig að hægt sé með reglubundnum hætti að nýta auðlindina á skynsaman hátt og skapa verðmæti fyrir þátttakendur,“ segir Víðir. Hann segir að þar sem um þróunarverkefni sé að ræða, þá sé enn ekki kominn almennileg reynsla á markaðinn. Állinn sé seldur í mismunandi stærðarflokkum og fituprósentan skipti líka miklu máli fyrir kaupendur. Reglulega eru sendar út prufusendingar þar sem fituprósentan er mæld í hverjum einasta ál. Verður það gert út þetta ár til að fá yfirsýn yfir árstíðabundna fituprósentu í ál á Íslandi. Þrátt fyrir óvissu um söluverð segist Víðir hafa verið að bjóða veiðimönnum eitt þúsund krónur fyrir kílóið.

### *Reyndur álaveiðimaður af Suðurlandi*

Sigurjón Vídalín Guðmundsson á Stokkseyri, sem er einn fremsti álaveiðimaður á Íslandi í dag, gaf sig fram þegar Víðir auglýsti eftir álaveiðimönnum. Hefur hann stundað veiðar á ál, einkum í og við Ölfusá. Hann segir að Suðurlandið henti vel til álaveiða sem einkum er veiddur í gildrur. Hann þekkir vel til álsins frá unga aldri en hann er fæddur og uppalinn á Eyrarbakka. Eiginkonan, Helena Sif Zóphoníasdóttir, er honum líka stundum til aðstoðar við álaveiðarnar.

### *Áhuginn á álnum kviknaði við stangveiði í Ölfusánni*

„Hjá mér vaknaði þessi áhugi á sínum tíma þegar maður var að veiða á stöng í Ölfusánni og veiddi með beitu og stöng á letingja. Þá var maður stundum að fá ál og ég fór að velta því fyrir mér hvort hann væri hér í einhverju magni. Ég hafði þá einhverja hugmynd um að þetta væri frekar verðmætur og eftirsóttur fiskur. Framhaldið kom svo skemmtilega á óvart. Oftast hef ég þó verið einn að veiða þetta, en einstaka sinnum með öðrum. Í Ölfusinu hefur maður stundum hitt á mjög góð ár.

Állinn gengur upp Ölfusána og upp í vatnasvæðin í Flóanum. Hann gengur upp í flestar sprænur sem ganga til sjávar. Maður hefur heyrt

af því að hann fari líka upp í Þjórsána þótt ég hafi aldrei veitt á því svæði. Ég hef verið mest í Flóanum og Ölfusinu.“

### *Áhugaverð fisktegund*

Lífshlaup álsins, þessa sérkennilega fisks, hefst í Sargossa-hafi í rúmlega 4.000 kílómetra fjarlægð frá Íslandi. Áll er afar lífseigur. Þótt það fjari undan honum við ströndina lifir hann af á þurru landi þar til flæðir að nýju. Þá segir Sigurjón að hann skríði auðveldlega milli vatnasvæða og um flæðiengjar og geti verið klukkustundum saman á þurru landi án þess að verða meint af. Álar ferðast einnig um á þurru landi og skríða jafnvel upp kletta til að sneiða hjá fossum.

Sigurjón segir að veiðin hafi verið ágæt sum árin, en minna þess á milli.

„Það er þannig með álinn að veiðin er sveiflukennd. Ég setti mig í samband við Víði í vor þegar hann auglýsti eftir veiðimönnum í Bændablaðinu og setti þá út nokkrar gildrur til að kanna hvort állinn væri svo snemma á ferðinni. Það fengust einhverjir álar en ekkert til að tala um. Þó sýndist mér að svona könnun snemma að vori geti gefið vísbendingar um ál á svæðinu, en þá getur verið ágætt að beita í gildruna, enda ekki mikið æti í ánum á þeim tíma.“

### *Áll er birtufælinn og veiðist lítt yfir hásumarið*

„Yfir bjartasta tíma sumarsins dettur veiði alveg niður, enda állinn birtufælinn og hreyfir sig þá ekki mikið. Með minnkandi birtu þegar kemur fram á haust og heldur fer að kólna, þá virðist koma meiri hreyfing á hann. Sem dæmi var ég með nokkrar gildrur í hinum ýmsu vötnum í sumar og var að kroppa einhver 40 til 50 kíló samtals yfir tímabilið. Oft og tíðum var ekkert í gildrunum, enda hefst veiðitíminn ekki af viti fyrr en eftir mánaðamót júlí-ágúst. Besti tíminn er í september og fram í október. Síðasta hálfa mánuðinn komu aftur á móti 40 kíló í tvær gildrur.

Á haustin er eins og állinn fari að hópa sig saman og hreyfa sig meira. Þá fer hann jafnframt að vera veiðanlegri en á sumrin. Ef maður hugsar til þess að bændur hafi áhuga á að stunda þetta sem aukabúgrein eða sem tómstundagaman, þá er mesta veiðin á hentugum tíma eftir að heyönnum lýkur. Þá þarf ekki að vitja um gildrur nema á fimm til tíu daga fresti. Í flestöllum tilfellum sem aðrar fisktegundir koma í gildrurnar þá er hann sprelllifandi þegar vitjað er og lítið mál að sleppa honum.“

### *Álaveiðar hemja líka viðgang minksins*

Sigurjón segist hafa óttast talsvert að minkur sem álpaðist í gildrurnar myndi rífa þær og tæta. Það hafi hins vegar aldrei gerst og svo virðist sem minkurinn drepist strax eftir að hann kemur í gildrurnar.

„Það má segja að minkaveiðin sé aukahagur við álaveiðarnar og fækkar honum þá við ár og vötn um leið. Það kemur oft minkur í gildrurnar en hann hefur aldrei skemmt hjá mér gildrur í þau tíu ár sem ég hef stundað þetta. Þó hef ég fengið tugi minka og einu sinni kom ég að gildru með fimm dauðum minkum.“

### *Dvelur í íslenskum vötnum og ám í 10 til 12 ár*

Állinn gengur í íslenskar ár sem gleráll eftir langt ferðalag frá hrygningarstöðvunum í Þanghafinu (Sargasso). Fljótlega eftir að hann kemur í árnar umbreytist hann í það sem kallað er guláll. Álar vaxa um 5–6 sentímetra á ári, en kjörhiti þeirra til vaxtar er 22–23 °C. Aðstæður á íslenskum vatnasvæðum bjóða sjaldnast upp á slíkan hita svo vaxtarhraðinn verður hægari og hann verður seinna kynþroska en í ám á meginlandi Evrópu. Þegar áll hefur náð um 35–100 sentímetra lengd þá sækir hann aftur suður í Þanghafið til að hrygna og drepst að lokinni hrygningu að talið er. Þá er hann búinn að dvelja í íslenskum ám og vötnum í 10 til 12 ár og orðinn 500 til 1.000 grömm að þyngd.

„Það er einmitt þessi niðurgönguáll sem maður vill helst fá, sem orðinn er 500 til 1.000 grömm að þyngd,“ segir Sigurjón.

Hann segir miklar líkur á að állinn fari að sækja meira til Íslands með hlýnandi sjó. Ekki síður við hlýnandi loftslag og hækkun á hitastigi vatnasvæðanna. Hingað berst glerállinn með Golfstraumnum og ræður það dreifingu áls um landið. Því er lítið um ál í kalda sjónum fyrir Norðurlandi og Norðausturlandi en þeim mun meira vestan- og sunnanlands.

### *Lífseigur með eindæmum*

Að sögn Sigurjóns er lyginni líkast hversu lífseigur állinn er.

„Ég salta álinn yfirleitt til að drepa hann og læt hann þá liggja í salti í fjóra tíma. Eftir það er hægt að gera að honum, en mjög oft eru þeir samt ekki alveg dauðir eftir þessa fjóra tíma. Ef maður tekur slíkan ál, sem legið hefur í salti í fjóra til fimm tíma og er með einhverju lífsmarki, og setur hann í rennandi ferskt vatn, þá er eins og ekkert hafi í skorist. Hann verður sprelllifandi með það sama.“

### *Bændur sáu oft iðandi ál við engjaslátt*

„Þegar ég var að byrja í álaveiðinni fyrir rúmum tíu árum var ég að ræða þetta við menn á svæðinu og hvort þeir vissu um góð veiðisvæði meðfram bökkum Ölfusár að austanverðu. Þá sögðu þeir mér að þegar þarna var stundaður engjasláttur og þeir að ganga heim yfir engin að dagsverki loknu, þá fannst mönnum oft eins og jörðin væri á hreyfingu í rökkrinu. Þegar menn brugðu ljósum á loft sáu menn oft ál sem var að skríða í áttina að ánni. Hann fer því létt með að skríða á milli vatnasvæða. Þá myndar hann utan um sig slímhjúp sem ver hann, en hann getur samt tekið upp súrefni í gegnum hann.“

Orðatiltækið að vera háll sem áll er dregið af því að slímið gerir hann hálan og því erfitt að hafa hendur á honum. Í slímhúð álsins er eitur sem getur reynst varasamt, komist það í opið sár. Eitrið brotnar niður og verður skaðlaust þegar állinn er reyktur eða soðinn.

Álar þykja fínir til átu í Kína og hefur verðið á glerálum farið yfir fimm þúsund dollara fyrir kílóið í Hong Kong.

Í Kóreu eru álar sagðir stinnandi fyrir karlmenn sem eru farnir að linast. Auk þess eru álar borðaðir með bestu lyst um alla Evrópu og í Bandaríkjunum.

Sagt er að Hinrik I. Englandskonungur hafi étið yfir sig af áli og drepist og Ágústus Rómarkeisari er sagður hafa átt tjörn fulla af álum sér til ánægju.

Lengsti áll sem mældur hefur verið hér á landi var 130 sentímetrar og vó 6,5 kíló. Fullvaxnir álar á Íslandi verða þó sjaldan lengri en metri á lengd og fjögur kíló að þyngd. Hængar eru minni en hrygnur og sjaldnast lengri en 50 sentímetrar hér á landi.

### *Getur skilað ágætum tekjum*

Sigurjón segir að hjá sér hafi þetta mest verið tómstundaiðja og áhugamál í gegnum tíðina. Hann hafi eitthvað dundað sér við að reykja ál fyrir sig og láta menn hafa í prufur. Ef menn vilji aftur á móti fara að stunda þetta af alvöru, þá sé öruggt að hægt sé að fá ágætis verð fyrir álinn. Þá geti álaveiðar hentað bændum mjög vel, þar sem þær er helst hægt að stunda eftir að heyskap lýkur.

„Álaveiðar í Evrópu hafa dregist saman um 90% en eftirspurnin er mikil. Evrópusambandið hefur nánast bannað álaveiðar vegna minnkandi stofnstærðar. Þá eru einhver höft í gangi í Evrópu við innflutningi á evrópska „Anguilla anguilla“ álnum. Það má hins vegar flytja inn til Evrópu eins mikið og manni



**Áll er ekki ólíkur snák eða slöngu og er afar lífseigur.**



**Grillaður áll, glæsilega framreiddur á matardiski í Japan.**

sýnist af ameríkuálnum „Anguilla rostrata“, en sú tegund veiðist eitthvað hér líka.“

Samkvæmt upplýsingum í blaðinu Fishermen‘s Voice hefur veiði á ál þó einnig dalað mikið í Bandaríkjunum. Í ríkinu Main hefur veiðin fallið frá því að vera mest nærri 190 þúsund kíló (190 tonn) af fullvöxnum ál árið 1974 í það að vera vel undir 2.000 kílóum árið 2011. Á austurströnd Bandaríkjanna hafa menn mikið veitt af örsmáum glerál í fínriðin net. Hann hefur síðan verið alinn upp í markaðsstærð fyrir Japansmarkað á 12 til 18 mánuðum. Líklegt er talið að mikil veiði á örsmáum glerál valdi mestu um versnandi afkomu stofnsins sem og mengun.

### *Hlýnandi loftslag gæti aukið álagengd til Íslands*

Sigurjón segir miklar líkur á að állinn fari að sækja meira til Íslands með hlýnandi sjó. Ekki síður við hlýnandi loftslag og hækkun á hitastigi vatnasvæðanna. Hingað berst glerállinn með Golfstraumnum og ræður það dreifingu áls um landið. Því er lítið um ál í kalda sjónum fyrir Norðurlandi og Norð-Austurlandi en þeim mun meira vestan- og sunnanlands.

„Það er sérlega mikil eftirspurn eftir ál í Asíu og einkum í Japan. Állinn sem ég er að veiða fyrir Víði og North Atlantic fer allur til Japans. Þá vilja Japanir frekar smærri álinn og það hentar okkur ágætlega. Hér á norðurslóðum erum við kannski ekki með kjöraðstæður fyrir ál og hann verður því ekki eins stór og sunnar í álfunni.

Misjafnt er eftir löndum hvernig ál menn vilja helst. Þannig vilja Frakkar frekar minni ál en t.d. Bretar og aðrar þjóðir í kring. Þá er misjafnt hvernig menn verka álinn og Bretar reykja hann t.d. frekar en Hollendingar og Danir.

Ég setti einu sinni að gamni mínu auglýsingu á „Business to business“ síðu á netinu til að kanna áhugann á álnum sem ég var að veiða. Skemmst er frá að segja að það settu sig strax í samband við mig aðilar frá Hollandi, Frakklandi og Bandaríkjunum sem allir voru mjög áhugasamir.“

Sigurjón segist vita til að eitthvað sé flutt inn af reyktum ál, en þar séu vissulega tækifæri fyrir íslenska framleiðslu á ál.

„Állinn er að mínu mati klárlega vannýtt auðlind og það er mun meira af honum en margur heldur. Fólk veit ekki af honum vegna þess að hann grefur sig í botnleðjuna þannig að aðeins hausinn stendur upp úr.

Það má segja að alls staðar þar sem vatn kemst í sjó við Suður- og Vesturland, þar finnist áll. Menn hafa verið að segja mér að þeir hafi verið að fá ál í kolbrúnum pollum þar sem menn héldu að nær ekkert líf væri. Ég held ég hafi aldrei sett álagildrur niður í polla sem ekki hafa einhver álakvikindi álpast í. Það er ótrúlegt hvað hann er víða. Það er t.d. áll í öllum vötnum í kringum Reykjavík. Á árum áður var t.d. veitt talsvert af ál í Vífilsstaðavatni.“

*/HKr.*

## *Áll – sextán til tuttugu ættkvíslir*

**Til ættkvíslarinnar Anguillidae teljast 16 til 20 tegundir ála sem eru nokkuð ólíkar að útliti og finnast víða um heim, að Suður-Atlantshafi og austanverðu Kyrrahafi undanskildu.**

Tvær tegundir ála eru þekktar í Atlantshafi; önnur er evrópski állinn (*Anguilla anguilla)* en hinn ameríski állinn (*Anguilla rostrata*). Evrópski og ameríski állinn eru ólíkir að því leyti að sá evrópski hefur að meðaltali 114 hryggjarliði en sá ameríski sjö færri, eða 107. Sumir álar á Íslandi hafa færri hryggjarliði en evrópski állinn en fleiri en sá ameríski og eru sérstakir að því leyti og nýjar erfðarannsóknir sýna að hér sé um að ræða blendinga á milli þessara tveggja tegunda.

Heimkynni evrópska álsins er á Íslandi, í Færeyjum og Bretlandi. Frá Norður-Noregi að Miðjarðarhafi og austur að Svartahafi. Hann finnst í ám og vötnum í Mið-Asíu og þeim löndum Afríku sem liggja að Miðjarðarhafi auk þess sem hann er þekktur á Asóreyjum, Madeira og Kanaríeyjum og við norðvesturströnd Afríku suður til Senegal. Ameríski állinn finnst í austanverðri Norður-Ameríku og á Grænlandi.

### *Allt 100% hrygnur*

Bjarni Jónsson, fiskifræðingur hjá Veiðimálastofnun, sem rannsakað hefur ála á Íslandi, segir í grein sem má finna á landbunaður.is: „Rannsóknir á gulál og bjartál hafa beinst að útbreiðslu ála á Íslandi, búsvæðavali, lífsháttum og nýtingarmöguleikum. Þessar rannsóknir hafa leitt í ljós að ála er að finna í öllum landshlutum á fjölbreyttum búsvæðum og með ólíka lífshætti. Hluti ála virðist ala allan aldur sinn í sjó án þess að fara í ferskvatn eða ísalt vatn. Niðurstöður benda einnig til þess að munur sé á tegundasamsetningu eftir búsvæðum og jafnvel landshlutum. Það er einstakt á Íslandi að víðast er meirihluti ála hrygnur en hængar eru í minnihluta. Kynákvörðun ála er umhverfisháð og fer kynjahlutfall ála almennt annars staðar á útbreiðslusvæði þeirra eftir búsvæðum. Ísland virðist því skera sig hér úr og er hlutfall hrygna víða allt að 100%.“

### *Hrogn og lirfur*

Álar hrygna á vorin í Þanghafinu (Sargasso-hafinu) við austurströnd Mið-Ameríku. Hrygning fer fram á 400–700 metra dýpi í úthafinu þar sem sjávardýpi er um 6000 m. Hrogn og lirfur eru sviflæg. Lirfurnar (Leptocephalus) berast með Golfstraumnum að ströndum Evrópu og Ameríku og tekur það ferðalag um eitt ár. Áður var talið að ferðalagið tæki þrjú ár.

### *Gleráll*

Lirfurnar myndbreytast þegar þær nálgast strendur og kallast þá glerálar. Glerálar eru glærir og um 6–8 sm langir. Glerálar sækja að strönd og ganga í ferskvatn. Smám saman verða þeir gulbrúnir á litinn og nefnast þá álaseiði. Glerálar og álaseiði ganga í ferskvatn að sumarlagi. Göngur ála eru háðar hita í vatni og gengd er meiri í hlýjum sumrum. Ef fossar eru á leið ála upp árnar þá skríða álarnir upp raka kletta eða gras framhjá fossum.

### *Guláll*

Lífsskilyrði fyrir ála í uppeldi (gulála) eru best í grunnum vötnum á láglendi sem hlýna að sumarlagi. Álar í fersku vatni éta ýmis smádýr á botninum. Álar vaxa um 5–6 sm á ári. Álar er hitakærir og kjörhiti þeirra til vaxtar er 22–23 °C.

### *Bjartáll*

Þegar áll hefur náð um 35–100 sentímetra lengd þá sækir hann í Þanghafið til að hrygna. Hann tekur áður miklum útlitsbreytingum, augun stækka, bakið dökknar, kviður verður silfurlitur og slím á húð minnkar. Slímug húð ála er talin vera vörn gegn breytingu á saltinnihaldi vatns.

Állinn hættir að éta á ákveðnu þroskastigi, magi og garnir hans skreppa saman en kynfæri taka að þroskast. Á þessu skeiði nefnist áll bjartáll. Hængar eru þá 35–50 sm að lengd og 60–200 g þungir og hrygnur 45–100 sm langar og vega 100 g–2000 g. Fundist hafa álar sem eru 125 sm og 6 kg. Það er háð vaxtarskilyrðum hvenær álar yfirgefa ferskvatn og halda út á haf. Á Íslandi eru álar líklega 8–14 ára þegar ganga bjartála hefst. Göngur ála aukast þegar hiti lækkar að hausti. Göngurnar er mestar að næturlagi. Ferð bjartála á hrygningarstöðvar í Þanghafinu er allt að 6.500 km löng. Talið er að álarnir haldi sig á um 50–400 metra dýpi á meðan á ferðinni stendur. Álar deyja að hrygningu lokinni.

### *Álastofninn í Evrópu*

Talið er að fjöldi ála sem nær ströndum Evrópu hafi minnkað um 90% frá 1970. Mögulegt er að það stafi af náttúrulegum sveiflum eða ofveiði, sé af völdum sníkjudýra eða vegna þess að áll getur ekki gengið í ár vegna hindrana t.d. af völdum vatnsaflsvirkjana. Talið er að fækkun ála megi að einhverju leyti rekja til mengunar af völdum PCB.

### *Álaveiðar og álaeldi*

Álaveiðar eru stundaðar með fléttuðum netum. Áll er mikilvægur matfiskur í strandhéruðum í Evrópu, m.a. í Danmörku, Þýskalandi, Hollandi, Bretlandi og í Frakklandi. Reyktur áll er einnig hluti af hefðbundnu sænsku jólahlaðborði.

## Bústólpi á Akureyri tekur í notkun nýtt húsnæði:

# Velgengni félagsins langt í frá sjálfgefin

**„Okkur hefur í raun gengið vel hjá Bústólpa á liðnum árum, komumst klakklaust í gegnum hrunárin og höfum vaxið jafnt og þétt síðan,“ sagði Hólmgeir Karlsson, framkvæmdastjóri Bústólpa.**

Félagið fagnaði því á dögunum að lokið var við byggingu nýrrar verslunar og starfsmannaaðstöðu og var húsnæðið tekið í notkun fyrr á árinu. Eldra verslunarrými var í kjölfarið breytt í skrifstofuhúsnæði. Fjöldi gesta mætti í hóf sem haldið var af þessu tilefni. Sérstakur gestur var Haraldur Benediktsson, þingmaður og fyrrverandi formaður Bændasamtaka Íslands.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað hjá Bústólpa á Akureyri undanfarin ár þar sem markvisst hefur, að sögn Hólmgeirs, verið unnið að því að efla félagið þannig að það geti betur þjónustað landbúnaðarsamfélagið á Norður- og Austurlandi. „Við höfum unnið eftir 5 ára áætlun þar sem markmiðið var að félagið yrði að nútíma matvælafyrirtæki í lok þess tímabils hvað varðar gæði framleiðslu og þjónustu og einnig ásýndar og ímyndar félagsins á markaði.“



Kristbjörg Góa Sigurðardóttir ásamt Benjamín Baldursyni á Ytri-Tjörnum og Hólmgeiri Karlssyni, framkvæmdastjóra Bústólpa. Myndir / MÞÞ



Hörður Snorrason, bóndi í Hvammi, Aðalsteinn Hallgrímsson í Garði, Eyjafjarðarsveit og Helga Hallgrímsdóttir, bóndi í Hvammi.

### *Afköst tvöfölduð og gæði jukust*

Byrjað var á að endurnýja vinnslubúnað í verksmiðju og var hann tekinn í notkun haustið 2010. Sú breyting var að sögn Hólmgeirs sett í forgang þar sem með henni urðu gæði framleiðslunnar meiri, afkastageta og hagkvæmni vinnslunnar jukust einnig til muna. Afköst tvöfölduðust og nýting hráefna og gæði við vinnsluna urðu eins og best verður á kosið. Nýtt gæðakerfi var unnið á sama tíma en það uppfyllir ýtrustu kröfur til matvæla- og fóðurframleiðslu.

Hólmgeir segir að einnig hafi markvisst verið unnið að því að auka þjónustu við bændur með framboði á rekstrarvörum og hefði sá liður í starfsemi fyrirtækisins aukist á liðnum árum. Stórt skref í þá átt hafi verið stigið þegar Bústólpi tók við þjónustu og sölu á búnaði frá DeLaval árið 2012.

Í lok þess sama árs var lóð félagsins á Oddeyrartanga stækkuð, en það er lykilþáttur í að áætlanir þess gætu gengið eftir. Þar segir Hólmgeir að Hafnasamlag Norðurlands hafi átti stóran þátt, en samlagið studdi aðgerðir Bústólpa á alla lund.



Kristján Edelstein plokkar gítarinn.



Rúnar Eff lék líka af innlifun fyrir gesti Bústólpa.



Ásdís Gunnlaugsdóttir, Stefán Hlynur Björgvinsson, Kristín Laufey Ingólfsdóttir og Hólmfríður Freysdóttir.

### *Umtalsverð veltuaukning á liðnum árum*

Fram kom í ávarpi Hólmgeirs að velta félagsins árið 2007 nam 875 milljónum króna, á liðnu ári, 2014, var hún rúmlega 2 milljarðar og stefnir í 2,2 milljarða í ár. Mestu munaði um sölu rekstrarvara og þjónustu, hvort tveggja hefði aukist mikið. Veruleg aukning varð einnig í fóðurframleiðslu, bæði vegna aukinnar kjarnfóðurgjafar og eins hefði markaðshlutdeild Bústólpa aukist.

Hólmgeir sagði að velgengni félagsins væri langt í frá sjálfgefin. Árangurinn megi umfram annað þakka tryggum viðskiptavinum og einstökum hópi starfsfólks auk þess sem eigendur hefðu sýnt stuðning og gefið færi á að byggja félagið upp og sækja fram.

### *Stöndum saman*

Góð samvinna félagsins og bænda á svæðinu væri mikilvæg og einn af ráðandi þáttum þegar horft væri til rekstrarumhverfis landbúnaðarins. Sama gilti um afurðasölufélögin, um þau þyrftu bændur að standa vörð sem aldrei fyrr. „Mín von er að við stöndum saman, Bústólpi og bændur, í að tryggja sjálfstæði og afl landbúnaðar á okkar svæði. Það gerist hins vegar ekki nema með rækt við það sem við höfum, samstöðu og óbilandi trú á svæðið okkar sem mikilvægan hlekk í matvælasjálfstæði þjóðarinnar. Þeim skilaboðum þurfum við líka að koma til þjóðarinnar, sem ætti að vera okkar helsti bandamaður,“ sagði Hólmgeir. /MÞÞ




Almanak
Háskóla Íslands
2016

komið
í helstu
bókaverslanir
um land allt.

Fæst einnig á:
www.almanak.is

HÁSKÓLAÚTGÁFAN
haskolautgafan.hi.is – hu@hi.is – s. 525 4003



TRYGG
Nøsted Kjetting as
SNJÓKEÐJUR



Vertu viðbúinn vetrinum
Mest seldu snjókeðjur á Íslandi
LÉTTAR – STERKAR – TRAUSTAR



Ísnet Húsavík s. 5 200 555
Ísnet Akureyri s. 5 200 550
Kristbjörg Ólafsfjörður s. 5 200 565
Ísnet Sauðárkrókur s. 5 200 560
Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna
ÍSFELL
www.isfell.is
Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5 200 500 • isfell@isfell.is

## Álver Alcoa í Reyðarfirði:
# Minna flúor í grasi

**Flúor í grasi í Reyðarfirði minnkaði í sumar þriðja árið í röð. Hann var 36 prósentum minni nú heldur en sumarið 2014, en það sumar dró einnig úr flúor miðað við sumarið 2013, eða um 19 prósent.**

Meðaltal nýliðins sumars var 19,7 µg samanborið við 30,8 µg árið 2014 og 37,8 µg sumarið 2013. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Alcoa Fjarðaráli.

Alls eru framkvæmdar sex mælingar á hverju sumri: tvær á mánuði í júní, júlí og ágúst. Meðaltal þessara mælinga á flúormagni í grasi er síðan borið saman við viðmiðunarmörk sem sett eru í vöktunaráætlun álversins, en þau eru 40 µg F/g gras á ársgrundvelli. Þau mörk segja til um hvort frekari eftirfylgni og rannsókna er þörf eða ekki.

Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls, segir mjög ánægjulegt að sjá staðfestingu þess hve vel hefur gengið enda séu umhverfismál og velferð samfélagsins ávallt í fyrirrúmi í stefnu fyrirtækisins. Fjarðaál er meðal þeirra álvera sem standa sig best á heimsvísu hvað varðar magn mengandi efna í útblæstri og af öllum álverum Alcoa er magnið minnst hjá Fjarðaáli.

„Við erum afar ánægð með niðurstöður sumarsins og þann árangur sem náðst hefur. Starfsfólkið hefur lagt sitt af mörkum til að ná sífellt betri árangri en ytri aðstæður sem við höfum ekki stjórn á, svo sem veður, hafa einnig áhrif á flúor sem mælist í grasi,“ segir Magnús Þór.

Gildin fyrir flúor í grasi voru mun lægri í sumar en viðmið fyrir grasbíta segja til um. Síðar í haust verður safnað sýnum úr heyi sem aflað var í Reyðarfirði í sumar og verður þá hægt að sjá hvert flúorinnihaldið er í þeirri fæðu sem dýrin neyta á ársgrundvelli.

## Halli á vetrarþjónustu:
# Sjóþyngsli valda framúrkeyrslu



**Aðalástæða þess að Vegagerðin hefur farið fram úr fjárheimildum er mikill kostnaður við vetrarþjónustu undanfarin ár. Útgjaldaliðir eins og viðhald og nýframkvæmdir stóðu aftur á móti vel eftir fyrstu sex mánuði þessa árs eins og stofnunin í heild, að því er fram kemur í frétt á vef Vegagerðarinnar.**

„Vegagerðin getur haft stjórn á flestum útgjaldaliðum sínum, en því miður gildir það ekki um vetrarþjónustuna nema að litlu leyti. Þar ræður veðurfarið ferðinni, ásamt þeim reglum sem ákveðnar hafa verið um umfang þjónustunnar,“ segir á vef Vegagerðarinnar.

### *Undanfarnir vetur hver öðrum snjóþyngri*

Hallinn á vetrarþjónustunni sé því engin ný bóla. Allt frá árinu 2010 hafi fjárveitingar til vetrarþjónustu verið miðaðar við snjólétta vetur. Undanfarnir vetur hafi hins vegar verið hver öðrum snjóþyngri og sá síðasti, veturinn 2014 til 2015, einhver sá versti og kostnaðarsamasti í manna minnum.

Vetrarþjónustan hefur vegna þessa þurft að fá viðbótarfjárveitingar á fjáraukalögum árlega árin 2012, 2013 og 2014. Þrátt fyrir það var skuld vetrarþjónustunnar ríflega 1,1 milljarður króna í lok síðasta árs. „Sú skuld ásamt miklum kostnaði við þjónustuna eftir áramót skýrir mestan hluta þeirra neikvæðu fjárhagsstöðu sem hefur verið til umræðu.“







Bræðurnir Aðalsteinn og Garðar Hallgrímssynir í Garði í Eyjafjarðarsveit með Pétri Haraldssyni mjólkurbílstjóra. Hann var leystur út með gjöfum þegar hann kom að sækja mjólkina í síðasta sinn í liðinni viku. Myndir / MÞÞ

## Pétur mjólkurbílstjóri hættir hjá MS eftir 40 ára starf:

# Hefur sótt um 300 milljón lítra af mjólk

**Bændur í Garði í Eyjafjarðarsveit, bræðurnir Aðalsteinn og Garðar Hallgrímssynir, buðu Pétri Haraldssyni mjólkurbílstjóra upp á kaffi og meðþví þegar hann kom að sækja mjólk á bæinn í liðinni viku.**

Það var síðasta ferð Péturs, sem lét af störfum um síðustu mánaðamót, en Garðsbændum taldist svo til að hann hefði á rúmlega 40 ára ferli sínum sem mjólkurbílstjóri komið yfir 4.000 sinnum í Garð.

### *Skráir ferðirnar niður*

Pétur hóf störf hjá Mjólkursamlagi KEA, sem þá var og hét, í maí árið 1975, þannig að starfsferillinn spannar ríflega 40 ár. Í fyrstu var hann í afleysingum og ók þá vítt um hérað en mörg undanfarin ár hefur hann tekið sama rúntinn um Eyjafjarðarsveit, auk þess að fara um Svalbarðsströnd og Höfðahverfi. Frá því hann tók við eigin bíl skráði hann niður sínar ferðir og hversu mikið magn sótt var.

„Ég á hér heima einar 26 bækur þar sem ég hef skrifað ferðirnar niður, ég byrjaði ekki á þessu alveg strax og einhvern veginn hefur mér tekist að týna þremur bókum. En mér sýnist að ég hafi frá árinu 1987 sótt um 300 milljónir lítra af mjólk,“ segir Pétur. Hann hefur haft heppnina með sér á starfsferlinum, afar sjaldan lent í óhöppum.

„Ég velti einu sinni, bíllinn lagðist bara á hliðina í snjó. Það slapp allt vel til, ég meiddist ekki og bíllinn var óskemmdur,“ segir Pétur.

### *Vegabætur skipta mestu*

Þróun í mjólkurframleiðslu hefur undanfarna áratugi verið sú að framleiðendum hefur fækkað, en búin að sama skapi stækkað. Áður fyrr var því farið á fleiri bæi en nú hin síðari ár. „Það hafa orðið miklar breytingar í greininni, því er ekki að neita,“ segir hann.

„Fyrir okkur bílstjórana skipta þær miklu vegabætur sem orðið hafa miklu. Snjómokstur er einnig betri nú en var, betri tæki notuð og afkastameiri, þannig að sú staða kemur sárasjaldan upp að ófært sé um héraðið,“ segir Pétur, en mjólkurbílarnir eru líka góðir og öflugir. „Það hefur alltaf verið lögð áhersla á að hafa góða bíla.“

Pétur segist hafa kunnað vel við sig í starfi, „þetta er fjölbreytt og skemmtilegt starf, maður hittir marga. Ég er uppalinn í sveit og líður best í sveitinni, þannig að það segir sig sjálft að mér líður vel í þessu starfi.“



Pétur Halldórsson mjólkurbílstjóri gengur í bæinn í Garði í Eyjafjarðarsveit í síðustu ferð sinni til að sækja mjólk.

### *Leggur ekki árar í bát*

Pétur á nokkra hesta og er með haustbeit fyrir þá í Eyjafjarðarsveit þannig að hann stefnir á að vera sem mest í sveitinni áfram þótt hann hafi hætt að aka um á mjólkurbíl. „Framtíðin er óskrifað blað hjá mér eins og öðrum, en ég er ekki á þeim buxunum að leggja árar í bát. Helst myndi ég vilja halda áfram að vinna og mun gera það ef einhver hefur not fyrir mig,“ segir hann. /MÞÞ




Veljum íslenskt
...og allir vinna
KORNAX
- Rúgmjölið í sláturgerðina og rúgbrauðið -
KORNAX
RÚGMJÖL
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA


Landsmót hestamanna að Hólum í Hjaltadal 27.6.-3.7.2016
Fjölskylduhátíð í fallegu umhverfi!
Unglingapassi kr. 3.900 til áramóta - frítt fyrir 13 ára og yngri
Vikupassi
kr. 11.900
til áramóta!
LANDSMÓT HESTAMANNA
ICELANDIC NATIONAL HORSE SHOW
Miðasala á www.landsmot.is


Náttúrulegt
Þörunga magnesíum
Mikill virkni
Duft í kalt vatn eða boost
Styður:
Efnaskipti og öflugri brennslu
Minni sykurlöngun
Slökun og svefn
Vöðva og taugastarfsemi
Gott á morgnana og kvöldin
1/3 tsk = 350mg - ekkert bragð
Fæst í apótekum, Krónunni, Fjarðarkaup, Hagkaup, Nettó og Græn heilsa.
ENGIN MAGAÓNOT
lifestream
NATURAL MAGNESIUM
Pure Marine Source
Food Supplement
lifestream
náttúruleg uppspretta bætiefna


Til sölu gistiheimili í góðum rekstri.
Framtíðar tækifæri í tengslum við áframhaldandi uppbyggingu á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga, auk þess sem samfelldur vöxtur hefur verið í gestafjölda síðustu ár.
Um er að ræða gistiheimili með níu 2ja – 5 manna herbergjum. Hægt er að nýta hluta hússins sem íbúðarhúsnæði samhliða gistiheimilisrekstri.
Gistiheimilið er aðili að farfuglasamtökunum, sjá www.hostel.is
Farfuglaheimili Akraness er staðsett á Suðurgötu 32, Akranesi.
Skipti möguleg á jörð á vestur- eða norðvesturlandi eða ódýrari eign.
Allar nánari upplýsingar veittar hjá Fasteignamiðlun Vesturlands 431-4144 fastvest@fastvest.is, www.fastvest.is
Soffía Sóley Magnúsdóttir og Ragnheiður Rún Gísladóttir löggiltir fasteignasalar.

Gamli traktorinn



# OilPull – Þunglamalegur vinnuþjarkur



**Líkt og mörg önnur fyrirtæki sem reyndu fyrir sér við framleiðslu á dráttarvélum liggur upprunni Advance Rumely í smíði á jarðvinnslu- og þreskivélum um miðja nítjándu öld.**

Árið 1848 hófu bræðurnir Meinhard og John Rumley framleiðslu á hestknúnum þreskivélum undir heitinu Advance Thresher Company. Framleiðslan gekk vel en árið 1887 keypti Meinhard hlut bróður síns vegna ágreinings um reksturinn. Þegar Meinhard lést 1904 tóku synir hans við. Árið 1909 keypti M. Rumely Co. Advance Thresher Company ásamt nokkrum öðrum fyrirtækjum sem framleiddu landbúnaðarvélar. Nafn samstæðunnar var Advance Rumely frá 1915.



*OilPull – ódrepandi*

Rekstur hélt sínu striki og árið 1910 setti Advance Rumely á markað tröllstóra dráttarvél á járnhjólum sem kallaðist OilPull og gekk fyrir steinolíu. Kosturinn við steinolíu fram yfir dísilolíu var að hún var ódýrari og dró þannig úr rekstrarkostnaði vélarinnar. Steinolía brennur aftur á móti við hærri hita en dísill og átti vélin það til að ofhitna. Ofhitnunarvandamálið var leyst með því að koma stórum kælitanki fyrir á milli framhjólanna.

Þrátt fyrir stærð og þyngsli nutu



OilPull traktorarnir mikilla vinsælda. Vélarnar þóttu sterkar og mölluðu á akrinum sólarhringum saman svo lengi sem þær fengu steinolíu og kælitankurinn tæmdist ekki. Þær seldust því vel til stærri býla í miðríkjum Bandaríkjanna. Talsvert var einnig selt af þeim til




Kanada og Suður-Ameríku.

Seigla OilPull traktoranna var fáheyrð á sínum tíma. Hægt var að tengja við þá þrjá stóra plóga og vinna allt að 800 hektara á sex dögum. Þrátt fyrir að vera nánast ódrepandi komu á markað, um 1920, minni og kraftmiklir traktorar sem smám saman ruddu OilPull úr vegi.

*DOALL – lítill og lipur*

Til að mæta samkeppninni keypti Advance Rumely vélaframleiðandann Toro til að komast yfir dráttarvélaframleiðslu þeirra. Traktorarnir voru kallaðir DOALL og í alla staði ólíkir tröllinu OilPull. DOALL voru litlar, 20 hestafla og liprar dráttarvélar með sex gírum en á þeim tíma voru flestir traktorar þriggja gíra.

Alls voru framleiddar 3000 DOALL dráttarvélar en markaðssetning þeirra fór öll í vaskinn og tapaði fyrirtækið meðal annars stórfé á útflutningi þeirra til Rússlands. Að lokum var hætt í helmingur lagersins seldur með 50% afslætti.

*Kreppan mikla*

Verulega tók að halla undan fæti hjá Advance Rumely í kreppunni á þriðja áratug síðustu aldar. Fyrirtækinu tókst ekki að halda í við tækninýjungar og árið 1931 keypti vélaframleiðandinn Allis-Chalmers fyrirtækið. Þrátt fyrir að Advance Rumely hafi látið hanna og smíða frumgerð að minni og nýtískulegri OilPull traktor vantaði fjármagn til framleiðslunnar.

Nýju eigendurnir höfðu meiri áhuga á þreskivélaframleiðslu Advance Rumely en dráttarvélunum enda framleiddi Allis-Chalmers litlar og mjög vinsælar dráttarvélar á þessum árum. Allis-Chalmers varð gjaldþrota og lagði upp laupana árið 1985. /VH

Utan úr heimi



Kúariða hefur reynst breskum bændum og bresku samfélagi dýrkeypt í gegnum tíðina. Um miðjan níunda áratug síðustu aldar leiddi neysla á sýktu kjöti til Creutzfeldt-Jakob sjúkdóms í mönnum sem dró um 200 manns til dauða. Slátrað var milljónum dýra í kjölfarið sem voru brennd og urðuð.

## Nýtt kúariðutilfelli finnst í Wales:

# Slátra hefur þurft milljónum gripa í Bretlandi frá 1985

## – kjöt af sýktum dýrum getur orsakað banvæna Creutzfeldt-Jakob veiki í mönnum

**Hinn 1. október bárust fregnir af því í Bretlandi að greinst hafi kúariða (mad cow disease) á bæ einum í Wales. Aðeins eru tvö ár síðan síðasta tilfelli kom upp og frá 1985 hafa drepist um 180.000 nautgripir úr sjúkdómnum og slátra hefur þurft milljónum gripa.**

Kúariðan sem greindist í Wales fannst við reglubundna skoðun þar sem dánarorsök allra gripa sem drepast eftir að hafa ná fjögurra ára aldri eru rannsökuð vegna kúariðu.

Heilbrigðisyfirvöld í Wales segja enga hættu á ferðum fyrir almenning þar sem um einangrað tilvik sé að ræða og gripurinn hafi ekki komist inn í matvælakeðjuna. Rebecca Evans, landbúnaðar- og matvælaráðherra Wales, segir að greining á þessu kúariðutilfelli sýni að það varúðarkerfi sem sett hafi verið upp í landinu sé að virka vel.

Afbrigði af kúariðunni sem nefnist Creutzfeldt-Jakob sjúkdómurinn getur lagst illa á menn og er talinn smitast við neyslu á sýktu kjöti. Nærri 200 manns létust úr þessum sjúkdómi í Bretlandi eftir neyslu á sýktu nautakjöti á árunum 1985 til 1986. Fjöldi tilfella um kúariðu hefur komið upp í landinu síðan sem leitt hefur til þess að þurft hefur að slátra milljónum gripa með tilheyrandi skaða fyrir samfélagið.

Engin þekkt lækning er til við sjúkdómnum og er hann í öllum tilvikum banvænn. Lýsir hann sér í minnisleysi, óstöðugleika (riðu), þvoglumæltum málrómi, sjóntruflunum, blindu, skrykkjóttu göngulagi og skertri hreyfigetu. /HKr.

# Skjálftar í efnahagskerfum Asíu

## – hefur m.a. áhrif á bændur í öðrum heimsálfum

**Mikil ólga hefur verið í alþjóðlegum fjármálaheimi að undanförnu. Er það rakið til samdráttar í Kína sem er farin að hafa mikil keðjuverkunaráhrif, einkum í Asíu.**

Indland hefur orðið illa úti vegna verst fyrir barðinu á gengisfellingarferli kínverska juansins sem hófst í júlí. Það hefur komið illa við útflutning á indverskum iðnaðarvörum til Kína og fleiri landa. Þar er m.a. um að ræða útflutning á fatnaði og skartgripum. Í kjölfarið fór indverska myntin rupee að falla mjög ört. Þann 7. september var fallið orðið það mesta í tvö ár og töluðu fjármálaspekingar þá um hrun, en fallið hélt samt áfram. Erlendir fjárfestar hafa því farið í að reyna að losa



um fjárfestingar sínar á Indlandi og óttast indversk stjórnvöld því stóraukið atvinnuleysi.

Vandi Indverja einskorðast síður en svo við þeirra landamæri. Þannig voru t.d. fregnir af mikilli uppbyggingu í ferðamannaiðnaði í Ástralíu þar sem einkum hefur verið stílað á aukinn straum indverskra ferðamanna. Óttast menn nú að þeim fjárfestingum kunni að vera stefnt í hættu.

Þá er bent á enn einn angann af vandræðunum í kínversku efnahagslífi. Í The Economic Times var t.d. greint frá því að í fyrsta sinn í heilan áratug kunni að verða samdráttur í Kína á innflutningi sojabauna. Var þetta haft eftir talsmönnum hrávörurisans Cargill. Skiptir það verulegu máli fyrir heimsviðskiptin með sojabaunir, þar sem Kína er langstærsti kaupandinn og tekur til sín um 60% af heimsframleiðslunni og nemur það um 77 milljónum tonna. Afleiðingin verður væntanlega verðfall á sojabaunum með tilheyrandi áhrifum á bændur í öðrum heimshlutum. /HKr.

## Mikil pressa frá verslunarfyrirtækjum í Evrópu á lækkun svínakjöts:

# Kreppuafleiðingar og offramboð valda bændum áhyggjum

**Svínakjötsframleiðendur verða að finna nýjar leiðir til að glæða söluna vegna minnkandi svínakjötsneyslu í ESB-löndunum.**

Þetta segja sérfræðingar Robiobank í nýrri skýrslu um greinina. Þeir telja nýja hugsun og þróun í svínakjötsframleiðslu nauðsynlega ef greinin eigi hreinlega að lifa af, að því er fram kom í breska bændablaðinu Farmers Weekly í síðustu viku.

Neysla á svínakjöti dróst saman í ríkjum ESB um milljón tonn á árunum 2007 til 2014. Er það sagt vegna aukinnar pressu frá verslunareigendum um lægra verð frá bændum og viðleitni neytenda í kjölfar efnahagskreppunnar að skipta yfir í aðrar og ódýrari kjöttegundir. Einnig hefur kjötsvindl á milli landa í Evrópu haft þarna mikil áhrif. Þar hefur margoft komist upp um svindl þar sem hrossakjöt var m.a. selt sem nautakjöt milli landa ESB þrátt fyrir að þeim kjötflutningum fylgdu vottorð í bak og fyrir.

Sérfræðingar Robobank segja stöðuna erfiða vegna offramboðs á svínakjöti. Eins og fram hefur komið í fréttum stafar það m.a. af innstreymi kjöts á Evrópumarkað frá Danmörku, Póllandi og víðar sem farið hefði á Rússlandsmarkað ef ekki hefði komið til viðskiptabanns.

Sérfræðingarnir segja að auk þess hafi fóðurkostnaður hækkað og neytendur hafi í kjölfar efnahagshrunsins í auknum mæli snúið sér að kjúklingakjöti sem sé ódýrara prótein. Próteinsérfræðingurinn Albert Vernooij segir í samtali við Farmers Weekly að mikill þrýstingur sé af hálfu verslunarinnar um alla Evrópu á lækkun á matvælum eins og svínakjöti. Þá hafi farið í gang mikil umræða m.a. annars um mataræði og dýravelferð sem leitt hafi til þess að unnar kjötvörur innihaldi minna af kjöti en áður. /HKr.

## Til sölu plastgrindur í fjárhús og svínabú



SAMLEIÐ

Samleið ehf
Sunnubraut 2,
620 Dalvík
www.samleid.is

Nánari upplýsingar í síma 8973290 eða í email: haukur@samleid.is



**B&B Guesthouse**

Á leiðinni til útlanda?

Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu

2 manna herbergi 9.900 kr

Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is



REYKJAVÍK S: 414-0000 / AKUREYRI S: 464-8600 / www.VBL.is

## LELY ASTRONAUT A3

**Til sölu mjög góður notaður og yfirfarinn Lely Astronaut A3 mjaltaþjónn. Árgerð 2007**

- Ný Atlas Copco SF4 loftpressa.
- Tölva, prentari og T4C hugbúnaður.
- 70 hálsbönd með QWES H hálskubbum með beiðslisgreiningu.
- Hefur alltaf verið á þjónustusamningi.
- Hentar líka sem mjaltaþjónn nr. 2 á sama bæ, (þá lægra verð án loftpressu, tölvu, prentara og CRS).
- Fyrst settur upp í nóvember 2007.
- Tilbúinn til afhendingar.




**Verð kr. 12.200.000 án vsk.**

Kominn heim á bæ með uppsetningu og byrjaður að mjólka

Allar nánari upplýsingar hjá Sverri í síma 896 2866

LELY

VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture ltd.
www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600



ChitoClear®

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN ÍSLANDS 2012



**SÁRASPREY** FYRIR ÖLL DÝR

- Einstaklega græðandi
- Hægir á blæðingu
- Dregur úr sársauka og kláða
- Myndar filmu og hlífir sári
- Vinnur gegn bakteríu- og sveppamyndun
- Íslensk framleiðsla

Fæst hjá dýralæknum, hesta- og búvöruverslunum um land allt

primex

Siglufjörður · Sími 460 6900 · info@primex.is · www.primex.is



## PRO•STAMINUS

ÖFLUGT NÁTTÚRULEGT EFNI FYRIR KARLMENN

Pissar þú oft á nóttunni?
Er bunan orðin kraftlítil?




PRO•STAMINUS er spennandi nýjung sem er fyrst og fremst ætluð karlmönnum sem hafa einkenni góðkynja stækkunar á blöðruhálskirtli sem getur valdið vandræðum við þvaglát.

MEZINA
www.gengurvel.is

PRO•STAMINUS fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða





## BOS geymslugámar og skemmur

ATHYGLI-Ágúst 2015

Hinir vinsælu BOS geymslugámar aftur fáanlegir á Íslandi!

- Léttir og auðveldir í uppsetningu
- 10 ára ábyrgð gegn tæringu
- Þýsk gæðavara
- Sýningargámar á staðnum

Hafðu samband 568 0100

**Bjóðum einnig vöruskemmur í ýmsum stærðum frá BOS.**

Stólpi Gámar
Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | stolpigamar.is


## Samtökum eigenda sjávarjarða.

Samtök eigenda sjávarjarða, sem eru samtök hlutaðeigenda í sjávarauðlindinni, óska hér með eftir lögfræðingi eða lögfróðum manni (endurskoðanda, fasteignasala) til að vinna að innheimtu gjalds fyrir afnot af lögbundnum og sjórnarskrárvörðum eignarréttindum sjávarjarða eða ráðstöfun þeirra réttinda. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur gefið út það álit sitt, að réttur þessi sé lögformleg eign eigenda sjávarjarða í samræmi við 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópuráðsins.

Kostnaður vegna vinnu yrði til að byrja með greiddur í samræmi við árangur í starfi en útlagður kostnaður greiddur að fullu.

Áhugasamir aðilar vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Ómar Antonsson, formaður Samtaka eigenda sjávarjarða,
Horni, Höfn í Hornafirði, símar **478-2577** og **892-0944.**
Netföng: **omarantons@gmail.com**, **ses.netlog@gmail.com**
Heimasíða samtakanna er: **www.ses.is**



Yam-rætur eru ríkar af kolvetnum, vítamínum og steinefnum en innihald þeirra af próteinum er lítið sem ekkert. Meðaluppskera á hektara er rúm 10 tonn en hefur farið í 30 og niður fyrir eitt tonn.

# Yam – mjölrót

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



**Þrátt fyrir að mjölrót sé lítt þekkt rótargrænmeti hér á landi er rótin undirstöðufæða yfir hundrað milljón manna sem búa á yam-beltinu við miðbaug hvort sem það er í Afríku, Asíu, Suður-Ameríku eða Eyjaálfunni. Yam er þriðja mest ræktaða rótargrænmeti í heimi.**

Í ættkvíslinni Dioscorea sem mjölrætur tilheyra eru nokkur hundruð tegundir. Tólf til fimmtán af þeim eru almennt nýttar til matar og aðrar sjö til lækninga.



Enginn vonbilill með sjálfsvirðingu biður föður um dóttur sína fyrir minna en 200 stórar rætur.

### *Heimsframleiðsla 60 milljón tonn*

Samkvæmt FAOSTAD, tölfræðideild Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, nam heimsframleiðsla á mjölrót tæpum 60 milljón tonnum árið 2014. Langmest er ræktunin í Nígeríu rúm 40 milljón tonn, Gana framleiðir næstmest, rúm 7 milljón tonn, Fílabeinsströndin tæp 6, Benin 3,3 milljón og Eþíópía 1,2 milljón tonn. Uppskerutölur benda til að rótin sé ræktuð í 47 löndum í kringum miðbaug.

Miklar vonir er bundnar við mjölrót sem framtíðarfæðu hundruð milljóna manna á næstu áratugum. Í dag fer ríflega 90% af skipulagðri ræktun hennar fram í vestanverðri Afríku á um 4,5 milljón hekturum lands. Spár gera ráð fyrir að yam-ræktun eigi eftir að breiðast út og verða almenn í löndunum í kringum miðbaug.

Verslun með yam milli landa er takmörkuð og megnið af henni er neytt í framleiðslulandinu. Gana er stærsti útflytjandi mjölrótar í heiminum en Nígería er í öðru sæti. Jamaíka, sem framleiðir ekki nema um 135 þúsund tonn, er í þriðja sæti þegar kemur að útflutningi. Útflutningur Jamaíka á mjölrót er mestur til Bandaríkjanna, Bretlands og Kanada en útflutningur frá Gana er mestur til Japans þar sem meðal annars er unnið áfengi úr rótinni.

### *Rótin eitruð*

Plöntur af ættkvíslinni Dioscotea eru ríflega 600 og vaxa í hitabeltinu þrátt fyrir að einstaka tegundir hafi náð rótarfestu í heittempraða beltinu. Mjölrætur eru einkímblöðungar en ættkvíslin dregur heiti sitt af gríska lækninum og grasafræðingnum Dioscorides sem var uppi á fyrstu öld fyrir Krist. Hann er þekktastur fyrir ritið De Materia Medica sem er samantekt á lækningamætti vel á sjötta hundruð plantna.




Þrátt fyrir að vera breytilegar að útliti eiga allar plöntur ættkvíslarinnar það sameiginlegt að mynda stóra og mjölmikla forðarót eða rótarstöngul. Grasafræðingar eru ekki á einu máli hvernig eigi að flokka rótina. Fjölærar klifurjurtir, tveir til tólf metrar að hæð. Blöðin heilrennd, stakstæð, örvar eða breiðhjartalaga. Blómin lítil, yfirleitt einkynja en einstaka tegundir tvíkynja. Aldin misstór ber.

Hýði rótarinnar, sem er yfirleitt brúnt að lit, er hart og erfitt er að flysja það af. Mjölið í rótinni er mýkra viðkomu, hvítt, gult, fjólublátt eða bleikt á litinn.

Innan ættkvíslarinnar eru nokkrar tegundir sem eru dagleg fæða hundruð milljóna manna og kallast yam og nýttar vegna rótarinnar. Rætur ólíkra tegunda eru frá því að vera svipaðar stórum kartöflum að stærð upp í að vera einn og hálfur metri að lengd og allt að 70 kíló að þyngd. Ræturnar eru eitraðar á meðan þær eru ferskar en eitrið í þeim verður óvirkt við matreiðslu. Eitrið í rótunum verður einnig óvirkt eftir að hún er grafin upp og látin standa.

Eitrið hefur verið notað á örvaroddа og á öngla til að drepa bráðina fyrr. Víða eru hanar notaðir sem eins konar eiturmælar, drepist þeir eftir að hafa étið rótarbita þarf rótin lengri geymslutíma.

### *Helstu tegundir í ræktun*

Helstu mjölrætur í ræktun eru D. rotundata og D. cayenensis sem í daglegu tali kallast hvítt og gult yam og báðar eru tegundirnar upprunnar í Afríku. Klifurjurtir sem ná tíu til tólf metra hæð. Rótin 2,5 til 5 kíló, við uppskeru sjö til tólf mánuðum eftir niðursetningu, en getur orðið 25 kíló að þyngd fái hún að vaxa í friði. Meðal annars eru búnar til yam-rótarflögur úr þessum tegundum.

Ræturnar eru líka að ytra útliti en hvítar og gular að innan. Dvalartími guls yams milli vaxtarskeiða er lengra en hvítra. Grasafræðileg greining tegundanna er nokkuð á reiki og telja sumir flokkunarfræðingar að um eina tegund sé að ræða. Ríflega 200 afbrigði þeirra eru þekktar í ræktun.

- **D. alata**, vængjað eða fjólublátt yam, er upprunnið í Suðaustur-Asíu og mest ræktað þar. Hvað landfræðilega útbreiðslu varðar er vængjað yam algengasta yamið og ræktun þess þekkt allt í kringum miðbaug. Í Indónesíu er það kallað ube og notað í sæta eftirrétti, Víetnamar kalla það khoai og nota í súpur en í Japan kallast rótin daijo og beniimo og er meðal annars notuð til að brugga bjór.

- **D. opposita**, eða kínverskt yam, er eins og nafnið gefur til kynna upprunnið í Kína. Tegundin er ekki eins há í loftinu og skyldmenni hennar í Afríku og klifrar sjaldan yfir þrjá metra. Tegundin er fljótsprottnari, um sex mánuðir, og kuldaþolnari en frænkur sínar og þolir nokkurra gráðu frost án þess að drepast. Mest ræktuð í Kína, Japan og Kóreu. Tilraunir voru gerðar með ræktun þessarar tegundar í Evrópu um miðja 19. öld eftir að kartöfluuppskeran brást vegna sjúkdóma. Rótin náði aldrei almennum vinsældum en er enn ræktuð í Frakklandi fyrir asíska matar- og lyfjagerð. Eitt af nöfnum yam á íslensku er kínakartafla og ekki ólíklegt að það eigi við þessa tegund.

- **D. bulbifera** vex villt bæði í Afríku og Asíu og nær um sex metra hæð. Líkt og aðrar plöntur innan ættkvíslarinnar myndar hún forðarót. Tegundin myndar einnig eins konar æxlilauka í blaðöxlunum sem geta vegið hálft til tvö kíló. Aldinin líkjast kartöflum og tegundin því oft kölluð loftkartafla. Æxlilaukarnir þykja ágætir til átu en bragðverri en rótin. Tegundin var flutt í ræktunar í Flórída 1905 og líkar vistin svo vel að í dag vex hún villt eins og enginn sé morgundagurinn um allt ríkið.

- **D. trifida** er upprunnin í Suður-Ameríku og sú tegund sem er mest ræktuð þar. Tegundin vex villt í regnskógunum og þarf því mikinn hita og raka.

Af öðrum mikilvægum mjölrótartegundum í ræktun má nefna **D. esculenta** sem vex villt í Suðaustur-Asíu og talsvert ræktuð þar og neytt á svipaðan hátt og kartöflur. Rótin er lítil og því hægt að uppskera hana með vélum. **D. elephantipes**, eða filsfótur, er víða ræktuð sem skrautplanta. **D. dumetorum** er vinsæl ræktunartegund í Vestur-Afríku þar sem rótin liggur grunnt í jarðvegi og því auðvelt að grafa hana upp. Gallinn er aftur á móti sá að rótin er baneitruð og þarf sérstaka meðhöndlun fyrir neyslu. Sagan segir að rótin þyki mikið þarfaþing ef koma skal andstæðingi í gröfina.



Samkvæmt FAOSTAD, tölfræðideild Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, nam heimsframleiðsla á mjölrót tæpum 60 milljón tonnum árið 2014.



Efni sem unnið er úr mjölrótinni var upprunalega notað í getnaðarvarnarpilluna.



Rætur ólíkra tegunda eru frá því að vera svipaðar stórum kartöflum að stærð upp í að vera einn og hálfur metri að lengd og allt að 70 kíló að þyngd.



Í Nígeríu, þar sem rótin er stór hluti af daglegri fæðu fólks, er uppskeru hennar fagnað á hverju ári með veglegri hátíð.

### *Yam í Pillunni*

Vegna ríks efnainnihalds eru mjölrætur þekktar í alþýðulækningum á heimaslóðum sínum og eru efni úr þeim notuð í lyfjaiðnaði. Lyf með virk efni úr ólíkum tegundum yams eru meðal annars notuð við astma og liðagigt og til framleiðslu á sterum. Efni sem unnið er úr mjölrótinni var upprunalega notað í getnaðarvarnarpilluna.

### *Ræktun og uppskera*

Í ræktun er annaðhvort sáð til mjölrótar eða rótarbútar settir í beð eða hrauka við upphaf regntímabilsins. Vinnubrögðin eru svipuð og þegar kartöflur eru settar niður með höndum. Líkt og í annarri einræktun sækja á plönturnar skordýr, sveppir og vírusar. Smábændur rækta því mjölrætur iðulega með öðrum tegundum til að draga úr hættu á uppskerubresti.

Vaxtarmunstur flestra yamtegunda er í sátt við skiptingu í regnog þurrkatímabil. Plantan vex í sex til tíu mánuði og fer síðan í dvala í tvo til fjóra mánuði eftir tegundum. Kjörskilyrði flestra mjölróta er í heitu og röku loftslagi þar sem hitastig er á milli 18 til 34° Celsíus og meðalúrkoma um 1.500 millimetrar yfir vaxtartímann. Kjörsýrustig er pH 5,5 til 6,5.

Meðaluppskera á hektara er rúm 10 tonn en hefur farið í 30 og niður fyrir eitt tonn.

Þar sem ræturnar eru yfirleitt mjög breytilegar að stærð hefur reynst erfitt að vélvæða uppskeruna. Hún er því nánast öll unnin með handafli og handverkfærum. Vinnan við uppskeruna er bæði erfið og tímafrek og víðast hvar unnin af konum.

Geymslutími rótarinnar eftir að hún er tekin upp er takmarkaður vegna þess að hún andar frá sér öllum raka. Rótin getur lifað af löng þurrkatímabil neðanjarðar þar sem hún liggur í dvala. Hún geymist einnig vel á þurrum og köldum stað eftir upptöku en myglar fljótt í hita og við háan loftraka.

Yam-rætur eru ríkar af kolvetnum, vítamínum og steinefnum en innihald þeirra af próteinum er lítið sem ekkert.

### *Yam-hátíð*

Í Nígeríu, þar sem rótin er stór hluti af daglegri fæðu fólks, er uppskeru hennar fagnað á hverju ári með veglegri hátíð. Við upphaf hátíðarinnar er guðum og forfeðrum færð fórn. Þeim er þakkað hafi uppskeran verið góð og þeir beðnir um að blessa uppskeru komandi árs. Að því loknu er dansað og sungið fram á morgun.

Yam hefur einnig hlutverk í brúðkaupssiðum í vestanverðri Afríku. Ræturnar eru tákn um ríkidæmi og enginn vonbiðill með sjálfsvirðingu býður föður um dóttur sína fyrir minna en 200 stórar rætur. Stærð rótanna sem boðnar eru standa einnig fyrir manndóm og reisn tilvonandi brúðguma.

### *Líffræðilega fornar plöntur*

Yam-rætur hafa vaxið á jörðinni frá tíma risaeðlanna og jafnvel fyrr. Rannsóknir á tegundum sem vaxa í Afríku og Suður-Ameríku sýna mikinn skyldleika og að þær hafa þróast við ólíkar aðstæður eftir að álfurnar gliðnuðu í sundur vegna plötuhreyfinga jarðskorpunnar.

Fornminjar benda til að ræktun rótarinnar hafi hafist í Afríku og Suðaustur-Asíu allt að átta þúsund árum fyrir upphaf okkar tímatals.

Portúgalar voru duglegir að flytja með sér rætur milli landa og út á afskekktar eyjar um öll höf á meðan þrælaverslun þeirra stóð sem hæst. Ræturnar voru ódýrt fóður fyrir þrælana auk þess sem þær eru C-vítamínríkar og komu í veg fyrir skyrbjúg á löngum siglingum.

Sala á mjölrót hefur aukist á Vesturlöndum og þá aðallega í verslunum sem fólk ættað frá Afríku verslar í. Mjöl, svipað og kartöflumjöl, hefur verið í boði sem sósujafnari en það hleypur auðveldlega í kekki ef það er ekki hrært vel meðan á sósugerðinni stendur.



# Hrútaþukl á Raufarhöfn

**Hinn árlegi Hrútadagur var haldinn með myndarbrag laugardaginn 3. október í Faxahöll við Raufarhöfn.**

Þar var margt um manninn, hrútar voru þuklaðir og seldir, auk þess sem ýmislegt var til gamans gert. Gísli Einarsson, verðlaunahrútur frá RÚV, stjórnaði samkomunni.

Norður-Þingeyjarsýsla er riðulaust svæði og hefur því sala á lífgimbrum og lambhrútum jafnan verið mikil af svæðinu. Hrútadagurinn er aðeins partur af allri sölunni sem fram fer en þar tefla bændur á svæðinu fram sínum bestu lambhrútum til sölu. Öllum er frjálst að bjóða í hrútana og ef fleiri en einn skrá sig sem kaupendur að sama hrútinum fer hann á uppboð.

Sölumetið var ekki slegið á uppboðinu í ár en það mun vera hátt á annað hundrað þúsund.

Félagar í Kótellettufélaginu létu sig ekki vanta og veittu verðulaun fyrir kótellettuhrút ársins, sem Eggert Stefánsson bóndi í Laxárdal í Þistilfirði átti.

Þá var einnig hrútahlaup en það var hrútur frá Ágústi Marinó Ágústssyni bónda á Sauðanesi á Langanesi sem kom fyrstur í mark.



**Hrútahlaupið vakti lukku áhorfenda en eigendurnir fylgdu fast á hælana á sínum hrútum til að hasta þeim áfram að endalínunni.** Myndir / Gréta Bergrún Jóhannesdóttir



Gísli Einarsson stjórnaði samkomunni.



Kjötsúpan alltaf jafn vinsæl á svona samkomum..



Það þarf að vega og meta.

### *Ein sú vitlausasta aðferð…*

Það var ekki bara keppt um að eiga bestu hrútana heldur var keppt í stígvélakasti. Gísli Einarsson sagði að þetta væri nú ein sú vitlausasta aðferð sem hann hefði séð í stígvélakasti en keppandinn þarf að sveifla stígvélinu í gegnum klof sér, og ná sveiflu yfir bakið og fram. Það getur verið ansi snúið og æði mörg stígvél fóru beint aftur og máttu áhorfendur vara sig á fljúgandi stígvéli. Ragnar Skúlason bóndi á Ytra-Álandi í Þistilfirði átti lengsta kastið, 12 metra, en óljóst er hvort hann hafi stundað æfingar heimafyrir þar sem þetta var hans eigið stígvél sem notað var til keppninnar.

Dagurinn endaði á skemmtikvöldi en þar voru afhent verðlaun fyrir afurðahæstu ána, sem er í eigu Einars Guðmundar Þorlákssonar og Aldísar Gunnarsdóttur á Svalbarði í Þistilfirði.

Þá voru þar einnig hagyrðingar, misjafnlega siðprúðir að vanda og kvöldið endaði að sjálfsögðu með dunandi dansi fram á nótt. */GBJ*



Eggert Stefánsson og Friðgeir Óli Eggertsson frá Laxárdal voru ánægðir með verðlaun fyrir besta kótilettuhrútinn.



Heiða Ásgeirsdóttir var snör í snúningum við rúninginn á þessum fullorðna hrút.



Ragnar Skúlason náði góðri sveiflu og vann stígvélakastið.



Allt úrvalshrútar að sjálfsögðu.

**DEKKJASALA AKUREYRAR**

*Úrval hjólbarða á betra verði*

*Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa,- og vörubíladekk í úrvali.*

Milwaukee Handverkfæri



**15%**

*afsláttur af öllum dekkjum til 31. október 2015*



*Beinn innflutningur til Akureyrar*

*Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4126*

MOTUL Smurþjónusta

DEKKJASALA AKUREYRAR (Jason ehf.)

*Hjólbarðaþjónusta - Smurþjónusta - Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl.*

*Njarðarnesi 1 sími 460 4350*



## Gólf - Einstök hönnun

**léttari - sterkari - hreinsa sig betur - hálkuvörn**

**Þolir 4000kg öxulþunga**




Á Íslandi í 15 ár - 10 ára verksmiðjuábyrgð

Á Íslandi eru 2,6 ha gólfbita frá Andersbeton

GS

G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020 gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is

Sala og ráðgjöf Norðurlandi: Benedikt Hjaltason, Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bigben@simnet.is





## Heyrnarhlífar í vinnuna

*Hjá Dynjanda færðu heyrnarhlífar og samskiptabúnað sem uppfyllir ströngustu kröfur.*

*Hafðu samband. Við veitum þér faglega aðstoð.*

DYNJANDI allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is



Belgagri

**Twenty-One flugnaeitur**

Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt.

- Asameþífos er hraðvirkasta efnið á markaðnum
- Eina fáanlega flugnaeitrið sem má bæði úða og pensla
- Virkni í allt að 12 vikur
- Laðar skordýr að með ferómóni og löðunarefni
- Eina fáanlega efnið sem drepur við inntöku og snertingu




**Sölustaðir:** KVH, Verslunin Eyri, Bústólpi, BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI

STREYMI heildverslun

**Streymi heildverslun ehf.**
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544



Bændablaðið

**Næsta blað kemur út 22. október**



## Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir




MHG VERSLUN

**ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN**

MHG Verslun ehf I Akralind 4 I 201 Kópavogi I Sími 544-4656 I www.mhg.is

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur



# Trúarbragðadeilur og bætt mataræði – Castelvetro kominn til sögunnar

**Trúarbragðadeilur og eftirfylgjandi flóttamannastraumur úr einu landi í annað hefur verið viðvarandi öld fram af öld. Æ ofan í æ skýtur upp hópum og fylkingum rétttrúnaðarmanna sem með engu móti geta sætt sig við á hvern veg nágranninn hugsar og breytir.**

Reyndar er það sama hvaða trúarbragðakerfi á í hlut. Sagan sannar það og við höfum reynt það á eigin skinni undanfarin ár.



Livizzano-kastali, Castelvetro di Modena.

### *Öðrum til varnaðar og í Jesú nafni*

Í Evrópu logaði allt í trúarbragðadeilum á sextándu og sautjándu öld og reyndar nokkuð fram á þá átjándu. Fjöldi manna þurfti að flýja sín heimahéruð til að leita griða undan rannsóknarréttum kaþólsku kirkjunnar. Með fulltingi og að fyrirmælum Páfagarðs risu upp sérstakir rannsóknarréttir á Ítalíu, Spáni og í Portúgal. Allir sem boðuðu ný viðhorf eða settu fram vísindauppgötvanir sem brugðu frá lögboðnum kennisetningum Páfagarðs voru beittir þungum refsingum. Í vægum tilvikum settir út af sakramenti, bannfærðir eða hýddir. En ef sannfæringin var mikil og sannleikurinn augljós voru þeir brenndir á báli fyrir villutrú og dýrkun á djöflinum. Öðrum til varnaðar og í Jesú nafni. Vald kirkjunnar skyldi bestá, sama hvað á gekk og hvaða brögðum þyrfti til þess að beita!

Á einu þessara tímabila ólst söguhetja okkar í þessum pistli upp. Og þótt líf hans og boðskapur snerist mikið og mest um samskipti kirkjunnar og almennings, þá er hann öllu þekktari fyrir þau áhrif sem hann hafði á matarvenjur og matseld fólks í Vestur- og Norður-Evrópu meðan hann var og hét. Og margt sem við þekkjum af því tagi og er fyrir löngu orðið viðvarandi í nágrannalöndunum hefur líka borist til okkar og orðið okkur tamt.

### *Giacomo úr gósenlandinu*

Giacomo hét hann, það er ritháttur mállýsku hans fyrir mannsnafnið Jakob. Hann var af efnaðri fjölskyldu banka- og fræðimanna sem dró fjölskyldunafn sitt af litlum smábæ á Norður-Ítalíu. Nánar tiltekið þorpsins Castelvetro í Modenahéraði. Héraðið er þekkt fyrir frjósöm ræktarlönd þar sem allur jarðargróður dafnar í ofgnótt og heilbrigði. Svo hefur verið frá því að sögur hófust. Vínviður, ólífur, korn og aldin af öllu tagi og að sjálfsögðu grænmeti og rótarávextir í meiri fjölbreytileika en nokkur kann skil á.

Þarna fæddist Giacomo Castelvetro í áliðnum marsmánuði árið 1546. Faðir hans var vel stæður bankastjóri og frændur hans sjálfstæðir fræðimenn sem fetuðu fræðaslóðir sem litlar líkur voru á að myndu færa þeim upphefð og velgengni í Vatíkaninu. Lúðvík, föðurbróðir hans, lagði stund á gagnrýni og útskýringar fornra, rómverskra og grískra texta. Hann hafði líka imprað á því að refsingar og allt stjórnkerfi kirkjunnar væru í litlum tengslum við kenningar Krists. Einhver kvittur barst til Rómar um þessar skoðanir Lúðvíks. Honum tókst þó að koma sér yfir til Genfar í Sviss áður en útsendarar Rannsóknarréttarins komu höndum yfir hann. Þar bjó hann síðan í miklu áliti það sem eftir var.

### *Smyglað yfir landamæri*

En hinn ungi Giacomo, og eldri bróðir hans, Lelio, hafa eflaust orðið fyrir



Giacomo Castelvetro.

áhrifum Lúðvíks, frænda síns. Lítið er svo sem vitað um skólagöngu og líf þeirra fyrstu árin. En þegar Giacomo var átján ára, var honum og Lelio, bróður hans, smyglað yfir landamærin til Sviss. Þar fóru þeir til Lúðvíks og fengu heimilisfesti hjá honum. Giacomo var fróðleiksfús og ferðaðist milli skóla og borga í Sviss næstu árin. Hann gerðist handgenginn heimspekingnum Tómasi Erastus, sem hélt því fram að kirkjan skyldi halda sig við það einungis að boða fagnaðarboðskapinn, en ríkið ætti að sjá um réttarhöld og refsingar í öllum brotum, hver sem þau væru. Jafnvel guðlasti, villutrú og göldrum. Þessar kenningar áttu ekki upp á pallborðið hjá kirkjuvaldinu í Róm á þessum tíma, sem sjálft vildi sjá um sínar aftöku- og hirtingaraðferðir, en náðu fljótt miklum vinsældum, að vísu mjög mistúlkuðum, jafnvel oftúlkuðum hjá mótmælendum í N- og V-Evrópu. Ekki síst hér á Íslandi á öld stóradóms og galdrafárs.

Eftir lát Erastusar 1583 kvæntist Giacomo ekkju hans og gaf út rit hans og fylgdi þeim eftir vítt um svæði mótmælenda í Evrópulöndunum. Alveg norður til Svíþjóðar. Og yfirleitt gisti hann á heimilum þarlendra kónga eða krónprinsa. En um hjónaband hans og Ísottu, ekkju Erastusar, fara litlar sögur og lítið er vitað um afdrif hennar. Þau koma ekki fram í síðari gögnum eða öðrum æviatriðum hans.

### *Afleiðingar villutrúarkenninga*

Bræðurnir gerðust mótmælendatrúar og fóru nokkuð um til að kynna þær hugmyndir sem þeir höfðu tileinkað sér. Við lát föður þeirra 1578 sneru þeir aftur til Ítalíu en Giacomo áleit að ekki yrði hann þar lengi í öruggri



Fíkjur á fati – Giovanna Garzoni (1600–1670).

höfn. Eftir að hann hafði gengið frá föðurarfinum og selt allar eignir sínar fór hann til Englands. Þar hafði hann komið sér upp sterkum samböndum og öflugum vildarmönnum. Í Englandi var hann óhultur og umgekkst enska höfðingja og aðalsfólk eins og jafningja sína. 1598 gerði hann tilaun til að setjast að í Feneyjum. Þar var Lelio bróðir hans kominn fyrir. En ekki lengi eftir það. Því Lelio endaði líf sitt og málflutning með því að Rannsóknarrétturinn lét binda hann við staur sem svo var kynnt undir uns askan ein varð eftir. Það var árið 1609 og dómsúrskurðurinn hljóðaði upp á villutrú. En ekki var Giacomo lengi vært í Feneyjum. Árið 1611 var hann handtekinn og ákærður fyrir villutrú og dóminum til fullnustu skyldi hann hljóta sömu örlög og Lelio bróðir hans. En þá blandaði enski ambassadorinn á Ítalíu sér í málið og hótaði alvarlegum, stjórnmálalegum afleiðingum fyrir samskipti Englands, Vatikansins og Ítalíu ef konunglegur þjónn og hjálparhella Bretakonungs væri tekinn af lífi fyrir svona sakir. Þarna skall hurð nærri hælum. En Giacomo var látinn laus og fór samstundis til Englands og var þaðan af í friði fyrir ítalska Rannsóknarréttinum. Hann lést bláfátækur í marsmánuði árið 1616 eftir þrálát veikindi og átti þá fjóra daga eftir í sjötugt.

### *Garðyrkjumaðurinn*

En nú skal greint frá áhrifum hans á matargerð og matarkúltúr og þeim umbótum sem hann gerði á því sviði. Hann var líka vel að sér í tísku og eins konar „trendsetter“ hjá fyrirfólki síns tíma. Og sem maður frá Modena kunni hann allt um garðyrkju. Það er ekki út í bláinn að það hérað er eins konar heilög vé „slow-food“-hreyfingarinnar. Útlitið og sjarmann hafði hann með sér og lipran talanda á ítölsku, þýsku, frönsku og ensku. Hvergi rak hann í vörðurnar. Líklega hefur hann verið eins konar dásamleg blanda af Margréti Sigfúsdóttur, Vilmundi Hansen og Heiðari snyrti í einni og sömu persónunni. Í kóngahús átti hann alltaf erindi og var aufúsugestur hvar sem hann kom.

Í Englandi ofbauð honum allt þetta þunga kjötát Englendinga. Hann saknaði grænmetisins heiman frá sér. Ekki leið á löngu þar til hann var búinn að koma upp matjurtagörðum vítt og breitt á þeim höfðingjasetrum sem hann heimsótti og dvaldi vikum saman á hverjum stað. Giacomo Castelvetro varð fyrstur til að kynna tómata fyrir Bretum og kenna þeim að nota þá. Og hann kenndi garðyrkjumönnunum öll trixin og tæknina til að fá fullkomna uppskeru. Pjattlaus var hann með þeim í verki, á hnjánum með moldugar hendur. Fræ útvegaði hann frá bændum í heimasveit sinni. Og það var ekki bara í Englandi sem hann sinnti garðyrkjufræðslunni. Hann fékk ágræðsluteinunga af eplum, perum, kirsuberjum og plómum og ferðaðist með þá langar leiðir – pökkuðum inn í hunang til að þeir þyldu flutninginn og langa bið án þess að þorna upp. Nyrst fór hann og græddi epla- og perukvisti á rætur í garði Karls hertoga, sem síðar varð Karl IX sem konungur Svíþjóðar. Svíar hafa lengst af tekið flóttafólki vel. En það er hins vegar ljóður á þessum kynnum hvernig Karl IX tileinkaði sér kenningar Erastusar, sem Castelvetro færði honum, og oftúlkaði þær af sannri einurð með því að starta miklu galdrafári í Svíþjóð með tilheyrandi brennum. Hann hefði betur verið iðnari við garðyrkjuna.

### *Tómataát og hrásalat með hverri máltíð*

Í Englandi dvaldi Castelvetro iðulega hjá greifafjölskyldunni í Bedford (Bedfordskíri, NV við London). Með honum og greifynjunni Lucy tókst mikill vinskapur, jafnvel gagnkvæm aðdáun, og hún hvatti hann til að taka saman bók um garðyrkjufræði sín. Það var auðsótt mál. Á nokkrum vikum skrifaði hann bók sem hann kallaði „Aldin, urtir og grænmeti Ítalíu“ og tileinkaði Lucy hana. Bókina skrifaði hann á ítölsku. En það kom ekki að sök. Allt hefðarfólk sem máli skipti nálgaðist sitt eintak, sem lesið var upp til agna og hagnýtt eftir bestu getu. Garðyrkjumenn, kokkar, eldabuskur og annað þjónustufólk tileinkaði sér fræðin. Þannig barst nýbreytni Castelvetros út. Tómataát og hrásalat með hverri máltíð, það var nú eitthvað nýtt á þessum tíma. Margt af því sem Castelvetro skrifar um var algjör nýjung fyrir Norðurálfubúa. Og það var ekki bara það að hann teldi upp allar mögulegar tegundir og afbrigði þeirra. Hann bætti við ræktunarleiðbeiningum fyrir þær allar og eins hvernig best væri að matreiða þær. Með fylgdu líka oft athugasemdir um hvernig ætti að leggja á borð svo að viðeigandi umgjörð væri fyrir hverja máltíð. Réttir litir og réttur borðbúnaður. Enn í dag vottar fyrir þessum leiðbeiningum Castelvetros í garðyrkjuritum og hússtjórnarbókum. Það var samt ekki fyrr en árið 1989 að bókin kom út í ýtarlegri enskri þýðingu og varð metsölubók sem hefur verið endurútgefin nokkrum sinnum síðan.

Svona er það, að landflótta maður sem fyrst og fremst var mikilvirkur pólitískur rithöfundur og fyrirlesari sem gaf út ótal rit um kenningar, siðfræði og lífspeki kristinnar mótmælendatrúar í andstöðu við páfadóm verður mönnum minnisstæðastur fyrir að skrifa litla, netta og gagnlega garðyrkjubók.

## Bergrisi ehf. og Þingvallaþjóðgarður:

# Nýr samningur vegna gjaldtöku fyrir bílastæði

**Félagið Bergrisi ehf. og Þingvallanefnd hafa gert með sér samning um uppsetningu á stöðumælastaurum við Þingvallaþjóðgarð, en hingað til hefur ekki verið tekið gjald fyrir þá þjónustu.**

Búnaðurinn og lausnin byggist á íslensku hugviti fyrir íslenskar aðstæður. Áætlað er að búnaðurinn fari í notkun um næstkomandi áramót.

Búnaður sem tekinn verður í notkun mun falla vel inn í landslagið þar sem hönnunin mun líkjast stuðlabergi og þola þau veðurskilyrði sem eru við Þingvelli, allan ársins hring. Mögulegt verður að greiða með kredit- og debetkortum sem og með QR kóða lestur á forseldum bílastæðamiðum og bílastæðakortum þannig að allir þeir sem nýta þurfa þjónustuna í tengslum við ferðamannaþjónustu munu geta nýtt sér stöðumælastaurana með einföldum hætti.

Guðlaugur Magnússon framkvæmdastjóri Bergrisa segir samninginn marka það skref sem þurfti að taka í tengslum við þjónustu við ferðamannaiðnaðinn sem og við bætta þjónustu við ferðamenn sem koma til landsins almennt.

„Markmið Bergrisa ehf. er að auðvelda framkvæmdar- og þjónustuaðilum í ferðamannageiranum sem og öðrum að innheimta fyrir þær framkvæmdir sem nauðsynlegar eru eins og bílastæði og salernisaðstöðu til að mynda. Hugvit Bergrisa mun auðvelda þá vegferð að veita ferðamönnum eins góða þjónustu og viljum og okkur Íslendingum ber að veita. Mikil uppbygging þarf að eiga sér stað í ferðamannageiranum hvað varðar öryggi, hreinlæti og þjónustu. Hugbúnaðarlausnir Bergrisa ehf. munu auðvelda þá uppbyggingu. Gjaldtaka er nauðsynleg svo að uppbygging á ferðamannastöðum verði að veruleika,“ segir Guðlaugur.


REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

HAUGSUGUDÆLUR Jurop

Eigum til afgreiðslu Jurop haugsugudælur



Er haugsugudælan í lagi?

Eigum til og getum útvegað varahluti í flestar gerðir haugsugudæla





Eigum einnig til gott úrval af haugsuguhlutum

VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000

AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600



UPPSKERUHÁTÍÐ HESTAMANNA

Gullhömrum 7. nóvember 2015



Knapar verðlaunaðir

Heiðursverðlaun LH

Ræktunarbú ársins

Hreimur og hljómsveit hússins

Miðaverð Kr. 9.600

Miðasala: Banki 301-26-14129, kt. 660304-2580. Miðar afhentir 5. - 6. nóvember milli kl. 9:00-15:00 eða við innganginn 7. nóvember.

Borðapantanir: Eftir greiðslu, senda borðapöntun og nafnalista borðgesta á gullhamrar@gullhamrar.is

Landssamband hestamannafélaga

Félag hrossabænda



Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Næsta blað kemur út 22. október






FRUM - www.frum.is

Gistiskáli fyrir 2-4

Verð og nánari upplýsingar á: http://www.ice-viking.com

BLIKKÁS – FUNI

Smiðjuvegi 74 – 200 Kópavogi – Sími 515 8701

Nánari upplýsingar á www.funi.is

Sýningarhús á staðnum





GJAFAGRINDUR FYRIR STÓRGRIPI

Verð kr. 45.900

Tilboðsverð til 15. nóv kr. 39.900

auk vsk



TÖKUBÁSAR

Geysiöflugir tökubásar fyrir nautgripi. Vigt fylgir.

Kr. 369.000 auk vsk

AURASEL

MEIRA FYRIR AURINN

Pantanir og uppl. í síma 669-1336 og 899-1776 og á www. aurasel.is



LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Vantar þig aðstoð?

Nemendur á öðru ári í **búfræðideild Landbúnaðarháskóla Íslands** taka nú að sér hverskyns verkefni til fjáröflunnar útskriftarferðar sinnar á komandi ári.

Er ekki hugsanlegt að þig vanti aðstoð við hin ýmsu verk? Til dæmis **mjaltir**, **afleysingar**, **mokstur**, **fjárrag**, **hænsnatínslu**, **þrif og bón á bílum** og **vélum**, **smölun**, **slátrun** og svo mætti lengi telja.

Ítarlegri upplýsingar veita

**Þorbjörg Helga** í síma **848-8491** og **Karen Helga** í síma **865-8426**





## Þurrkar ógna kaffiuppskeru í Kólumbíu og Úganda:

# Allt að 18% minni uppskera

**Miklir þurrkar sem tengjast veðurfyrirbærinu El Nino eru taldir geta dregið úr kaffibaunauppskeru í Kólumbíu um allt að 18% á seinni ræktunartímabili ársins.**

Ekki er nóg með að þurrkarnir dragi úr vexti plantnanna heldur eru þeir einnig kjöraðstæður fyrir bjöllutegund sem leggst á kaffirunnana af miklum krafti sem veldur því að notkun skordýraeiturs eykst.

Kaffibaunauppskera er tvisvar á ári í mörgum héruðum Kólumbíu og hefur aukist um 10% á fyrri hluta ársins frá sama tíma árið áður en spár gera nú ráð fyrir 15% á seinni hluta ársins.

Kaffiræktun í Kólumbíu var fyrir miklu áfalli árið 2013 vegna ryðsvepps og hefur þurft að fella runna á þúsundum hektara vegna þess og planta nýjum.

Samkvæmt Kaffifréttum í Úganda er einnig búist við samdrætti í framleiðslu þar vegna þurrka á seinni hluta ársins. /VH



## Hungursneyð:

# Tíu milljónir manna gætu soltið til dauða

**Þurrkar sem tengjast veðurfyrirbærinu El Nino hafa valdið uppskerubresti í Afríku og Suður-Ameríku á árinu. Talið er að 10 milljónir manna á fátækustu svæðum heims geti soltið í hel berist þeim ekki aðstoð.**

Verst er ástandið talið vera í Eþíópíu þar sem um 4,5 milljónir manna berjast við matarskort. El Nino-fyrirbærið hefur valdið löngum þurrkaskeiðum í löndum í Afríku eins og Eþíópíu og Malaví og uppskerubresti í kjölfarið. Eftir að þurrkaskeiðinu lauk í Malaví rigndi um tíma svo mikið að flóð eyðilögðu um 30% af væntanlegri maísuppskeru í landinu. Á sumum svæðum í Suður-Ameríku hafa þurrkarnir staðið í tvö ár og víða ekki stingandi strá að finna. Mælingar sýna einnig að farið er að draga úr lengd regntímabila á Indlandi og í Suðaustur-Asíu.

El Nino-veðurfyrirbærið sem veldur þurrkunum hefur verið að færast í aukana undanfarna áratugi og er það talið tengjast auknum loftslagshita. Talið er að El Nino ársins 2015 sé það öflugasta frá 1998 en í kjölfar þess brutust út skógareldar og uppskerubrestur varð víða um heim. /VH

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook
Næsta blað kemur út
22. október



Eitt af því sem sjónum hefur verið beint að undanfarið erlendis er svokölluð burðarstreita, sem einnig mætti einfaldlega kalla kúastress, en séu kvígur eða kýr haldnar streitu um burð getur það haft alvarleg áhrif á kálfinn og jafnvel leitt til dauða hans, segir Snorri Sigurðsson, ráðgjafi í Danmörku. Væntanlega gilda sömu lögmál hér á landi, en þessi mynd er af Helgu Guðnýju Kristjánsdóttur, bónda í Botni í Súgandafirði, að aðstoða nýfæddan kálf sem var með fallegt hjartamynstur á enni. Mynd /HKr

# Burðarstreita

**Broddmjólk er öllum smákálfum nauðsynleg enda séu gæði hennar í lagi þá fær kálfurinn gnótt mótefna sem hann býr svo að næstu vikurnar. Það er þó mun meira sem hefur áhrif á lífsskilyrði kálfsins en sjálf broddmjólkin og ýmsir þættir í lok geldstöðunnar og við burðinn sjálfan hafa þar mikil áhrif.**

Eitt af því sem sjónum hefur verið beint að undanfarið erlendis er sk. burðarstreita, sem einnig mætti einfaldlega kalla kúastress, en séu kvígur eða kýr haldnar streitu um burð getur það haft alvarleg áhrif á kálfinn og jafnvel leitt til dauða hans. Streituvaldar í umhverfi kúnna og kvíganna geta verið margir og hér verða nokkrir þeirra raktir.

### *Ekki flytja of seint*

Í nútímafjósum eru kýr og kvígur oft fluttar í burðarstíur skömmu fyrir burð og oftar en ekki ætti slíkur flutningur ekki að hafa slæm áhrif en það getur þó gerst, sér í lagi séu kýrnar eða kvígurnar fluttar of seint, þ.e. þegar burður er í raun hafinn. Séu kýrnar eða kvígurnar fluttar þá stoppar burðurinn oft og getur það hæglega valdið smákálfadauða. Ástæða þess að burðurinn stöðvast er m.a. talin vera af völdum streitu enda kýrnar og kvígurnar undir miklu álagi við burðinn, svo ekki sé nú verið að bæta við álaginu sem fylgir því að færa sig um set.

Erlend rannsókn sýndi áhrif flutninga á burð kúa en ef kýr voru fluttar þegar burður var hafinn en ekki var farið að sjást í klaufir þá tók mun lengri tíma fyrir þær að leggjast að jafnaði (77 mínútur miðað við 33 mínútur) auk þess sem burðurinn sjálfur tók margfalt lengri tíma (3,7 klst. að jafnaði miðað við 1,1 klst.). Þá stórjókst þörf fyrir burðaraðstoð auk þess sem hlutfall dauðfæddra kálfa jókst úr 12% í 24% við það eitt að færa kýrnar of snemma í burðarstíu.

### *Fært með góðum fyrirvara*

En hvenær á þá að færa kýr eða kvígur í burðarstíu? Afar gott er að notast við skýrsluhaldið og miða við væntanlegan burðardag miðað við sæðingu. Auðvitað víkja kýrnar og kvígurnar frá þessum ætlaða degi en gott er þó að miða við hann og færa þær í burðarstíu 2 dögum fyrir ætlaðan burðardag. Sé burðardagurinn ekki þekktur þarf að notast við atferli kúnna eða kvíganna en oftast breytist atferlið verulega í aðdraganda burðar. Þannig er þekkt að 12–24 tímum fyrir burð þá standa þær oftar upp og leggjast oftar niður en venjulega, auk þess sem þær losa sig við oftar bæði þvag og skít. Þá slaknar á liðböndum á þessum tíma. Reynslan erlendis frá sýnir reyndar að 10–20% kúnna og sér í lagi kvíganna sýna engin merki um breytt atferli, því er enn mikilvægara að þekkja ætlaðan burðardag. Hvaða aðferð sem notuð er, þá er aldrei ráðlegt að láta kýr eða kvígur standa í einangrun í langan tíma í einu og alls ekki lengur en í 3 daga.

### *Fært með skömmum fyrirvara*

Hafi kýrnar eða kvígurnar ekki sýnt breytt atferli með góðum fyrirvara er almennt mælt með því að færa þær ekki í burðarstíu fyrr en sést í klaufir. Tilfellið er að séu klaufirnar komnar, þá virðist fátt eitt geta stöðvað burðinn og því í raun ekki vandamál að flytja kýrnar eða kvígurnar til.

### *Gott burðarsvæði*

Þegar burðarsvæði er hannað þarf að huga að ýmsu en fyrst og fremst að því að gera það þægilegt fyrir kýrnar og kvígurnar og þannig staðsett að þær sjái vel út til annarra kúa, svo þær fái ekki óþarfa streitu af þeim völdum. Þá þarf burðarsvæðið einnig að vera þannig staðsett að auðvelt sé að fylgjast með burðinum án þess að vera ofan í kúnni eða kvígunni.

Kýrnar velja sjálfar að bera í hálmi og síður á gúmmímottum svo ef þess er nokkur kostur er um að gera að bjóða upp á slíka aðstöðu. Þá þarf að huga að því að stundum þarf að grípa inn í burðarferilinn og því mikilvægt að geta athafnað sig allauðveldlega svo unnt sé að aðstoða kúna eða kvíguna sem best. Eftir burðinn er nauðsynlegt að geta þrifið svæðið vel og hugsanlega sótthreinsa það einnig, sér í lagi ef eitthvað hefur komið upp á við burðinn.

### *Nýtt umhverfi*

Annað atriði sem getur hæglega valdið streitu hjá kúm og sér í lagi kvígum eru flutningar skömmu fyrir burð í nýja gripahópa og sérstaklega séu kvígur fluttar til kúa. Við slík umskipti eykst seyting adrenalíns út í blóðið og veldur þeim streitu. Adrenalínið dregur nefnilega úr kraftinum við burðinn og hamlar því að burðarferillinn haldi rétt áfram.

Séu kýr eða kvígur undir miklu álagi í marga daga, s.s. vegna eineltis, þá er hlutfall adrenalíns í blóði þeirra hærra en venjulega sem getur þá haft fyrrgreind áhrif. Til þess að koma í veg fyrir þessi áhrif er mikilvægt að hafa kýrnar og kvígurnar sem lengst í sínum hópi og/eða færa þær nógu snemma í nýjan hóp að þær hafi vanist hinum nýju nágrönnum í tíma. Þá er mikilvægt að rýmið sé nægt svo þær lendi ekki í óþarfa árekstrum við hærra setta gripi.

### *Fylgjast með úr fjarska*

Návist fólks er enn eitt atriðið sem vitað er að getur haft slæm áhrif á kýrnar eða kvígurnar og valdið þeim burðarstreitu. Þetta kann að virka hálfundarlegt en sýnt hefur verið fram á að séu kýr í burðarstíu vaktaðar með vefmyndavélum eða álíka búnaði, þá hefur það síður áhrif til hækkunar á adrenalíni í blóði kúnna eða kvíganna miðað við að burður sé vaktaður með hefðbundnum hætti. Hér er rétt að muna að við erum að eiga við skepnur sem eru viðkvæmar í kringum burð og undir miklu álagi. Það eitt gerir þær óöruggar og viðkvæmar og því er upplagt að notfæra sér nútímatækni við eftirlit, allra vegna.

### *Burðarhjálp*

Þegar svo loks kemur að burði þarf vonandi ekki að aðstoða kúna eða kvíguna en sé þörf á slíku þarf að vanda til verka. Í því sambandi má benda á útgáfu Landssambands kúabænda á fræðsluritinu „Burður og burðarhjálp“ sem dreift var endurgjaldslaust til allra nautgripabænda í fyrra. Í þeim bæklingi eru greinargóðar lýsingar og leiðbeiningar á því hvernig best er að standa að burðarhjálp.

*Snorri Sigurðsson*
*Ráðgjafi hjá SEGES P/S*
*sns@seges.dk*



Umhverfisþvætti:

# Kókaín til að hylma yfir skógarhögg

**Lögregluyfirvöld í Brasilíu rannsaka mál sem bendir til stórfellds svindls sem tengist ólöglegu skógarhöggi í norðanverðu landinu.**

Á fjórða tug manna sem stunda verslun með skógarafurðir, eigendur sögunarmyllna og flutningafyrirtækja hafa verið handteknir undanfarnar vikur og yfirheyrðir vegna málsins. Talið er að mennirnir hafi falsað tölur í skýrslum um skógarhögg og verslunar með timbur og dregið verulega úr umfanginu. Hinir handteknu eru sagðir tengjast skipulögðum glæpasamtökum sem árum saman hafa falsað tölur um skógarhögg og stundað það sem kalla má umhverfisþvætti. Áætlað er að verslun með timbur þessa aðila hafi verið ríflega hundrað þúsund rúmmetrum meiri á mánuði árum saman en gefið hafi verið upp.

Ólöglega skógarhöggið sem um ræðir átti sér að mestu stað á svæðum sem eru friðuð eða sem búsvæði indíána en grunsemdir um málið komu upp í tengslum við símahleranir varðandi verslun með eiturlyf á svæðinu. Við nánari athugun kom í ljós að eiturlyfjasmyglinu var ætlað að draga athyglina frá skógarhögginu.

Brasilía flytur út gríðarlegt magn af harðviði til Evrópu og Bandaríkjanna þar sem hann er unninn í gólfborð og til húsgagnaframleiðslu. /VH



Durban-yfirlýsingin um skóga til 2050:

# Efla verður fræðslu og umræðu um skóga í heiminum

**Heimsbyggðin þarf að vita að skógar heimsins eru meira en bara tré. Í skógunum felast ómæld tækifæri sem geta skipt sköpum í baráttunni við hungur, baráttunni fyrir betra lífi fólks og baráttunni gegn loftslagsbreytingum.**

Þetta er niðurstaða fjórtándu heimsráðstefnunnar um skóga sem lauk í Durban í Suður-Afríku á föstudag í fyrri viku. Í yfirlýsingu sem samþykkt var á ráðstefnunni er áhersla lögð á aukna fræðslu um skóga, fjárfestingu í menntun og eflda umræðu um mikilvægt hlutverk skóganna fyrir lífið á jörðinni.

***Skógar heimsins 2050***

Á heimasíðu Skógræktar ríkisins segir að markmið þessarar stærstu skógarmálasamkomu heims á þessum áratug hafi verið að setja fram sýn um hvernig skógar og skógrækt skyldi líta út í heiminum árið 2050. Þá fimm daga sem ráðstefnan stóð var til umræðu sérstök yfirlýsing sem samþykkt var lokadaginn, Durban-yfirlýsingin um skóga heimsins fram til 2050. Þar er því lýst yfir að skógar skuli verða grundvallarþáttur í matvælaöryggi og auknum lífsgæðum jarðarbúa. Flétta þurfi skógum og trjám saman við annars konar landnýtingu eins og hefðbundinn landbúnað til að ráðast að orsökum skógareyðingar og átaka um land og jarðnæði. Því er enn fremur lýst yfir að skógar sem nytjaðir séu og ræktaðir með sjálfbærum hætti séu óhjákvæmilega meginvopn í baráttunni við loftslagsbreytingar. Stuðla verði að því að skógar bindi eins mikið kolefni og mögulegt er en geti um leið veitt aðra umhverfislega þjónustu og gæði.

***Fjárfesting og samstarf skiptir sköpum***

Í yfirlýsingunni eru tíundaðar aðgerðir sem nauðsynlegt sé að ráðast í til að sú sýn sem sett er fram verði að veruleika. Þar á meðal er lögð áhersla á aukna fræðslu og menntun, umræðu og upplýsingagjöf, rannsóknir og atvinnusköpun, einkum að skapa ný störf fyrir ungt fólk í skógum og skógartengdum greinum.

Enn fremur er lögð áhersla á nauðsyn þess að fólk vinni saman á sviði skógræktar, landbúnaðar, efnahagslífs, orku, vatns og annarra greina en einnig að frumbyggjar og afmörkuð samfélög fólks á hverju svæði verði virkjuð með í þessu starfi. /www.skog.is

Hlýnun jarðar:

# Moskítóflugum mun fjölga og þær verða stærri



**Afleiðingar yfirstandandi loftslagsbreytinga og hlýnunar af þeirra völdum hafa margvísleg áhrif á lífið í kringum okkur. Ein af þessum breytingum er að moskítóflugum á norðurhveli mun fjölga verulega vegna betri lífsskilyrða fyrir þær.**

Talið er að tveggja gráðu hlýnun á Celsíus geti valdið allt að 50% aukningu í stofn flugnanna. Slík fjölgun myndi hafa í för með sér talsverð óþægindi fyrir innfædda og stærri landdýr, eins og hreindýr, þar sem ekki er um mörg önnur dýr að ræða sem flugurnar geta sogið blóð úr. Rannsóknir sýna að hreindýr skipta um beitarhaga þegar mest er um moskítóflug til að forðast stungur þeirra.

Hiti á norðurhveli hefur hækkað hratt undanfarna áratugi og er talið að með sama áframhaldi verði hækkunin á bilinu 2,8 til 4,8° árið 2100.

Í dag klekjast egg moskítóflugna á norðurhveli út þegar ísinn yfir pollum og vötnum bráðnar í maí. Með hækkandi hitastigi bráðnar ísinn fyrr og líklegt að flugurnar nái að fjölga sér hraðar og auka þannig við stofninn. Auk þess er talið að með hækkandi hitastigi muni einstaka flugur einnig verða stærri.

Ólíkt moskítóflugum í hitabeltinu er ekki vitað til þess að frænkur þeirra á norðurhveli beri með sér hættulegt smit eins og malaríu. /VH

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

VIG Vélsmiðja Ingvars Guðna www.vig.is



Létthlið er hagkvæm og góð lausn en hliðunum er hægt að raða saman að vild. Létthliðin eru seld í einingum þannig að það er hægt að raða saman hliði sem hentar mismunandi aðstæðum, hvort heldur á að girða af sumarhús eða tún.



VIG framleiðir tvær gerðir af léttgrindum, bæði með standandi pílárum úr röri og með gegnheilum teinum. Létthlið er afar hagkvæmur kostur.



Sem dæmi er hægt að setja tvær tveggja metra grindur á VIG stálstaura og setja loku sem hægt er að læsa, eða setja eina fjögurra metra grind á tréstaura með VIG-lömum sem





Íslensk framleiðsla - fæst um allt land

VIG Vélsmiðja Ingvars Guðna
Tanga · 801 Selfoss
Sími 486 1810 · Fax 486 1820
www.vig.is · vig@vig.is

# Af Þorvaldi frá Bryggjum, Weitemeyer og 19. aldar-ævintýrum í Ástralíu

**Flóttamenn frá Íslandi hafa aldrei verið fleiri en undir lok 19. aldar þegar um fimmtungur þjóðarinnar freistaði þess að hefja nýtt líf í Kanada. Um sama leyti lá einnig straumur Evrópumanna suður á bóginn til Ástralíu þar sem fyrrum fanganýlendur Breta voru að opnast almenningi.**

Aðeins er þó vitað um einn Íslending sem hélt þangað suður og til skamms tíma hafa ættmenni hans og íslenskir ættargrúskarar ekki vitað hvað varð um Þorvald Halldórsson frá Bryggjum í Landeyjum. Það var ekki fyrr en um aldamótin 2000 að aldargömul bók barst í hendur Magnúsi Ó. Ingvarssyni menntaskólakennara ásamt fyrirspurnum um það hver hann væri þessi íslenski maður sem þar er fjallað um, hér nefndur Thorkild en Þorvaldur Halldórsson reyndi fyrir sér ýmis nöfn enda Þorvaldarnafnið óþjált í nýja heiminum.



Í brauðvagninum. Það gat verið ólíkt arðvænlegra að selja námamönnum kost en að hjakka með haka og skóflu. Myndin er úr frumútgáfu bókarinnar og er eftir W. Matherell.

### *Blíðlyndur Íslendingur*

Fyrirspurnin sem barst Magnúsi fór þaðan til starfandi ættfræðings á Selfossi, Ragnars Böðvarssonar frá Bolholti, sem tók ástfóstri við þessa bók. Hann varði síðustu ævidögum sínum til þýðingarstarfa og gaf þýðingunni heitið Vinur Landeyings. Upprunalegt heiti ritsins er Missing friend en það kom út í London 1892 og síðar í danskri þýðingu 1914. Allt málfar og frágangur texta í íslensku þýðingunni er með miklum ágætum. Það er bókaútgáfan Sæmundur á Selfossi sem gaf út nú í sumar.

Hér er á ferðinni sjálfsævisaga danska ævintýramannsins Thorvald Peter Ludvig Weitemeyer en ferðafélagi hans á leiðinni út var fyrrnefndur Þorvaldur frá Bryggjum. Sá síðarnefndi var blíðlyndur maður og íhugull en vantaði mjög þá hörku sem nauðsynleg var í pusi fanganýlendunnar.

Öll frásögn Weitemeyers af lífi landnema í Ástralíu er lífleg og skemmtileg. Hann gerir lítið til að fegra sjálfan sig og segir jafnt frá eigin hetjudáðum og asnaskap. Ferðalangurinn kemst í hann krappan í baráttu við flóð, sjúkdóma og krókódíla. En hann er ekki síður í vandræðum þegar hann reynir að temja sér siði breskra herramanna og leggur á flótta undan unnustu sem tekur að sér að temja hinn óstýriláta sögumann.

★

Í gullnámum í norðurhéruðum Queenslands í Ástralíu rakar hinn danski Weitemeyer saman peningum með því að selja námamönnum veitingar sem er miklu arðvænlegra en að grafa eftir gullinu sem lítið er af. Og hér ber fundum hans og Þorvaldar frá Bryggjum aftur saman og verða fagnaðarfundir:

### *Farandmaður í framandi landi*

Dag nokkurn kom maður til mín og sagði mér að samlandi minn væri í tjaldi hans og hann virtist vera í slæmri stöðu þar sem hann hefði beðið um að fá eitthvað að gera svo að hann gæti keypt sér matarbita. Mér skildist að maðurinn hefði verið í einhverjum búðum í nágrenninu og ég bað hann að vísa mér leiðina til landa míns svo að ég gæti talað við hann og hjálpað honum. Undrun mín og gleði var sannarlega mikil þegar þessi ókunni maður var enginn annar en minn langþráði ferðafélagi og vinur, Íslendingurinn Thorkild. Hann leit út fyrir að vera jafn glaður og ég yfir þessum endurfundum og við skiptumst á frásögnum af dvöl okkar í nýlendunni fram að þessu.

Það kom í ljós að Thorkild hafði ekki verið lengi á sykurekrunni í Mackay þar sem hann hafði fyrst ráðið sig í vinnu. Mig undraði það ekki. Vinnuveitandi hans hafði ekki haft neitt á móti því að slíta samningnum og fyrir aurana sem hann hafði aflað sér keypti hann farseðil með gufuskipi til Sydneyjar. Hann hafði hugsað sér að finna þar einhverja vinnu sem hæfði honum betur, en það gekk lengi vel ekki




og fátæktin neyddi hann stundum til vondra úrræða, eins og þess að taka sér náttból undir berum himni. Að lokum fékk hann vinnu við að keyra mjólkurvagn í Sydney fyrir 15 skildinga á viku. Hann hafði einnig reynt aðra hluti, til dæmis vinnu með haka og reku, hann hafði verið aðstoðarmaður í sláturhúsi og fleira.

„En mér leist ekki á þetta,“ sagði hann, „mér fundust menn svo grófir.“

Að lokum hafði hann skrapað nægu fé saman til þess að komast aftur til Queenslands. Hann hafði



Ragnar Böðvarsson, ættfræðingur og fyrrverandi bóndi, þýddi þá bók sem hér birtist og vann að útgáfu hennar síðustu æviár sín. Ragnari entist ekki aldur til að fylgja bókinni eftir en hann lést á Sjúkrahúsinu á Selfossi þann 24. maí 2014.
Mynd / Anna María Sigurjónsdóttir.

komið gangandi alla leiðina frá Townsville og nú var hann hér. „Í leit að gulli?“ spurði ég. Það vissi hann varla, hann var svo glaður og undrandi að sjá mig aftur að ekkert annað komst að.

„Jæja Thorkild,“ sagði ég „manstu að við sögðum að við myndum aldrei skiljast? Nú skulum við endurnýja þann samning. Það var víst mín sök að leiðir okkar skildi, en nú verður það þitt að ákveða hvort svo verður og til þess að sýna að mér er alvara vil ég spyrja þig án nokkurra formsatriða hvort þú vilt líta á þig sem meðeiganda að þessu hóteli og öllu sem því fylgir.“

### *Afdrifaríkt drykkjumont!*

„Hvað meinarðu?“ hrópaði hann, „þú hlýtur að græða einhver býsn hér og ég hef enga peninga og auk þess þekki ég ekkert til vinnunnar.“ „Skiptir ekki máli,“ svaraði ég, „við erum félagar, svo fremi sem þú vilt það. Þú veist ekki hversu mjög ég þarfnast manns sem ég get treyst. Gættu að því að ég er aleinn hér og get ekki haldið það út öllu lengur.“

Ég gat auðvitað sagt hvað sem mér sýndist, en Thorkild vildi ekkert á mig hlusta og ég réð hann til þess að vinna fyrir mig hvað sem hann gæti. Hann sótti vatn og skúraði gólf, en í eina skiptið sem hann reyndi að fara með hestana til Mílnamarka missti hann þá báða. Tjaldið hans var ekki langt frá kofanum mínum, en við höfðum sjaldan tíma til að tala saman. Hann hafði hugann ekki við starfið og ég hafði oft, eða öllu heldur alltaf, órólega samvisku þegar við hittumst.

Laugardagskvöld eitt, eða réttara sagt snemma að sunnudagsmorgni sat hópur manna að drykkju undir sóltjaldinu fyrir utan kofann og þar sem ég sjálfur hafði drukkið nokkru meira en mér var hollt, tók ég allt í einu að grobba af peningaeign minni. Vitanlega var það gagnstætt öllum sjálfsögðum varúðarreglum. Áheyrendur mínir létu eins og þeir tryðu mér ekki og við það æstist ég og bauð þeim inn í kofann. Þar bað ég þá að líta undir tunnuna sem ég hallaði aðeins og þvílík sjón! Niðurgrafin fata næstum því full af silfri, gulli og peningaseðlum. Ég vissi ekki hve mikið þetta var, en örugglega var það hærri upphæð en ég kæri mig um að nefna; ég er hræddur um að hún yrði dregin í efa.

Nú upphófst drykkja sem aldrei hefur átt sinn líka. Hver og einn varð að veita einn hring og að lokum fóru allir leiðar sinnar, en eftir því man ég raunar ekki mjög vel. Ég veit bara að ég svaf á borðinu og einhver hristi mig til og notaði mjög óheflað orðafar um það að ég var ekki lagður af stað að sækja brauð og kjöt. Um þetta leyti morgunsins hefði ég einmitt átt að vera nýkominn til baka frá Mílnamörkum. Dyrnar voru opnar og kringum tíu manns kom inn að ná í matinn. Nú mundi ég allt sem gerst hafði um nóttina og fyrsta hugsunin snerist um peningana mína. Ég fór og kíkti undir tunnuna. Fatan var horfin!

★

### *Andúð á öllum nema Thorkild*

Ég gaf tunnunni spark svo að hún valt. „Þjófar og ræningjar,“ æpti ég, „hver hefur stolið peningunum mínum, segið mér það.“ Tvo höft á hestana lágu á borðinu og þegar einn úr hópnum fór að hlæja, þreif ég höftin og sló hann með þeim. Það varð byrjunin á hrikalegum átökum. Allur skarinn ruddist fram, barði mig og reif og sparkaði í mig þangað til ég féll í öngvit. Ég kom til sjálfs mín aftur, en liðinu þótti ekki nóg að gert, allt var rifið og tætt í búðinni endilangri og í æðinu var hún sjálf loksins lögð í rústir. Meðan á þessu stóð kom Thorkild, hann tók mig á bakið og bar mig inn í tjaldið sitt þar sem hann þvoði sár mín, talaði til mín huggunarorðum og fullyrti að þetta allt yrði okkur til góðs.

Næsta dag komu bakarinn og slátrarinn og sóttu hestana sína. Þeir vildu að ég byrjaði aftur á sama stað og buðust til að lána mér peninga og vörur. En ég var svo óánægður með sjálfan mig og feril minn á staðnum að ég staðhæfði að allt gull Queenslands fengi mig ekki til að gerast veitingamaður að nýju.

Þannig var þetta. Ég lá í tjaldi Thorkilds og hlustaði á hæglætislegt og róandi tal hans. Hvílíkur munur var ekki á því og hávaðanum í fyllibyttunum sem ég hafði verið vitni að í nærri því fimm mánuði. Ég fylltist andúð á þessum stað, en ekki vissi ég hvert ég ætti að fara. Mér fannst eins og ég þyrfti að slíta mig frá öllum nema Thorkild, en mér var sama hvert ég legði leið mína. Thorkild hélt helst að hann vildi fara suður á bóginn aftur, þessi staður féll honum ekki og fólkið ekki heldur. Hann hafði nú lært að skrifa ágæta ensku, alveg rétta eftir málfræðinni, og honum datt í hug að hann gæti kannski fengið eitthvað að gera í Brisbane. Hvað mig snerti hafði ég hingað til ekki rekist á neinn stað þar sem ég gat ekki fengið eitthvað að starfa, svo að mér var nokkuð sama, en ég var hugsi yfir Thorkild sem var nýkominn frá Sydney þar sem hann hafði ekki haft heppnina með sér. Hann hafði einhvers konar mildan nákvæmnissvip yfir sér sem eflaust hentaði vel í forngripaverslun, en yrði honum tæplega til framdráttar við afgreiðslu í krambúð eða yfirleitt nokkru starfi sem ég gerði ráð fyrir að hann myndi sækjast eftir.

Dag nokkurn þegar enn kom til tals að leggja land undir fót sagði ég við hann: „Ég er veikur og þreyttur á öllum nema þér. Hvað myndirðu segja við því að við snerum okkur að því að leita að gulli í eitt ár? Ég á þrjátíu pund í bankanum í Townsville og önnur þrjátíu í Ravenswood og auk þess nokkur hér á staðnum og þú átt þessi tólf pund sem þú vannst þér inn hér hjá mér. Svo höfum við hestana tvo og þú hefur tjaldið. Þetta er nóg til þess að við getum verið á ferðinni í heilt ár. Ég er orðinn býsna fær landkönnuður og bara ef við leitum, er ég nokkuð viss um að við finnum gull. Og mér er sama þó að það takist ekki. Hvað segirðu við þessu?“

## AKURShús
– við allra hæfi –

# Einbýlishús Frístundahús

**Íslensk hönnun og framleiðsla**

Einingahús sem gefa marga möguleika, m.a. getur þú fengið þau ósamansett í einingum og sett upp sjálfur. Kannaðu málið á **www.akur.is** og fáðu bækling sendan þér að kostnaðarlausu.

55 ára 1959 2014

Trésmiðjan AKUR ehf.
Smiðjuvöllum 9 • 300 Akranes • Sími: 430 6600
Netfang: akur@akur.is • Veffang: www.akur.is






## Aðalfundur Samtaka Selabænda

verður haldinn í sambandi við aðalfund Æðarræktarfélags Íslands þann **7. Nóvember**, en hin árlega **Selaveisla Guðmundar Ragnarssonar** verður þann **14. nóvember**. Fjölbreyttur matseðill að venju með úrvals villibráð.

**Stjórnin.**



## JEPPADEKK



DEEGAN | MTZ | BAJA CLAW

## MICKEY THOMPSON
**jeppadekkin hafa sannað sig á Íslandi**

**M/T** merkið er þekkt um allan heim sem hágæða jeppadekk og felgur.
**Stærðir 32" - 54"**

Icetrack ehf. Sími 773 4334
netfang: mtdekk@mtdekk.is / www.mtdekk.is






## Samræður, samráð og átakastjórnun í umhverfis- og auðlindamálum

Námskeiðinu er ætlað að veita grunnþekkingu og færni í að höndla mannleg samskipti í tengslum við umhverfismál og auðlindanýtingu. Námskeiðið hentar öllum starfsmönnum stofnana, sveitafélaga, félagasamtaka og fyrirtækja sem hafa samskipti við fólk í tengslum við umhverfis- og auðlindamál.

**Kennarar**: Agneta Setterwall er sjálfstætt starfandi ráðgjafi og stundakennari við umhverfissamskiptadeild Landbúnaðarháskóla Svíþjóðar (SLU). Henni til aðstoðaðar verður Brita Berglund, umhverfissamskiptafræðingur við Landbúnaðarháskóla Íslands.

**Tími**: 21. okt, kl. 9:00-16:00, 22. okt, kl. 9:00-16:00, 19. nóv, kl. 9:00-16:00 og 20. nóv, kl. 9:00-16:00 hjá Lbhí á Keldnaholti í Reykjavík.

**SKRÁÐU ÞIG NÚNA!**
**www.lbhi.is/namskeid - endurmenntun@lbhi.is - síma 433 5000**



## ESJUGRUND ehf
ESJUGRUND@ESJUGRUND.IS • SÍMI 565 3322 • ESJUGRUND.IS

Landsins mesta úrval af Vacuum pökkunarvélum, pokum og fylgihlutum



Erum á facebook

Visa / MasterCard / Greiðsludreifing / Póstkröfur



# Nýtt á Íslandi. Náttúrulegt Aloe Vera krem fyrir viðkvæma húð.

dr.organic®

100% lífrænt **Dr. Organic** Aloe Vera krem, lotion og butter (coco butter og shea butter) er lyktarlaust og án kemískra efna.




Fæst í **Lyfju, Heilsuhúsinu** og **Apótekinu**.



FSD Félag Sauðfjárbænda í Dalasýslu

## Íslandsmeistaramót í rúningi 2015

Ágæti rúningsmaður/kona er ekki þinn tími kominn?

Félag sauðfjárbænda í Dalasýslu stendur fyrir Íslandsmeistaramótinu í rúningi **laugardaginn 24. október** nk.

**Keppnin hefst kl: 14:00 í reiðhöllinni í Búðardal.**

**Verður krýndur nýr Íslandsmeistari þetta árið?**
**Mun Hafliði Sævarsson í Fossárdal verja titilinn frá síðasta ári?**
**Er þetta ekki eitthvað fyrir þig?**

Taktu upp tólið eða sendu okkur tölvupóst og skráðu þig til leiks.

Vegleg verðlaun í boði.

Skráningar þurfa að berast í síðasta lagi **19. október** til Sigríðar í síma **847-0652** eða á netfangið **siggahuld@gmail.com**

# Mjólkurkreppan í Evrópu



Guðmundur Jóhannsson
Ábyrgðarmaður í nautgriparækt
mundi@rml.is

**Kúabændur í Evrópu upplifa nú erfiða tíma en með núverandi verði á mjólk til bænda eru fæstir að hafa fyrir útgjöldum hvað þá að búin séu rekin með hagnaði.**

Meira að segja á Nýja-Sjálandi þar sem kostnaður við framleiðslu mjólkur er hvað lægstur í heiminum þurfa kúabændur nú rekstrarlán frá afurðastöð sinni, Fonterra, til þess að lifa af. Þessi lán eru vaxtalaus í tvö ár og endurgreiðast þegar mjólkurverð nær um 56 ISK/kg.

Ástæða verðfalls á mjólk er ekki einungis brottfall mjólkurkvóta innan ESB frá 1. apríl sl. með framleiðsluaukningu heldur einnig að Kínverjar hafa dregið gríðarlega úr kaupum á mjólkurdufti og viðskiptabann Rússa hefur raskað jafnvægi framboðs og eftirspurnar þannig að verðið hefur hrapað.

Í Evrópu liggur nærri að bændur fái 35–50 ISK fyrir hvern lítra mjólkur og liggur meðalverðið nálægt 44 ISK/lítra. Sænskir kúabændur fá um 40 ISK fyrir hvern lítra og verðið mun hækka í október í um 41 ISK. Tölur frá EDF (European Dairy Farmers) sýna að verð á mjólk þarf að vera a.m.k. 60 ISK til þess að meðalkúabúið hafi fyrir öllum kostnaði.

Þessi mjólkurkreppa er í raun áminning til okkar um að hið frjálsa hagkerfi virkar illa fyrir afurðir eins og mjólk. Tvö lönd, Noregur og Kanada, hafa farið móti straumnum og viðhaldið strangri framleiðslustýringu. Nú er svo komið að þetta eru nánast einu löndin þar sem kúabændur fá viðunandi verð fyrir mjólkina, þ.e. verð sem dugar fyrir kostnaði en norskir kúabændur fengu um 77 ISK/lítra í ágúst sl. og kanadískir kollegar þeirra fá litlu minna eða um 75 ISK/lítra.

Þetta ástand verður til þess að velta má fyrir sér hvort einhliða stefnumörkun sé skynsamleg. Danskir kúabændur hafa t.d. fjárfest gríðarlega, sennilega meira en nokkrir aðrir kúabændur í Evrópu, enda skilvirkni og framleiðni danskra kúabúa mjög mikil. Þrátt fyrir það duga tekjur þeirra ekki fyrir útgjöldum og að auki eru skuldir þeirra geysilega miklar. Í reynd er það svo að litlu fjölskyldubúin standa hvað best gagnvart því mikla verðfalli sem orðið hefur á mjólk vegna lítilla skulda, fárra starfsmanna auk þess sem þau eiga tiltölulega auðvelt með að afla tekna utan bús. Mjólkurkreppan sýnir okkur líka að aukin sérhæfing í framleiðslu eykur efnahagslega áhættu. Verð á nautakjöti hefur t.d. staðið í stað eða heldur hækkað í Evrópu meðan að mjólk hefur hríðfallið í verði. Það þýðir að blandaður búskapur með bæði framleiðslu mjólkur og kjöts er betur í stakk búinn til þess að taka við áföllum sem þessum.

Þó svo að það sé mjólkin sem hefur orðið illa úti á síðustu misserum er lágt afurðaverð stöðugt vandamál fyrir landbúnaðinn. Svo virðist sem pólitískur vilji innan ESB lúti að því að hinum frjálsa markaði beri fremur en framleiðslustýring að tryggja bændum lágmarkstekjur. Hvort í því felist svo sterk mótsögn að það hreinlega gangi upp er önnur saga. Í Danmörku hafa kúabændur nú hins vegar fengið aðstoð úr þeirri átt sem síst var von á. Rema 1000 hefur hækkað verð á mjólk í verslunum sínum um u.þ.b. 7,50 ISK/lítra og rennur sú hækkun beint og alfarið til bænda. Einungis tíminn mun leiða í ljós hvort þetta var ódýr auglýsingabrella eða hvort aðrir munu fylgja í kjölfarið.




Þúsundir bænda mótmæltu við höfuðstöðvar Evrópusambandsins í Brussel þann 7. september síðastliðinn. Með því lýstu þeir mikilli reiði sinni yfir að hafa verið neyddir út í að framleiða mjólk með tapi. Margir þeirra telja sig fórnarlömb viðskiptabannsins með ávexti og grænmeti sem sett var á Rússa vegna Úkraínudeilunnar. Vegna þess hafi þeir ekki getað greitt reikninga sína í fimm til sex mánuði. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kynnti í framhaldinu að veitt yrði 500 milljónum evra til að aðstoða kúabændur í ESB-löndunum. Bændur hafa tekið þeim tíðindum frekar fálega og telja þá upphæð hvergi nærri duga. Mynd / Euranet Plus

Þrátt fyrir svartnættið sem blasir við með lágu mjólkurverði eru þó nokkrir ljósir punktar í myrkrinu. Arla hækkaði í ágúst sl. verð á lífrænni mjólk um hátt í 3 ISK/lítra og framleiðendur lífrænnar mjólkur fá nú nálægt 10 ISK meira fyrir lítrann en þeir fengu í lok síðasta árs. Annað dæmi eru ítalskir kúabændur sem framleiða mjólk í parmesan-ost. Þeir fá nú greiddar um 57 ISK/lítra sem er 30–60% hærra en flestir aðrir kúabændur í Evrópu verða að sætta sig við.

Það er nokkuð ljóst að hérlendis getum við dregið nokkurn lærdóm af þessu og í komandi viðræðum um nýjan mjólkursamning hljóta samningsaðilar að horfa til þess hver áhrif af brottfalli mjólkurkvóta og framleiðslustýringar innan ESB hafa orðið. Við hljótum líka að verða að velta fyrir okkur hvert skuli stefna. Eigum við að stefna að stærri, sérhæfðari og tæknivæddari búum eins og Danir hafa gert eða eigum við að sætta okkur við tiltölulega lítil fjölskyldubú með þeim sveigjanleika sem þau bjóða upp á. Hvað rétt er í þeim efnum skal ósagt látið enda ekki allir á eitt sáttir um hvaða leið sé best. Hins vegar er nauðsynlegt að málið sé skoðað og í kjölfarið teknar skynsamlegar ákvarðanir sem tryggja viðunandi afkomu af framleiðslu mjólkur og nautakjöts.

## Lesendabás

# Um sóttvarnir og matvöru

**Enn á ný er hér kominn á dagskrá „frjáls“ innflutningur á búvöru og jafnvel lifandi dýrum frá Evrópusambandslöndunum 28. Enginn ræðir um áhættuna sem þessum innflutningi getur fylgt bæði fyrir fólk og fénað hér.**

Eftir langa starfsævi í sýklafræði langar mig að minna hér á nokkur atriði, sem þarf að huga vandlega að áður en anað er út í óvissuna.

Kindur, kýr og hestar hér á landi eiga ættir að rekja til búfjárins sem landnámsmenn fluttu hingað. Þetta búfé bjó hér í algjörri einangrun öldum saman, og allur innflutningur lifandi dýra til að kynbæta þessa stofna hefur flutt með sér illvíga sjúkdóma, jafnvel sýkinga sem gera mjög lítinn usla í upprunalandinu. Það stafar af því að hér eru húsdýrin algjörlega mótefnalaus gegn öllum sýklum sem eru að koma hingað í fyrsta sinn. Okkar húsdýr geta því orðið heiftarlega veik af sýkingum sem gera lítinn eða engan usla í upprunalandinu þar sem fullorðnu dýrin hafa mótefni. Mótefni berast með blóði og móðurmjólk til afkvæmanna og verja þau á fyrstu mánuðum lífs þeirra. Ef algeng sýking kemst að ungviðinu á þeim tíma, myndar það sín eigin mótefni til framtíðar, en veikist ekki vegna verndar sem mótefni frá móður veita á þessu viðkvæma stigi. Hér varð fyrir fáum árum slæm sýking í hrossastofninum. Er hún gott dæmi um nýja innflutta sýkingu sem kemur að ónumdu landi, en gerir lítinn sem engan usla þar sem sýkillinn hefur búið lengi.

Í ríkjum Evrópusambandsins finnast líka margar illvígar sýkingar sem valda þar þungum búsifjum og reynt er að útrýma. Til dæmis eru bæði þurramæði, votmæði og riða víða í sauðfé og kúariðusýkillinn getur ekki verið dauður svo útbreiddur sem sá sterki sýkill varð í mörgum löndum Evrópu fyrir fáum árum. Hvítblæðiveiran er þar líka í kúm í mörgum löndum, og kúaberklar, sýking af öðrum berklastofni en mannaberklar, er enn þar í nokkrum löndum. Sá sýkill hefur aldrei fundist hér á landi.

Því miður eru útflutningsreglur Evrópusambandsins ekki sóttvarnarreglur heldur snúast þær eingöngu um frjáls viðskipti innan þess, og líka til útflutnings frá því. Ef 60% vörusendinga eru framleidd í landi sem skráð er útflutningsland má sá útflytjandi bæta í sendinguna 40% frá öðru Evrópusambandslandi. Þannig tókst þýskum útflytjanda fyrir nokkrum árum að flytja til Bretlands hrossakjöt úr allt öðru landi sem þýskt nautakjöt, Bretar tóku þessu mjög illa, en að minu viti máttu þeir þakka fyrir að þetta var ekki framandi nautakjöt úr hjörð með kúaberklum.



Margrét Guðnadóttir. Mynd / VH

Innan Evrópusambandsins hefur ekki gengið vel að banna innflutning matvæla úr sýktu búfé milli sambandslandanna. Til dæmis reyndu Frakkar að banna innflutning á bresku nautakjöti til Frakklands meðan kúariðufaraldurinn var um allt Bretland og búið var að sanna að sýkillinn var orsök að banvænum heilasjúkdómi í fólki. Bretar kærðu Frakka fyrir ólöglegt innflutningsbann á bresku nautakjöti og litu á þetta innflutningsbann sem brot á viðskiptareglum Evrópusambandsins. Þær hafa ekkert breyst síðan og eru enn í fullu gildi.

Hænsnaræktin hér á landi er bæði gömul og ný búgrein. Kjúklingarækt hefur orðið sjálfstæð atvinnugrein á seinni árum. Hér hefur verið fylgst mjög vel með salmonellu í hænsnabúum og afurðum þeirra, miklu betur en gert er í nágrannalöndunum. Salmonellusýkingar í fólki hafa til dæmis verið faraldur í Danmörku í mörg ár. Svíar og Finnar rannsökuðu með ræktunum innflutt kjöt frá Evrópusambandinu fyrst eftir inngöngu þessara landa í það. Þá ræktuðust í báðum löndum salmonellur úr 20% sýnanna, úr sendingum sem voru vottaðar hreinar til útflutningslandinu.

Við þurfum varla að búast við betri vöru hingað ef farið verður að flytja inn hænsnakjöt í stórum stíl frá erlendum verksmiðjubúum.

Í okkar ástkæra eldfjallalandi þar sem getur gosið undir jökli hvenær sem er og öskufall hindrað flugsamgöngur við önnur lönd í langan tíma finnst mér alveg sjálfsagt að hér séu framleiddar allar þær matvörur sem hægt er að framleiða bæði fyrir menn og dýr. Þegar matarverð hér er skoðað mætti einhver tíma minnast á milliliðina milli framleiðandans og neytandans og birta opinberlega hlut hvers og eins í matarverðinu út úr versluninni.

Markaður fyrir innlendar búvörur ætti að njóta góðs af ferðamannastraumnum til landsins. Það er nefnilega góður siður forvitinna ferðamanna að kynna sér matarvenjur íbúanna og sækjast eftir innlendri framleiðslu. Því er fáránlegt að ráðast á hana með þeim fölsku rökum að erlend innflutt framleiðsla lækki matarverðið.

*Margrét Guðnadóttir*
*veirufræðingur*



ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



# Á athugunarlistanum fyrir veturinn

**Á haustin þegar gengið er frá tækjum og vélum í vetrargeymslu er gott að hafa í huga nokkur atriði sem getur komið tækjunum vel og getur lengt töluvert líftíma tækja og véla.**

Þetta á m.a. við hjólbarða og rafgeyma sem mikilvægir eru í ökutækjum.

*Tæki með hjólbörðum*

Tæki með loftfylltum hjólbörðum á aldrei að geyma standandi á grasi vegna þess að þá eru miklar líkur á að dekkin fúni. Ef enginn annar staður er til að geyma tækið en á grasi er gott að setja flatan stein, hellu eða spýtu undir hjólin. Ekki er verra að setja tækið á búkka svo að þunginn sé ekki allur á dekkjunum og einnig að við langa stöðu tækja getur komist raki inn í legur hjóla og hjólalegur geta skemmst. Annað dæmi er um að vélsleði sem stóð á túni í nokkurn tíma og var gangsettur, en þegar átti að keyra af stað var beltið eftir á grasinu og vélsleðinn fór ekki nema hálfa lengd vélsleðans vegna þess að beltið hafði fúnað við að standa á grasinu og slitnaði. Það er ekkert óeðlilegt að hjólbarðar missi loftþrýsting, sérstaklega í slöngulausum dekkjum, felgur orðnar gamlar, farnar að ryðga og tærast þá lekur oft út loft á milli dekks og felgu. Passa þarf vel upp á að dekk standi aldrei undir þunga loftlaust (sprungið dekk), þá tekur það mjög stuttan tíma að eyðileggjast þar sem að í dekkið myndast brot og þræðirnir inni í dekkinu rofna og styrkurinn er farinn úr dekkinu.




*Hægt er að lengja líf rafgeyma mikið með réttri meðferð*

Rafgeymavandamál kannast margir. við. Ég hafði samband við Arnar Tryggvason, vörustjóra hjá N1, og fékk hjá honum góðar upplýsingar um meðferð rafgeyma. Þegar tæki fer í lengri geymslu skal aftengja geymapóla, í það minnsta pólinn og hlaðið geyminn á 2 mánaða fresti með viðurkenndu góðu hleðslutæki eða hafið hann tengdan við vaktara af réttri stærð. Ekki láta rafgeyma standa á köldu gólfi innandyra, best er að hafa sama hitastig á öllum rafgeyminum. Rafgeymi skal geyma á köldum stað til að minnka sjálfafhleðslu. Fylgjast þarf vel með vatni á neyslurafgeymum. Hafa póla vel hreina og smurða með pólafeiti og helst lakka yfir með pólalakki, það minnkar hættu á „spanskgrænu“. Ef að tæki er ítrekað rafmagnslaust skal gæta að eftirfarandi:

Er hleðsla nóg? – Er tæki keyrt nógu lengi til að vinna upp hleðslu? – Er lekastraumur of mikill? (eðlilegur lekastraumur í bíl er um 0,03 mAmp). Muna þarf að hlaða vel rafgeymi fyrir notkun eftir langa geymslu. Hafa ber í huga að sjálfafhleðsla rafgeymis getur verið allt að 10% á mánuði.


Einar Ben.
RESTAURANT & BAR
Glæsilegur og rómantískur veitingastaður í sögufrægu húsi í hjarta borgarinnar við Ingólfstorg
Borðapantanir í síma
511 5090
www.einarben.is

## Lesendabás

# Hvernig ræðir maður það sem máli skiptir?




**Út er komin hjá Veröld bókin Erfið samskipti eftir Douglas Stone, Bruce Patton og Sheilu Heen.**

Hvernig biður maður um launahækkun? Slítur löngu sambandi? Biðst afsökunar?

Daglega reynum við að sneiða hjá erfiðum samskiptum, bæði í einkalífi og starfi. Við forðumst að vekja máls á því sem okkur finnst óþægilegt. En oftar en ekki eru þetta þýðingarmestu samtölin sem við eigum.

Í þessari áhugaverðu bók er að finna aðgengilegar og vel ígrundaðar leiðir til að taka þátt í erfiðum samtölum með það að markmiði að finna lausnir sem allir geta verið sáttir við.

Höfundarnir eru kennarar við Harvard-háskóla og hafa sérhæft sig í samskiptum, sáttaumleitunum og lausn deilumála. Jóhann G. Ásgrímsson þýddi.

Erfið samskipti er 258 blaðsíður að lengd. Jón Ásgeir hannaði bókarkápuna og Eyjólfur Jónsson sá um umbrot. Bókin er prentuð í Ísafoldarprentsmiðju.

# KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

## Líf og lyst

### BÆRINN OKKAR



**Árið 2003 tókum við jörðina Syðri-Grund á leigu, upphaflega ætluðum við að kaupa bara bústofninn sem er sauðfé en fengum ekki að flytja hann af jörðinni og rekum við því bú á tveimur jörðum, Hrafnabjörgum sem við keyptum 1998 og Syðri-Grund. Síðan þá höfum við verið að fjölga fénu.**



Sigurður Árnason og Ólöf Kristín Einarsdóttir.



Skvísa og Skuggi.






**Býli:** Syðri-Grund.

**Staðsett í sveit:** Í Húnavatnshreppi í Austur-Húnavatnssýslu.

**Ábúendur:** Sigurður Árnason og Ólöf Kristín Einarsdóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Við eigum fjögur börn; Ingimar Axel 1981, Kristrún Huld 1984, Anna Þóra 1989 og Eydís 1995. Gæludýrin eru Skvísa og Skuggi sem eru smalahundarnir á bænum og kettirnir Nala og Keli.

**Stærð jarðar?** Um það bil 500 ha.

**Gerð bús?** Sauðfjárbú og hross.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** Um 700 fjár og 36 blóðmerar og nokkur trippi til viðhalds stofninum.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Verkin eru breytileg eftir árstímum og alltaf nóg að gera.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Sauðburður, merarnar kasta, sláttur og smalamennskur þegar vel viðrar er ávallt skemmtilegt, leiðinlegasta sem hægt er að gera er að skafa grindurnar í fjárhúsunum enda er maður kauplaus við það.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Það er spurning.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Félagskerfið er í ágætu lagi en bændaforystan er ekki nógu beitt í því að svara nógu hátt þeim árásum sem bændur verða fyrir.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Það fer eftir því hvernig við getum nýtt aukna tollkvóta til Evrópusambandsins og hvernig við stöndumst aukna samkeppni vegna aukins innflutnings á landbúnaðarafurðum.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Hreinleiki afurðanna og lítil lyfjanotkun og ósnortin víðáttan sem t.d. sauðfé og hross alast upp við.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Mjólk, smjör, ostur, ab-mjólk og lýsi.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Lambakjöt í ýmsum útfærslum og Svínavatnssilungur steiktur á pönnu.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Þegar við keyptum fyrstu lífgimbrarnar.



### MATARKRÓKURINN – BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

# Kartöflur, kjöt og kökur klikka aldrei

**Nú er síðasti séns að bjarga haustuppskerunni í hús þar sem haustlægðirnar stefna á landið. Margir eru með tilraunarækt á ýmsu grænmeti og fá góða uppskeru. Hægt er að fá fjölbreytt fræ í garðyrkjuverslunum og með æfingunni er hægt að ná góðum tökum á ræktuninni og fá viðunandi uppskeru.**

Marglitt grænmeti og rótargrænmeti þekkist víða á Norðurlöndunum, t.d. jarðskokkar, steinseljurót og nípur. Það gefur salatinu og lífinu lit. Ef ræktunaráhuginn er ekki fyrir hendi á heimilinu fást þessar grænmetistegundir í öllum betri matvöruverslunum. Sólheimar í Grímsnesi hafa boðið til sölu marglita tómata sem hafa slegið í gegn.



Pipruð nautasteik með pönnusósu og ristuðum jarðskokkum.



Nýjar kartöflur.



Súkkulaðismákökur.

#### Nýjar kartöflur og laukur í eldföstu fati

- 16 stk. hnetukartöflur eða nýjar íslenskar, skornar í tvennt.
- 12 stk. perlulaukur, skrældur
- 375 ml (1½ bolli) kjúklingasoð (vatn og kraftur)
- 30 g (2 msk.) smjör
- 15 ml (1 msk.) hunang
- 1 sítróna, börkur og safi
- 2 msk. hökkuð steinselja
- salt og pipar

**Aðferð**
Sameinið öll innihaldsefni nema steinselju í pott. Bætið við salti og pipar.

Komið upp suðu. Setjið lok á pottinn (fatið) og látið malla um 10 mínútur. Fjarlægið lokið. Haldið áfram að elda þar til kartöflurnar er mjúkar í miðju og soðið farið að þykkna. Skreytið með steinselju eða öðru grænu kryddi, spínati eða grænkáli og smakkið til með salti og pipar. Framreiðið í eldföstu fati.

#### Pipruð nautasteik með pönnusósu og ristuðum jarðskokkum

- 1 nautapiparsteik, skorin í um 200 g á mann
- 2 tsk. mulinn svartur pipar
- 50 g af smjöri
- salt og pipar
- 2 dl rauðvín
- pönnusósa
- 300 g rifsber
- 2 perur
- 1 laukur
- 1 hvítlauksrif
- ½ tsk. mulinn kanill
- 2 msk. rifsberjahlaup
- 1 msk. hunang
- 2 dl rauðvín
- 5 dl nautakraftur
- smá smjör
- 500 g af Jerúsalem ætiþistlar eða jarðskokkum (má skipta út fyrir kartöflur)
- ólífuolía
- hökkuð steinselja

**Aðferð**
Nuddið kjötið með salti og vel af pipar. Brúnið kjötið á pönnu setjið svo í ofninn á 180°C í um 10 mínútur. Takið út og leyfið að hvíla fyrir framreiðslu. Snúið niður hitann í 160°C fyrir upphitun.

Hellið rauðvíni í pönnuna sem kjötið var brúnað í. Perur og laukur er skorinn í bita og steikt í smjöri með kanil. Bætið berjum og sultu í og eldið í um 5 mínútur. Þá er blandan sigtuð og kryddað með salti og pipar og rauðvíninu. Hrærið í klípu af smjöri í sósuna rétt áður en bera á fram.

Jerúsalem ætiþistlana er best að meðhöndla eins og kartöflur og hreinsa með grænmetisbursta. Ef þeir eru tiltölulega ferskir er ekki nauðsynlegt að afhýða þá. Skerið í grófar sneiðar og steikið þá léttgullna í olíu. Kryddið með salti og pipar og skreytið með steinselju. Hitið kjötið, skerið í sneiðar og raðið á fat. Berið fram með sósu og ætiþistlum. Skreytið með hráum sneiðum af röndóttum rófum (candy stripe).

#### Súkkulaðismákökur

- 220 g smjör
- 200 g púðursykur
- 180 g sykur
- 15 g salt
- 5 g lyftiduft
- 20 g vanilludropar
- 2 heil (100g) egg
- 400 g hveiti
- 300 g mjólkursúkkulaði, 40%, hakkað (eða 2 plötur dökkt súkkulaði, t.d. íslenskt hágæða Omnom súkkulaði)

**Aðferð**
Í hrærivélaskál með spaða, sameinið smjör, púðursykur, sykur, lyftiduft og salt.

Blandað á meðalhraða í tvær mínútur.

Aukið hraðann í tvær mínútur til viðbótar. Skafið niður hliðar. Deigið ætti að vera fölgulbrúnt á lit með þeyttri áferð. Þá er tími til að bæta vanilludropum út í.

Bætið eggjum við, eitt og eitt í einu saman við smjörblönduna.

Aukið hraðann og blandið í aðra mínútu eða svo eða þar til eggin eru að fullu samfelld við deigið.

Bætið í hökkuðu súkkulaði og hveiti í blönduna. Blandið þar til allt hveiti er samfellt. Hitið ofninn í 180°C. Setjið smjörpappír á bakka og smákökurnar á hann. Gott að láta hvíla í að minnsta kosti 15 mínútur. (Hægt er að þrífa eldhúsið í millitíðinni!)

Bakið kökur í 13 til 14 mínútur við 180°C.

Látið hvíla í um 10 mínútur eða svo. Gæti verið erfitt en áferðin mun breytast og kökurnar harðna þegar þær kólna. Köld mjólk er skyldudrykkur með súkkulaðismákökunum.

PRJÓNAHORNIÐ garn@garn.is

# Leikskólagallinn grallari

**Garnið í þennan fallega galla er 100% Merino Ull sem stingur ekki, mjúk og góð að vera í. Fæst í verslun okkar Handverkskúnst, á Nýbýlavegi 32, Kópavogi og í netversluninni www.garn.is.**

**Stærðir:**

Uppskrift fyrir 1 árs birtist hér, aðrar stærðir fást hjá Handverkskúnst (www.garn.is)

**Garn:** Kartopu Merino Ull fæst hjá Handverkskúnst í 14 litum

- Litur A: kme435 – 3 dokkur
- Litur B: kme409 – 1 dokka
- Litur C: kme892 – 1 dokka

**Prjónar:** hringprjónn 40-60 sm nr 5,5 og sokkaprjónar nr 5 og 5,5 eða sú prjónastærð sem þarf til að fá 18 lykkjur = 10 sm á prjóna nr 5,5.

**Aðferð:**

Skálmar eru prjónaðar fyrst og síðan sameinaðar á hringprjón og bolur prjónaður í hring. Ermar prjónaðar og sameinaðar búk. Berustykki prjónað og síðast hettan sem er prjónuð fram og til baka.

Einnig hægt að prjóna búkinn og berustykki fram og til baka ef þú vilt losna við að klippa gallann upp eftir á.

**Styttar umferðir:** Nauðsynlegt er að vefja garninu um lykkjuna sem er næst á eftir áður en snúið er við til að forðast að gat myndist. Setjið bandið fram fyrir prjóninn, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, vefðu garninu um lykkjuna með því að færa það aftur fyrir og færðu lykkjuna aftur yfir á vinstri prjón. Endurtakið þetta í hverjum viðsnúningi.

**Útskýringar:**

S = prjónið slétt

B = prjónið brugðið

L = lykkja/ur

Umf = umferð

PM = prjónamerki

**Skálmar:** Fijið upp á prjóna nr 5 með lit A 30L og prjónið storff 1S, 1B, 12 umferðir, aukið út um 10L jafnt yfir í síðustu umf. Skiptið yfir á prjóna nr 5,5 og prjóna munstur 1. Prjónið áfram slétt í hring með lit A og aukið út um 1L sitthvoru megin við upphaf og endi umferðar í 5. hverri umf þar til 56L eru á prjóninum. Prjónið áfram slétt þar til skámin mælist 28 sm. Geymið stykkið og prjónið hina skámina eins.

Sameinið skálmar á hringprjón = 112 lykkjur, setjið prjónamerki við samskeyti þar sem skálmarnar



